


skoðun 14

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Íþróttavörur




NÝTT HAGKAUPSBLAÐ
fylgir með fréttablaðinu
í dag!




ÞITT

# FRÉTTABLAÐIÐ

FIMMTUDAGUR

13. maí 2010 — 111. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000



## Karlarnir hvöttu mig til að taka við starfinu

*Kristín Steinsdóttir, formaður Rithöfundasambandsins.*

**tímamót 16**

## Fer með til Noregs

*Halldór Eiríksson, unnusti söngkonunnar Heru Bjarkar, segist vera laumuaðdáandi Eurovision-söngkeppninnar.*

**fólk 30**



## Valur hefur titilvörnina

*Keppni í Pepsi-deild kvenna hefst í dag.*

**sport 26**

## veðrið í dag




**VÆTA NORÐAN TIL** Í dag verða norðan eða norðaustan 8-13 m/s, en hægari S- og A-lands. Væta N-til en annars úrkomulítið og bjart með köflum SV-lands. Hiti 4-12 stig.

**veður 4**

# Mergsugu Glitni í eigin þágu

**Hópur þekktra íslenskra viðskiptamanna undir stjórn Jóns Ásgeirs Jóhannessonar hefur verið krafinn um 260 milljarða í máli sem á sér enga hliðstæðu í Íslandssögunni. Eignir Jóns Ásgeirs um heim allan kyrrsettar.**

**EFNAHAGSBROT** Sýslumaðurinn í Reykjavík tekur afstöðu til beiðni slitastjórnar og skilanefndar Glitnis um kyrrsetningu eigna Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, Lárusar Welding og Pálma Haraldssonar strax eftir helgi, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Verði sýslumaður við beiðninni má gera ráð fyrir að allar eignir þremenninganna hér á landi verði frystar, þar á meðal 45 prósent eignarhlutur Jóns Ásgeirs í Gaumi og eignarhlutur Pálma í Iceland Express auk annarra eigna þeirra hér á landi.

Skilanefnd og slitastjórn Glitnis stefndu í fyrradag Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og sex öðrum fyrrverandi stjórnendum og eigendum bankans til greiðslu hátt í 260 milljarða króna. Þeir eru sakaðir um samsæri um að ræna bankann innan frá og nota féð til að bjarga eigin fallandi fyrirtækjum.

Stefnan beinist að Jóni Ásgeiri og konu hans Ingibjörgu Pálmadóttur, Lárusi Welding, fyrrverandi forstjóra Glitnis, Þorsteini Jónssyni, áður stjórnarformanni bankans, Jóni Sigurðssyni hjá FL Group, Pálma Haraldssyni í Fons og Hannesi Smárasyni.

Samkvæmt heimildum blaðsins mun stjórn Stoða, áður FL-Group, fara yfir stöðu Jóns Sigurðssonar, forstjóra félagsins, í kjölfar stefnunnar. Ekki náðist í Eirík Elís Þorláksson, stjórnarformann Stoða, í gær.

Í stefnunni er því lýst hvernig eigendur Glitnis hafi raðað mönnum sér hliðhollum í stjórn bankans. Stjórnin hafi svo í kjölfarið skipt út reyndum forstjóra, Bjarna Ármannssyni, fyrir Lárus Welding, sem hafi verið lítt reyndur og að mestu fylgt fyrirmælum Jóns Ásgeirs.

Jón Ásgeir og aðrir stefndu hafi náð stjórn yfir bankanum og notað áhrif sín til að láta bankann lána milljarða Bandaríkjadala til aðila þeim tengdum.

Ástæða þess að sjömenningunum er stefnt í New York er skuldabréfaútboð sem þar fór fram í september 2007. Stefndu eru sakaðir um að hafa leynt skuldbindingum bankans við eigendur og aðila þeim tengdum, til að laða fjárfesta frekar að útboðinu. Alls safnaðist einn milljarður Bandaríkjadala í útboðinu.

Jón Ásgeir Jóhannesson svaraði ekki skilaboðum Fréttablaðsins í gær. Ingibjörg S. Pálmadóttir, eiginkona hans, sagði: „Við vitum jafn lítið og þið."

Þá er endurskoðendafyrirtækinu PriceWaterhouseCoopers stefnt fyrir að liðka til og aðstoða við ólögmæt framferði eigenda og stjórnenda bankans.

-kh, -sh / sjá síður 4,6 og 8




**FYRIR UTAN DÓMSALINN** Einn var handtekinn þegar til stimpinga kom milli lögreglu og mótmælenda fyrir utan stærsta dómsal Héraðsdóms Reykjavíkur í gær. Þar var tekið fyrir mál á hendur nímenningum sem sakaðir eru um að hafa gert árás á Alþingi í desember 2008. Sjá síðu 10

Meirihluti í Árborg á bláþræði:

## Sjálfstæðisflokkur með meirihluta

**KÖNNUN** Sjálfstæðisflokkurinn fengi meirihluta bæjarfulltrúa í sveitarfélaginu Árborg samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem gerð var í gærkvöldi.

Vinstri græn fengju tvo bæjarfulltrúa samkvæmt könnuninni, en eru með einn í dag. Samfylking fengi samkvæmt könnuninni einn bæjarfulltrúa, en er með tvo í dag. Framsóknarflokkur missir líka annan af tveimur bæjarfulltrúum sínum.

Þessir þrír flokkar mynda í dag meirihluta með fimm bæjarfulltrúa af níu í Árborg. Meirihlutinn er því fallinn samkvæmt könnuninni. Afar litlu munar þó að Samfylkingin nái öðrum bæjarfulltrúa á kostnað fimmta bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Gerist það myndi meirihlutinn halda. Allt stefnir því í afar spennandi kosningar í Árborg.

- bj / sjá síðu 12

Kaffirjómi

Frábær út í kaffið og til matargerðar.




ms.is

Lundúnalögreglan hefur ekki hafnað handtöku Sigurðar Einarssonar formlega:

# Ráðherra ekki borist synjun

**LÖGREGLUMÁL** Dómsmálaráðuneytið hafði í gær enga tilkynningu fengið um það frá Lundúnalögreglunni að ekki yrði orðið við þeirri beiðni sérstaks saksóknara að Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings, verði handtekinn og framseldur til Íslands.

RÚV greindi frá því í gærkvöldi að umleitaninni hafi verið hafnað vegna þess að aðild Íslendinga að Evrópusamningi um handtöku og framsal grunaðra eða dæmdra manna hefði ekki verið lögfest hér á landi. Sé slíkri beiðni hafnað þarf að tilkynna um það formlega til alþjóðadeildar Ríkislögreglustjóra, sem aftur tilkynnir það rakleiðis til dómsmálaráðuneytisins.

Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra bendir á að í gildi sé annar framsalssamningur sem oft hafi verið beitt gagnvart Bretum. Komi í ljós að lögfesting Evrópusamningsins standi íslenskum yfirvöldum fyrir þrifum þurfi hiklaust að hraða lögfestingunni. „En ef þeir hafna framsali þá getur samt sem áður hvílt á þeim skylda til að veita okkur réttaraðstoð sín megin."

Ingólfur Helgason, áður forstjóri Kaupþings á Íslandi, var í gær úrskurðaður í vikulangt gæsluvarðhald, og Steingrímur Kárason, áður yfirmaður áhættustýringar bankans, í farbann fram yfir helgi. - sh






## SPURNING DAGSINS



*Árni Páll, á bara að keyra þetta mál í gegn?*

„Já, en Alþingi ræður hraðanum.“

Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra hefur um nokkurra vikna skeið staðið í viðræðum við bílalánafyrirtækin um afskriftir erlendra bílalána og breytingar á þeim í íslenskar krónur. Hann lagði málið fyrir á Alþingi í gær.

Hæstiréttur lækkar bætur sem Bjarka Má Magnússyni er gert að greiða þolanda:

# Átta ára fangelsi yfir níðingi staðfest

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær átta ára fangelsisdóm yfir Bjarka Má Magnússyni fyrir hrottafengið ofbeldi gegn sambýliskonu sinni um árabil. Málið á sér enga hliðstæðu í íslenskri réttarsögu.

Bjarki er dæmdur fyrir að hafa í fimm skipti á árunum 2006 til 2007 ráðist á konuna með ofbeldi, sem olli henni stórfelldu heilsutjóni, að því er fram kom í ákæru.

Maðurinn neyddi einnig konuna, „með hótunum og annars konar ólögmætri nauðung“, til kynmaka með ókunnugum mönnum, oft mörgum í einu. Bjarki ýmist ljósmyndaði ofbeldið eða tók það upp á myndband og var iðulega þátttakandi í því sjálfur. Alls var um fimmtán skipti að ræða með ellefu mönnum utan hans sjálfs. Þá var hann dæmdur fyrir að ráðast á föður sinn.



BJARKI MÁR MAGNÚSSON

Bætur til konunnar voru hins vegar lækkaðar úr 3,8 milljónum í þrjár.

Bjarki hefur aldrei setið í gæsluvarðhaldi vegna málsins og gengur enn laus. Það er mjög óvenjulegt þegar menn hafa hlotið svo þunga dóma fyrir svo alvarleg afbrot.

Páll Winkel fangelsismálastjóri segir í samtali við Fréttablaðið að Bjarki Már fari af þeim sökum fremst í forgangsröðina hjá þeim nú. Hann fari rakleiðis í afplánun þegar pláss losnar. Ekki sé þó ljóst hvenær það verður. **- sh**

Ákærður fyrir líkamsárás:

# Stakk í brjóst konu með hnífi

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært karlmann um sjötugt fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás.

Maðurinn er ákærður fyrir að hafa, að morgni laugardagsins 11. apríl 2009, stungið konu með hnífi í brjóstið, með þeim afleiðingum að hún hlaut 2,5 sentimetra stungusár á framanverðu brjóstholi, loftbrjóst og loft í miðmæti.

Konan gerir einkaréttarkröfu í málinu. Hún krefst skaðabóta að upphæð ríflega tvær milljónir króna. **- jss**




Lestur dagblaða eykst:

# Meiri lestur í tíð stórfrétta

**FJÖLMIÐLAR** Lestur Fréttablaðsins á landsvísu í apríl jókst um þrjú prósent miðað við apríl í fyrra meðan lestur Morgunblaðsins dróst saman um þrettán prósent. Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýrri lestrarkönnun Capacent Gallup. Meðallestur á tölublað Fréttablaðsins mælist 64 prósent á landsvísu, en 34,8 prósent hjá Morgunblaðinu.

Milli kannana eykst lestur á bæði blöð, Fréttablaðsins um tvö prósent og Morgunblaðsins um átta. Á könnunartímanum var margt stórfrétta, eldgos og útgáfa rannóknarskýrslu Alþingis og ekki ólíklegt að þær hafi haft áhrif á notkun fjölmiðla. **- óká**

# Her skotveiðimanna skaut 700 svartfugla

**Þrjátíu manna hópur úr Hinu íslenska byssuvinafélagi skaut sjö hundruð svartfugla í nágrenni Látrabjargs. Leigður var hvalaskoðunarbátur til fararinnar sem lýst er sem ævintýralegri. Listakokkur annaðist villibráðarveislu í Svefneyjum.**

**SPORTVEIÐI** „Fuglinn var vel haldinn,“ segir Haukur Snorrason, einn félagsmanna Hins íslenska byssuvinafélags, sem 1. maí efndi til hópferðar til að skjóta svartfugl undir Látrabjargi.

Byssuvinirnir tóku hvalaskoðunar- og sjóstangveiðibátinn Andreu á leigu í Stykkishólmi og sigldu þaðan út Breiðafjörðinn og í nágrenni Látrabjargs. Þar segir Haukur að mikið sé af fugli á þessum tíma.

„Um borð voru 26 skyttur sem skiptu sér í þrjú holl sem skiptust á um að vera í stafni og skjóta þegar skipstjórinn gaf merki. Síðan tíndi Zódíak-gúmmíbátur fuglana upp.“

Að sögn Hauks var afraksturinn á bilinu 600 til 700 fuglar, mest álka en einnig eittvað af lunda og langvíu. Það sé ágætt miðað við að aðeins hafi verið veitt í þrjár til fjórar klukkustundir. Veiðitímabilinu á svartfugli lauk í byrjun vikunnar enda varp að hefjast.

Eftir veiðina var Andreu snúið inn á Breiðafjörðinn aftur þar sem gist var í Svefneyjum. Úlfar Finnbjörnsson listakokkur var einn leiðangursmanna og reiddi fram kræsingar í næturstað. „Það var borðað úti í mildu veðri undir vorhimni. Það var ævintýrablær yfir allri þessari ferð,“ segir Haukur.

Hið íslenska byssuvinafélag hefur starfað frá árinu 1992. Stór ferð í líkingu við þessa sem hér er sagt frá hafi þó aðeins einu sinni verið farin. Það var fyrir þrettán árum. Haukur segir félagið stofnað utan um áhuga félagsmanna á byssueign, byssusmíði og -söfnun og skotveiði. „Þetta er skemmtileg blanda manna úr öllum stigum þjóðfélagsins,“ segir Haukur Snorrason. **gar@frettabladid.is**



**VÍGALEGUR MANNSKAPUR** Eitt þriggja holla liðsmanna Hins íslenska byssuvinafélags bíður átekta í stafni hvalaskoðunarskipsins Andreu eftir að skipstjórinn gefi merki um að hefja svartfuglsveiðarnar. MYND/HAUKUR SNORRASON

> Um borð voru 26 skyttur sem skiptu sér í þrjú holl sem skiptust á um að vera í stafni og skjóta þegar skipstjórinn gaf merki. Síðan tíndi Zódíak-gúmmíbátur fuglana upp.
>
> HAUKUR SNORRASON FÉLAGI Í HINU ÍSLENSKA BYSSUVINAFÉLAGI



**VILLIBRÁÐARVEISLA Í SVEFNEYJUM** Úlfar Finnbjörnsson listakokkur var með í för og reiddi hann fram kræsingar á næturstað leiðangursmanna. MYND/HAUKUR SNORRASON



**MÓTMÆLT Í UPPSÖLUM** Mótmælendur í fundarsalnum þar sem Lars Vilks hélt erindi í Uppsalaháskóla í Svíþjóð á þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Teiknari hraktist úr fundarsal:

# Skrámaðist í mótmælum

**SVÍÞJÓÐ, AP Sænski teiknarinn Lars Vilks vonast til að fá boð um að endurflytja fyrirlestur um málfrelsi við Uppsalaháskóla. Hann varð frá að hverfa á þriðjudag vegna mótmæla múslima á fundarstað.**

**Vegna friðsamlegra mótmæla utan dyra voru lögreglumenn í salnum, en þar kom til átaka. Vilks var skallaður í andlitið og gleraugu hans brotnuðu. Hann sakaði þó lítið.**

**Vilks hefur fengið hótanir eftir birtingu myndar hans af spámanninum Múhameð í hundslíki. Í fyrra var flett ofan af samsæri um að myrða hann. - óká**

## SVEITASTJÓRNARMÁL

### Tveir listar í Strandabyggð

Tveir framboðslistar verða í Strandabyggð í komandi sveitarstjórnarkosningum, annars vegar J-listi: Listi félagshyggjufólks og V-listi: Listi Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs.

## LÖGREGLAN

### Sjö ökumenn í fíkniefnum

Sjö voru teknir á höfuðborgarsvæðinu um helgina fyrir að aka undir áhrifum fíkniefna, sex karlar og ein kona. Einn hafði þegar verið sviptur ökuleyfi, annar hafði aldrei fengið ökuréttindi og sá þriðji var á stolnum bíl.

Dómari tók sólarhringsfrest:

# Meintir hrottar áfram í gæslu

**DÓMSMÁL** Tveir menn sem grunaðir eru um að hafa ráðist á 64 ára mann, eiginkonu hans og dóttur við heimili þeirra í Reykjanesbæ 3. maí síðastliðinn, hafa verið úrskurðaðir í áframhaldandi gæsluvarðhald til 8. júní.

Dómari við Héraðsdóm Reykjaness tók sér sólarhringsfrest til að taka afstöðu til kröfu lögreglustjórans á Suðurnesjum um áframhaldandi gæsluvarðhald yfir mönnunum. **- jss**




Fyrsta samsteypustjórnin í 65 ár lítur dagsins ljós:

# Ráðist í mikinn niðurskurð hjá hinu opinbera

**BRETLAND, AP** Fimm ráðherrar í nýrri ríkisstjórn Davids Cameron, leiðtoga Íhaldsflokksins í Bretlandi, koma úr röðum Frjálslyndra demókrata.

Gengið verður frá formlegri stjórnarmyndun á næstu dögum. Fyrir liggur að Nick Clegg, leiðtogi Frjálslyndra demókrata, verður aðstoðarforsætisráðherra.

Þá liggur fyrir að náinn félagi Davids Cameron, George Osborne, verður fjármálaráðherra, og William Hague, fyrrverandi leiðtogi Íhaldsflokksins, tekur við embætti utanríkisráðherra. Samsteypustjórn Íhaldsflokksins og Frjálslyndra demókrata er fyrsta samsteypustjórnin í Bretlandi í 65 ár.

Cameron hefur þegar lofað því að innan 50 daga verði lögð fram neyðarfjárlög, en nýja stjórnin vill hraða opinberum niðurskurði. Spara á sex milljarða punda (1.150 milljarða króna) á fjárlagaárinu sem lýkur í apríl.

Þá ætlar nýja stjórnin að stokka upp kosningakerfi landsins, en það var ein af kröfum Frjálslyndra demókrata í stjórnarmyndunarviðræðunum.

Nýr utanríkisráðherra, William Hague, hefur líka boðað að tengslin við Bandaríkin verði „traust en ekki þrælsleg“ og að Evrópusambandinu verði ekki gefin eftir frekari völd án þjóðaratkvæðagreiðslu. **- óká**



**NÝ STJÓRN HANDSÖLUÐ** David Cameron tekur í höndina á Nick Clegg fyrir utan Downingstræti 10 í Lundúnum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# TAX FREE!

## ÖLL GRILL OG ALLAR GARÐPLÖNTUR

# TAX FREE!

Aðeins í dag!




## TAX FREE ALLAR GARÐPLÖNTUR

SUMARBLÓM - TRJÁPLÖNTUR - FJÖLÆRAR PLÖNTUR - GARÐRÓSIR




**TILBOÐ GILDA AÐEINS Á UPPSTIGNINGAR-DAG**

**OPIÐ Í DAG**

| | |
|---|---|
| Skútuvogur | 10-19 |
| Grafarholt | 10-18 |
| *Timburmiðstöðin Grafarholti er opin* | |
| Reykjanesbær | 12-17 |
| Akranes | 12-16 |
| Akureyri | 12-17 |
| Egilsstaðir | 10-14 |
| Selfoss | 10-16 |

Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til Ríkissjóðs

Látum verkin tala!

blómaval

HÚSASMIÐJAN

Stefna á hendur fyrrverandi eigendum og stjórnendum Glitnis

## Gerði athugasemd við lán til Stíms

Af stefnu slitastjórnar Glitnis virðist sem bankastjórnin og æðstu stjórnendur hafi virt gagnrýni að vettugi. Þá hafi þeir sem gert hafi athugasemdir við lánveitingar bankans verið beittir þrýstingi. Í stefnunni er tekið sem dæmi að Erlendur Magnússon, sem sæti átti í áhættunefnd Glitnis, setti sig upp á móti 725 milljóna króna láni til Stím. Samkvæmt því sem lesa má úr stefnunni dró hann greiðsluhæfi Stíms í efa og benti á að félagið gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar nema ef markaðsaðstæður bötnuðu. Erlendi var bent á að Lárus Welding hefði þegar samþykkt lánveitinguna og gengi hún í gegn. Þegar Erlendur hélt áfram að gera athugasemdir við lánveitingar Glitnis var hann kvaddur á fund Lárusar Welding, sem þrýsti á Erlend. Svipuðu máli gegnir um aðra sem gagnrýndu lánveitingar til félags með lítið ef nokkurt greiðsluhæfi. Erlendur vildi ekki tjá sig um málið þegar Fréttablaðið leitaði eftir því í gær. - jab

Fjármögnun á kaupum á TM algjörlega fráleit:

# Gaf út rangar yfirlýsingar

Opinberar yfirlýsingar Glitnis þess efnis að bankinn hygðist selja hlutabréf í FL Group, sem hann hafði nýverið eignast, til ótengdra aðila, voru rangar, að því er kemur fram í stefnunni.

Málið tengist kaupum FL Group á Tryggingamiðstöðinni. Stjórnendur gerðu sér grein fyrir því að fjármögnun bankans mundi auka fjárhagsleg tengsl hans við FL Group, stærsta hluthafa bankans. Því var sú leið farin að fela fjármögnunina í sölu á hlutabréfum FL Group, að því er segir í stefnunni.

„Hinir stefndu tóku því þátt í blekkingarleik sem gerði þeim kleift að flytja fjárhagsleg tengsl við tengda aðila, sem voru orðin mikil, yfir á aðra aðila, án þess að opinbera sannleikann. Kaupin á TM voru algjörlega fráleit fyrir bankann frá efnahagslegu sjónarmiði,“ segir í stefnunni. Þar segir einnig að af viðskiptunum hafi hlotist 25,75 milljarða króna tap fyrir bankann.

Fléttan var í fimm stigum og hófst á því að Glitnir lánaði Kjarrhólma, dótturfyrirtæki FL Group, fjármagn til að kaupa 38 prósent hlut í TM. Bankinn lánaði FL Group síðan fjármuni til að kaupa út aðra hluthafa í Kjarrhólma. Í september 2007 keypti bankinn 39,8 prósent af hlutabréfum í TM. Í fjórða stiginu seldi Glitnir hlutabréfin til FL Group, í skiptum fyrir hlutabréf í því fyrirtæki. Að lokum hafi verið látið líta út fyrir að dregið hafi verið úr áhættu, með því að flytja eignarhlutinn í önnur félög tengd Jóni Ásgeiri Jóhannessyni. - kóp

## Héldu leyndu

Áhættunefnd Glitnis heyrði fyrst af kaupum bankans á 39,8 prósenta hlut í TM viku eftir að þau fóru fram. Samþykkis lánanefndar bankans var ekki leitað fyrr en sex vikum eftir kaupin, eða 15. október 2007.



TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN Í stefnunni er fullyrt að fjármögnun Glitnis á kaupum á Tryggingamiðstöðinni hafi verið falin með blekkingum. Það hafi kostað bankann tæpa 26 milljarða króna. FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL



ALLT Í SÖLURNAR Steinunn Guðbjartsdóttir sagði á blaðamannafundi um málið í gær að slitastjórnin myndi gera allt sem í hennar valdi stæði til að endurheimta féð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Mál án hliðstæðu

**Formaður slitastjórnar Glitnis ætlar að gera allt til að endurheimta milljarðana 260 sem Jón Ásgeir Jóhannesson og klíka hans sogaði út úr bankanum. Stefndu gætu verið knúnir í gjaldþrot ef þeir eiga ekki nægar eignir upp í kröfurnar.**

„Ég held að þetta mál eigi sér enga hliðstæðu á Íslandi,“ segir Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður slitastjórnar Glitnis, um stefnu skilanefndar og slitastjórnar Glitnis á hendur Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og sex öðrum fyrrverandi stjórnendum og eigendum bankans til greiðslu á um 260 milljörðum króna. Aðgerðirnar hafa verið í undirbúningi frá því í janúar.

„Þetta eru hærri dómkröfur en hafa nokkurn tíma sést hér og við erum auðvitað að beita öðrum aðferðum heldur en hefur verið beitt annars staðar,“ sagði Steinunn á blaðamannafundi um málið í gær.

Jón Ásgeir furðaði sig á því í gær að málið hefði verið höfðað utan Íslands. Steinunn segir að ákveðið hafi verið að höfða málið í New York eftir vandlega yfirlegu. „Bankinn hefur mjög sterka tengingu við Bandaríkin,“ segir hún. Þar hafi hann ráðist í skuldabréfaútgáfu og hafi auk þess haft þar starfsstöð. „Erlendir sérfræðingar telja að þetta sé rétti vettvangurinn fyrir málsókn af þessu tagi,“ segir Steinunn.

> Ef til þess kæmi að Jón Ásgeir yrði tekinn til gjaldþrotaskipta þá opnast alls konar leiðir til að endurheimta fé í gegnum það.
>
> STEINUNN GUÐBJARTSDÓTTIR
> FORMAÐUR SLITASTJÓRNAR GLITNIS

Aðspurð segist Steinunn eiga erfitt með að meta hversu langan tíma málareksturinn muni taka. Það velti meðal annars á viðbrögðum stefndu og hversu kröftuglega þeir ætli að taka til varna.

Hún segir að slitastjórnin hafi ekki heldur getað gert sér grein fyrir því að svo komnu máli hversu stór hluti kröfufjárhæðarinnar megi vænta að endurheimtist. „En við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til að endurheimta allt það fé sem við getum og leita leiða til að hafa uppi á því ef það er ekki í augsýn,“ segir hún.

Steinunn segir að það sé spurning sem svarað verði síðar hvort stefndu verði knúðir í gjaldþrot ef þeir eiga ekki eignir upp í kröfuna. „En ef til þess kæmi að Jón Ásgeir yrði tekinn til gjaldþrotaskipta þá opnast alls konar leiðir til að endurheimta fé í gegnum það,“ segir hún og vísar meðal annars til riftunarreglna gjaldþrotalaga. Riftunarmál séu í skoðun.

Hún segir jafnframt líklegt að fleiri mál verði höfðuð, þó tæpast af þessari stærðargráðu.

Jón Ásgeir lét hafa eftir sér í gær að stefnan væri „slúðurstefna“ og Steinunn gæti átt yfir höfði sér tíu ára fangelsi fyrir að misnota bandaríska dómstóla. Spurð um þessi ummæli segir Steinunn: „Ég átti nú svo sem ekki von á því að hann yrði ánægður með þetta þannig að viðbrögðin koma mér kannski ekkert sérstaklega á óvart.“ stigur@frettabladid.is






## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**NORÐANÁTT** Það verður norðanátt á landinu í dag með vætu og heldur kólnandi veðri fyrir norðan. Veður verður nokkuð svipað um helgina, norðaustanátt og úrkoma norðaustan til en syðra verður nokkuð bjart og hitinn með ágætum.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 20° |
| Basel | 11° |
| Berlín | 16° |
| Billund | 10° |
| Frankfurt | 16° |
| Friedrichshafen | 11° |
| Gautaborg | 12° |
| Kaupmannahöfn | 12° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 12° |
| Mallorca | 18° |
| New York | 15° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 8° |
| París | 12° |
| San Francisco | 19° |
| Stokkhólmur | 13° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is



sumarferdir.is
Allt innifalið á
Tenerife
Skildu veskið eftir heima
Takmarkaður sætafjöldi
á þessu ótrúlega tilboði!
Fanabe Costa Sur ☆☆☆☆
Herbergi í 1 viku
ALLT INNIFALIÐ
frá 119.899 kr.
m.v. brottför 20. júní
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn
Costa Adeje Gran Hotel ☆☆☆☆☆
Herbergi í 1 viku
ALLT INNIFALIÐ
frá 149.901 kr.
m.v. brottför 20. júní
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn
SUMAR FERÐIR
...eru betri en aðrar
Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu
* Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting með öllu inniföldu.
Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 3.900 kr. fyrir hvern farþega. Birt með fyrirvara um prentvillur.

Stefna á hendur fyrrverandi eigendum og stjórnendum Glitnis

## Ingibjörg sögð „annað sjálf“ Jóns Ásgeirs

- Í stefnu skilanefndar og slitastjórnar Glitnis er því haldið fram að Ingibjörg Pálmadóttir, eiginkona Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, sé í raun eins og „annað sjálf“ Jóns Ásgeirs í viðskiptafléttum hans. Þær eignir sem hún stjórnaði voru í raun undir stjórn Jóns Ásgeirs, og sýna tölvupóstssamskipti að Jón Ásgeir kom beint að stjórn fyrirtækja sem voru í eigu Ingibjargar.
- Auk þess að standa fyrir óeðlilegum lánveitingum til Jóns Ásgeirs og tengdra aðila eru sjömenningarnir, sem stefnt er, sakaðir um að hafa stundað stórfenglega athugaverðar færslur á eigin fé Glitnis frá apríl 2007 til loka þess árs. Í stefnunni segir að færslurnar hafi átt það sameiginlegt að Jón Ásgeir hafi í raun stýrt þeim bak við tjöldin, þær hafi verið hannaðar til að aðilar honum tengdum högnuðust, og að þær hafi verið afar áhættusamar fyrir Glitni. Færslurnar hafi á endanum kostað bankann um tvo milljarða Bandaríkjadala, um 257 milljarða íslenskra króna.



**FORSTJÓRASKIPTIN KYNNT Í APRÍLLOK 2007** Þorsteinn M. Jónsson, stjórnarformaður Glitnis banka, oft kenndur við Kók, kynnir hér til sögunnar nýjan forstjóra bankans í apríllok 2007. Í baksýn má sjá fráfarandi forstjóra, Bjarna Ármannsson, og þann sem við tók, Lárus Welding. Í stefnu á hendur fyrrverandi stjórnendum og eigendum Glitnis er Lárus sagður hafa verið lítt reyndur og hallur undir vilja Jóns Ásgeirs Jóhannessonar. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Sakaðir um að svíkja lánsfé út úr Glitni

**FRÉTTASKÝRING**

Hvað kemur fram í stefnu skilanefndar og slitastjórnar Glitnis á hendur fyrrverandi stjórnendum og eigendum bankans?

Skilanefnd og slitastjórn Glitnis hafa höfðað mál fyrir dómstól í New York í Bandaríkjunum á hendur sjö fyrrverandi eigendum og stjórnendum Glitnis, Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og konu hans Ingibjörgu Pálmadóttur, Lárusi Welding fyrrum forstjóra Glitnis, Þorsteini Jónssyni áður stjórnarformanni, Jóni Sigurðssyni hjá FL Group, Pálma Haraldssyni í Fons og Hannesi Smárasyni.

Stefnan byggir meðal annars á vinnu þýska fjármálarannsóknarfyrirtækisins Kroll sem hófst fyrir tæpu ári.

Sjömenningarnir eru, í harðorðri stefnunni, sakaðir um að hafa með sviksamlegum og ólögmætum hætti haft meira en tvo milljarða dollara af bankanum, jafnvirði 257 milljarða króna. Lýst er hvernig Jón Ásgeir og viðskiptafélagar náðu yfirráðum í Glitni árið 2007 og hvernig þeir náðu peningum út úr bankanum.

„Frá apríl 2007 fram í febrúar 2008 stóðu hinir stefndu, klíka af viðskiptamönnum undir forystu hvítflibbaglæpamannsins Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, fyrir stórfelldu samsæri til að ná stjórn yfir hinum íslenska Glitni banka. Með sviksamlegum hætti hirtu þeir úr bankanum meira en tvo milljarða Bandaríkjadala. Peningarnir runnu í vasa hinna stefndu og voru notaðir til að styrkja stöðu fyrirtækja þeirra, sem stóðu höllum fæti,“ segir meðal annars í stefnunni. Jafnframt segir að þeir einstaklingar sem stefnt var hefðu ekki getað gefið rangar yfirlýsingar um fjárhagsstöðuna, án vitundar og stuðnings endurskoðanda Glitnis, endurskoðunarfyrirtækisins PricewaterhouseCoopers. Um þeirra hlut er fjallað annars staðar í blaðinu.

### „Hvirfilbylsverkefnið“

Jón Ásgeir og viðskiptafélagar hans hófu tilraunir til að ná yfirráðum í Glitni árið 2006, að því er fram kemur í stefnu skilanefndar og slitastjórnarinnar. Hann var þá stjórnarformaður FL Group. Fyrirtækið fékk heimild frá Fjármálaeftirlitinu (FME) í byrjun árs 2007 til að eiga allt að 33 prósenta hlut í Glitni. Engu síður áttu fyrirtæki tengd Jóni Ásgeiri nærri 39 prósent af hlutabréfum Glitnis, að því er fram kemur í stefnunni.

Þetta var hluti af því sem Jón Ásgeir og viðskiptafélagar hans kölluðu „Hvirfilbylsverkefnið“ (e. „Project Tornado“), en markmið þeirra var að eignast allt að 40 prósenta hlut í Glitni.

FL Group fór formlega fram á það við FME hinn 1. júní 2007 að fá ásamt Jötni Holding ehf. heimild til að fara saman með allt að 39,9 prósenta eignarhlut í Glitni. FME hafnaði beiðninni í desember það sama ár, og takmarkaði eignarhlutinn við 32,99 prósent.

Samkvæmt stefnunni var það niðurstaða FME að Jötunn væri tengdur aðili og fyrirtækið væri, ásamt FL Group, að reyna að auka hlut sinn í Glitni og hefðu leynt samstarfi sínu fyrir eftirlitsaðilum og almenningi. Þannig hafi þeir farið á svig við lög um yfirtökur, og í framhaldinu logið að starfsmönnum FME við rannsókn málsins.

Í stefnunni kemur fram að þrátt fyrir að hafa ekki fengið að halda meira en 32,99 prósenta hlut hafi Jón Ásgeir og viðskiptafélagar hans stýrt öllu sem þeir hafi viljað stýra á þessum tíma.

### Leyndu skuldum eigendanna

Þar er því lýst þannig að eigendurnir hafi raðað mönnum sér hliðhollum í stjórn bankans. Stjórnin hafi svo í kjölfarið skipt út reyndum forstjóra, Bjarna Ármannssyni, fyrir Lárus Welding, sem hafi verið lítt reyndur og að mestu fylgt fyrirmælum Jóns Ásgeirs.

Þegar Jón Ásgeir og aðrir stefndu höfðu náð stjórn yfir bankanum misnotuðu þeir áhrif sín til að láta bankann lána jafnvirði milljarða Bandaríkjadala til aðila þeim tengdum, segir í stefnunni.

Vitnað er til þess að frá 1. apríl 2007 til ársloka það sama ár hafi Glitnir lánað 2,2 milljarða Bandaríkjadala til aðila tengdum Jóni Ásgeiri. Lán til tengdra aðila hafi numið 26 prósentum af útlánum Glitnis til fyrirtækja.

Ástæða þess að sjömenningunum er stefnt í New York er skuldabréfaútboð sem þar fór fram í september 2007. Stefndu eru sakaðir um að hafa leynt skuldbindingum bankans við eigendur og aðila þeim tengdum, til að laða fjárfesta frekar að útboðinu. Alls safnaðist einn milljarður Bandaríkjadala í útboðinu.

Í stefnunni segir að starfsfólk Glitnis hafi borið ábyrgð á að tryggja réttar upplýsingar til áhugasamra. Stjórnendur bankans, þar með talinn Lárus Welding, hafi haldið fjölda fjárfestakynninga og átt fjölda símtala, byggð á röngum upplýsingum.

Í upplýsingunum í útboðinu í september var fullyrt að skuldbindingar til aðila tengdum bankanum væru 7,8 prósent af eiginfjárhlutfalli. Raunin hafi verið sú að 30. júní 2007 hafi hlutfallið verið 27,87 prósent. Það hafi síðan verið komið í 56,4 prósent 30. september það sama ár.

### Lánanefndinni ýtt til hliðar

Í stefnu skilanefndar og slitastjórnar Glitnis kemur fram að Jón Ásgeir og tengdir aðilar hafi viljandi og augljóslega brotið gegn skýrum íslenskum lagabókstaf, sem og innri reglum Glitnis. Lán til tengdra aðila hafi verið algerlega fráleit fyrir Glitni og sett bankann í verulega hættu.

Til þess að gera þessa misnotkun mögulega þurftu nýir stjórnendur Glitnis að breyta innri reglum og fara í kringum lánanefnd eftir atvikum. Nefndinni hafi raunar meðvitað verið ýtt til hliðar og í mörgum tilvikum hafi fólk sem sæti átti í nefndinni ekki frétt af stórum lánum til tengdra aðila fyrr en löngu eftir að þau voru samþykkt og veitt.

Stefnendur halda því einnig fram að stjórnendur og eigendur Glitnis hafi meðvitað logið að starfsmönnum FME um áhættuskuldbindingar til tengdra aðila. FME hafi varað Glitni við áhættu af slíkum áhættuskuldbindingum í ágúst 2007.

Lögum samkvæmt máttu slíkar áhættuskuldbindingar til tengdra aðila ekki fara yfir 25 prósent af eiginfjárgrunni. Í stefnunni kemur fram að 20. september 2007 hafi skuldbindingarnar numið í það minnsta 56,4 prósentum af eiginfjárgrunni Glitnis. Í árslok 2007 var hlutfallið komið í 62 prósent.

brjann@frettabladid.is
kolbeinn@frettabladid.is






# Sumarið er komið í BYKO!

## OPIÐ Í DAG
**- uppstigningardag**

| | |
|---|---|
| BYKO Breidd | 11-16 |
| BYKO Grandi | 11-16 |
| BYKO Kauptún | 11-17 |
| BYKO Selfoss | 12-16 |
| BYKO Akureyri | 12-16 |



ÓDÝRT

Gleðilegt sumar

# 20% AFSLÁTTUR
## AF ÖLLU PALLAEFNI, GIRÐINGAEININGUM OG GARÐHÚSUM

Gildir til 16. maí

**Opið í dag í timbursölum BYKO**

| | |
|---|---|
| Breidd ...... 11-16 | Granda ..... 11-16 |
| Kauptún ... 11-17 | Selfoss ...... 12-16 |



## Gaman saman í BYKO Kauptúni!

Pylsa og Pepsi handa öllum og hoppukastali fyrir börnin frá kl. 12-15 í BYKO Kauptúni í dag.






Vnr. 88040056
**Trampolín** 59.900
Trampolín, 4,3 m, með öryggisneti.

Nýtt í BYKO!



**Nuddpottur** 109.000
Upplásinn nuddpottur, 4 sæti. Stærð 180 x 70 cm, þyngd 32 kg tómur og fullur 832 kg. Hitari 1500W, nuddmótor 720W, dælusía 12V/60W, 2000 l á klst. Hraði hitunar 1,52°C/klst. Uppblásinn á 5 mín. Fæst í BYKO Breidd, Kauptúni og Akureyri.




Verð frá 1.190

Vnr. 55095007/107-8
**Blákorn**
Blákorn 5, 10 eða 40 kg.

12" REIÐHJÓL



Vnr. 49620210-1
**Reiðhjól** 14.990
12" barnahjól með hjálpardekkjum og brettum, blátt eða rautt.

26" REIÐHJÓL



Vnr. 49620202
**Fjallahjól** 36.900
26" fjallahjól, 21 gíra Shimano gírbúnaður, bretti, dempari að framan, álfelgur, glitaugu, keðjuhlíf og V-bremsur.

BYKO

EXPO · www.expo.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

## Stefna á hendur fyrrverandi eigendum og stjórnendum Glitnis

Sýslumaður tekur afstöðu til kyrrsetningar eftir helgi:

# Krafan nær til allra eigna þremenninganna

Sýslumaðurinn í Reykjavík mun taka afstöðu til beiðni Glitnis um kyrrsetningu eigna Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, Pálma Haraldssonar og Lárusar Welding eftir helgi, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Málið snýr að ólögmætum lánveitingum til félagsins FS38 ehf., gruns um undanskot eigna og tengsl við vafasama fjármálagerninga.

Slitastjórn og skilanefnd Glitnis hafa farið fram á að eignir upp á allt að sex milljarða verði kyrrsettar. Þessi krafa nær til allra eigna þremenninganna; hlutafé í fyrirtækjum, fasteigna, innstæðna í bönkum, farartækja og svo framvegis. Kyrrsetningin tekur ekki gildi fyrr en úrskurður sýslumanns liggur fyrir.

Tvær kyrrsetningarbeiðnir eru lagðar fram á Jón Ásgeir, önnur á Íslandi en hin í London. Sú síðarnefnda nær yfir allan heim. Báðar beiðnirnar eru upp á sex milljarða.

Að sögn Steinunnar Guðbjartsdóttur hjá skilanefnd Glitnis var talið rétt að leggja fram tvær beiðnir á Jón Ásgeir. „Það er spurning um hvernig málið er strúktúrerað," segir Steinunn.

Kyrrsetningarbeiðnin í London hefur verið samþykkt en ekki er búið að kyrrsetja tilteknar eignir. Málið er fyrir breskum dómstólum og er næsta fyrirtaka 28. maí.

Ekki hefur tekist að afhenda Jóni Ásgeiri gögnin er varða kyrrsetninguna í London þar sem það liggur ekki fyrir hvar hann er búsettur.

Eftir að Jóni Ásgeiri hafa borist gögnin hefur hann 48 klukkustundir til að leggja fram tæmandi lista yfir eignir sínar, alls staðar í heiminum, samkvæmt úrskurðinum í London. Þá er honum óheimilt að eiga viðskipti með eignir sínar. Ef Jón Ásgeir leggur ekki fram listann eða fer ekki að beiðni dómarans á hann yfir höfði sér fangelsisvist.

Kyrrsetningarbeiðnirnar ná ekki yfir eignir Ingibjargar S. Pálmadóttur, eiginkonu Jóns Ásgeirs. Ingibjörg er stjórnarformaður 365 sem gefur út Fréttablaðið.

Steinunn segir að slitastjórn og skilanefnd bankans muni reyna allt til að endurheimta eignir. Kyrrsetningin gefi rýmri heimildir til rannsókna.

„Við hefðum aldrei farið út í þetta ef við hefðum ekki trú á að það væru einhverjir eignir að finna," segir Steinunn.

„Við teljum að bankinn hafi orðið fyrir tjóni og hann [innsk. blm. Jón Ásgeir] sé ábyrgur fyrir því og við reynum allt sem við getum til að endurheimta það," segir Steinunn. - kh

Viðbrögð þeirra sem stefnt hefur verið fyrir dóm í New York eru misjöfn:

# Ingibjörg kemur af fjöllum

Ingibjörg S. Pálmadóttir, helsti eigandi og stjórnarformaður 365 miðla, sem gefur út Fréttablaðið:

„Ég veit ekkert meira en þið," segir Ingibjörg S. Pálmadóttir, ein sjömenninganna sem slitastjórn Glitnis hefur stefnt. Hún segist hafa fyrst heyrt af stefnu slitastjórnar Glitnis aðfaranótt miðvikudags en síðan fyllt upp í eyðurnar með netútsendingu af blaðamannafundi slitastjórnar Glitnis. Stefnuna hefur hún ekki fengið í hendur. „Við erum að reyna að finna út hvað er í gangi. Þetta er stórfurðulegt. Ef þið getið sagt okkur eitthvað myndi ég þiggja það með þökkum. Þetta er risastórt mál, upphæðirnar með ólíkindum. Við vitum jafn lítið og þið. Við… ég veit ekki neitt," segir Ingibjörg. Hún hefur ekki hugleitt stöðu sína sem stjórnarformaður 365 miðla í ljósi stefnunnar.

Jón Ásgeir Jóhannesson, fjárfestir og fyrrverandi stjórnarformaður FL Group.: Ekki náðist í hann þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir í gær.

Pálmi Haraldsson, fjárfestir og eigandi Iceland Express:

„Þetta er sorglegt. Ég bara skil þetta ekki," segir Pálmi Haraldsson. Hann segir stefnu skilanefnda uppfulla af tómu bulli.

Í stefnu slitastjórnar Glitnis var Pálmi í fyrstu sagður fyrrverandi stjórnarmaður í Glitni. Pálmi vísaði því á bug. Sama máli gegni um stjórnarsetu hans í einkahlutafélaginu FS38 og stöðu stjórnarformanns í Fons [innskot: fjárfestingarfélag sem Pálmi átti meirihluta í á móti Jóhannesi Kristinssyni.]. Einkahlutafélagið FS38 var í eigu Fons. „Ég er gapandi. Maður myndi ætla að stefna myndi byggja á rökum og sannindum," segir hann.

Pálmi hótaði í gærmorgun að stefna slitastjórn Glitnis vegna rangra saka sem geti haft mikil fjárhagsleg áhrif fyrir hann. Slitastjórn leiðrétti málið í gær, sagði Pálma stefnt sem fyrrverandi stjórnarmanni FL Group. Pálmi sagði það rangt. „Ég var ekki í stjórn FL Group þegar umrætt mál átti sér stað hjá Glitni," segir Pálmi.

Ekki náðist í Þorstein M. Jónsson, stjórnarformann Vífilfells og fyrrverandi stjórnarformaður FL Group, Hannes Smárason, fyrrverandi forstjóra FL Group, Lárus Welding, fyrrverandi forstjóra Glitnis, Jón Sigurðsson, forstjóra Stoða, áður FL Group. Jón er sagður hafa verið erlendis í gær og ekki í símasambandi. - jab



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON | ÞORSTEINN JÓNSSON | PÁLMI HARALDSSON | LÁRUS WELDING | INGIBJÖRG PÁLMADÓTTIR | JÓN SIGURÐSSON | HANNES SMÁRASON





FLUGIÐ OG FERÐAÞJÓNUSTAN
HVERT STEFNIR?

Icelandair boðar til morgunverðarfundar miðvikudaginn 19. maí kl. 8.30–10.30 á Hótel Loftleiðum.

ÁVARP



KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR
iðnaðarráðherra flytur ávarp.

FYRIRLESARAR



SIMON CALDER
ICELAND: THE GREATEST SHOW ON EARTH
Þróun ferðaþjónustu í ljósi eldgossins í Eyjafjallajökli.
Simon Calder er einn kunnasti fjölmiðlamaður samtímans á sviði ferðamennsku. Hann starfar fyrir The Independent, Sky Travel, BBC Radio og fleiri og er eftirsóttur ræðumaður um stefnu og þróun í ferðamennsku víða um heim.



ULRICH SCHULTE-STRATHAUS
THE STATE OF THE AIRLINE INDUSTRY IN MAY 2010
Staðan hjá evrópskum flugfélögum og hvert stefnir.
Ulrich Schulte-Strathaus er framkvæmdastjóri Evrópusambands flugfélaga, AEA. Hann var um 20 ára skeið einn af æðstu yfirmönnum Lufthansa en hefur undanfarin ár stýrt AEA sem safnar upplýsingum og stundar rannsóknir á þróun atvinnuflugs.

BIRKIR HÓLM GUÐNASON, framkvæmdastjóri Icelandair, stýrir fundinum.

ÞÁTTTÖKUGJALD
Þátttökugjald er 2.000 kr. og innifalinn er léttur morgunverður.
+ Vinsamlegast skráið þátttöku á www.icelandair.is

IH ICELANDAIR HOTELS — Iceland Travel — ICELANDAIR WWW.ICELANDAIR.IS




**ENDURSKOÐANDINN** Skilanefnd og slitastjórn Glitnis stefndu ekki bara eigendum og stjórnendum bankans heldur einnig endurskoðendum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

PricewaterhouseCoopers stendur við reikningana:

# Endurskoðanda kennt um

Í stefnunni er endurskoðunarfyrirtækið PricewaterhouseCoopers (PwC) sagt hafa beitt vísvitandi blekkingum til að laða fjárfesta að Glitni í skuldabréfaútboði í New York í september 2007. Það hafi tekið þátt í að halda því leyndu hve skuldbindingar til tengdra aðila voru miklar.

Sagt er að fyrirtækið hafi verið ráðið í apríl 2007, beinlínis til að kanna skuldbindingar við eigendur og tengda aðila og bera saman við aðra viðskiptavini. Stefnendur fullyrða að við yfirferð gagna hafi fyrirtækið gert sér grein fyrir að gögn hafi verið röng. Fjármálaeftirlitið bað um endurbætta skýrslu um málið 14. september 2007, en hún hafði ekki verið unnin þegar skuldabréfaútboðið fór fram ytra.

Þvert á móti er fyrirtækið sagt hafa gefið út staðfestingarbréf (Comfort Letter) 20. september í tengslum við útboðið. Með því hafi þeir staðfest uppgefnar upplýsingar í skuldabréfaútboðinu væru í samræmi við ársreikning. „Sakborningurinn PWC vissi, þegar hann skrifaði undir yfirlýsinguna, að fjárhagslegar upplýsingar sem lagðar voru fram í útboðinu í september hafi verið rangar í grundvallaratriðum."

Ragnar Þorgeirsson, framkvæmdastjóri rekstrar hjá PricewaterhouseCoopers, segist hissa á stefnunni. „Þessar stóryrtu yfirlýsingar koma eins og þruma úr heiðskíru lofti. […] Okkur finnst það í fyrsta lagi svolítið merkilegt að þurfa að gúggla á internetinu til að finna stefnu á okkur."

Ragnar segir að menn hafi ekki haft nokkra ástæðu til annars en að ætla að vinna fyrirtækisins hafi verið í samræmi við það sem eðlilegt getur talist. „Við munum sýna fram á það þar sem þarf að gera það," segir Ragnar.

Spurður hvort endurskoðendur fyrirtækisins hefðu ekki átt að neita að skrifa upp á reikninga Glitnis, sé það rétt sem fram kemur í stefnunni, segir Ragnar ekki tímabært að fara út í þær spurningar. - kóp, bj




Hjaltalín og Sinfóníuhljómsveit Íslands leiða saman hesta sína á stórtónleikum í júní. Uppselt er á tvenna tónleika og hefur þriðju tónleikunum verið bætt við laugardaginn 19. júní.

Hjaltalín og Sinfóníuhljómsveitin munu leika lög af plötunum Terminal og Sleepdrunk Seasons sem útsett hafa verið fyrir sinfóníuhljómsveit. Einnig verður frumflutt glænýtt efni sem Hjaltalín samdi sérstaklega fyrir þessa tónleika. Stjórnandi er Daníel Bjarnason.

**Tryggðu þér miða á sinfonia.is » Miðaverð 3.900 kr.**

Mið. 16.06.10 » UPPSELT
Fös. 18.06.10 » UPPSELT
Lau. 19.06.10 » 20:00

Morgunblaðið
BORGUN

**Miðasala** » Sími 545 2500 » www.sinfonia.is » Miðasalan í Háskólabíói er opin alla virka daga frá kl. 9-17

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað fá sjálfstæðismenn marga bæjarfulltrúa í Reykjanesbæ samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins?
2. Hvað er fyrirtækið Maxí popp gamalt?
3. Hver skoraði síðara mark Vals í leiknum gegn FH á mánudag?

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 30

Þingmaður Vinstri grænna með þingsályktunartillögu:

# Dragi ákærur til baka

**ALÞINGI** Björn Valur Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, hefur lagt fram þingsályktunartillögu þess efnis að Alþingi feli skrifstofustjóra að fara þess á leit við ríkissaksóknara, að ákærur á hendur nímenningunum sem gert er að sök að hafa ráðist á Alþingi verði dregnar til baka.



BJÖRN VALUR GÍSLASON

Í greinargerð með tillögunni er það rakið að allmörg dæmi séu um að efnt hafi verið til mótmæla á og við þingpalla Alþingis, án þess að slíku hafi fylgt nokkur eftirmál. Meðal annars er í greinargerðinni rifjað upp þegar ungliðahreyfing mætti á þingpalla með eftirlíkingu af hríðskotabyssum og lýst því yfir að valdataka hefði farið fram. Björn valur bendir á að ekki hafi komið fram svipuð kæra í þeim málum og gæta yrði þess að misræmi grafi ekki undan trú. - jss

## Óvissa um framhaldið

„Dómarinn sleit dómþinginu fyrirvaralaust án skýringar og boðaði ekki nýtt þinghald, þannig að verjendur ákærðu eru í algjörri óvissu um framvindu málsins," sagði Ragnar Aðalsteinsson lögmaður að dómþingi loknu í gær. Hann gerði athugasemdir við að réttarhaldið væri lokað og að lögreglumenn væru viðstaddir.

„Það kemur í veg fyrir að ég geti sinnt starfi mínu sem skipaður verjandi og það kemur í veg fyrir að skjólstæðingar mínir fái réttláta málsmeðferð. Ég get ekki sætt mig við það og vil láta reyna á þessi atriði fyrir Hæstarétti. Dómaranum hins vegar láðist að taka afstöðu. Hann hefur ekki formlega lýst því yfir að réttarhaldið sé lokað eða lokað að hluta."

Brynjar Níelsson, lögmaður einn verjenda, sagði að dómari stjórnaði þinghöldum.

„Hann ákveður hvernig þau skuli haldin og hverjir skuli halda uppi gæslu ef hann telur þörf á því."

Spurður skoðunar á því hvort þörf væri fyrir gæslu í þessu máli sagði Brynjar ástandið viðkvæmt.

„Ég tel að dómarinn hugsi að þinghaldið geti farið fram snurðulaust og hann hefur metið það þannig að það þurfi að hafa gæslu og reglu á því hve margir fari í salinn og svo framvegis. Þetta gekk ágætlega í byrjun en hefur kannski aðeins farið úr böndunum. Þannig er staðan núna."




# Vakningarfundur

**Fegurð Reykjavíkur og gildi umhyggjunnar**

Nýju frambjóðendur Samfylkingarinnar í Reykjavík, Hjálmar Sveinsson útvarpsmaður og Bjarni Karlsson sóknarprestur, bjóða til vakningarfundar ásamt tónlistarmanninum KK.

**Hittumst á Café Flóru í Grasagarðinum í kvöld kl. 19. Enginn frír bjór í boði en kaffihúsið verður opið!**



**Opnum hugann. Breytum stjórnmálunum. Sláum nýjan tón!**




**Í HÉRAÐSDÓMI REYKJAVÍKUR** Löng biðröð myndaðist fyrir utan dómsal 101 í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær þar sem tekið var fyrir mál nímenninga sem ákærðir hafa verið fyrir að ráðast á Alþingi í búsáhaldabyltingunni í desember 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Réttarhöldum slitið í kjölfar mótmæla

**Réttarhöldum yfir nímenningunum sem réðust inn í alþingishúsið í búsáhaldabyltingunni var slitið í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær í kjölfar háværaðasamra mótmæla. Fjöldi fólks mætti í héraðsdóm og einn var handtekinn í atganginum.**

**DÓMSMÁL** Til stimpinga kom á milli mótmælenda og lögreglu í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær þegar taka átti fyrir mál eins af nímenningunum sem ákærðir hafa verið fyrir árás á Alþingi í búsáhaldabyltingunni í desember 2008. Sá hafði ekki tekið formlega afstöðu til ákærunnar. Einn karlmaður var handtekinn utan dómsals.

Héraðsdómari sleit þinghaldi án þess að boðað væri nýtt þinghald eins og venja er.

Löng biðröð hafði myndast við dómsal 101, þar sem málið var tekið fyrir, nokkru áður en þinghald hófst og var mannþröng á ganginum. Þegar tveir einkennisklæddir lögreglumenn birtust við enda hans gerði hluti fólksins hróp að þeim. Ekki var fleirum hleypt inn í salinn en sæti voru fyrir og beið því stærstur hluti hópsins fyrir utan.

Nímenningarnir buðust til að standa þannig að aðrir gætu komist inn og setið í sætum sem þeim voru ætluð. Dómarinn hafnaði því. Bæði fyrir og meðan á þinghaldi stóð hafði fólk í frammi hróp, köll og klapp. Var hrópað að héraðsdómaranum Pétri Guðgeirssyni, ríkissaksóknara og lögreglunni.

Þegar þinghald hófst gerði Ragnar Aðalsteinsson, einn verjenda nímenninganna, athugasemd við að tveir óeinkennisklæddir lögreglumenn væru við dyrnar í dómsal. Við þessa vitneskju óx ókyrrðin í dómsalnum og reyndu sumir mótmælenda þar að reka lögreglumennina út. Varð töf á þinghaldi vegna hávaða um sinn. Fyrirtakan var vegna þess að einn af sakborningunum hafði ekki tekið formlega afstöðu til ákærunnar. Þeir hafa allir neitað sök.

Lögreglumönnum hafði fjölgað mjög á ganginum þegar dómþingi var slitið, en fólkið yfirgaf héraðsdóm smám saman án þess að í brýnu slægi. jss@frettabladid.is


Auglýsingasími
512 54 01



Allt sem þú þarft...

vodafone

# Við gerum ekki upp á milli

Þess vegna eru allar gsm þjónustuleiðir fyrir einstaklinga með eitt verð í alla aðra gsm síma, óháð kerfi.

Reiknaðu dæmið til enda. Því verðmunurinn getur verið meira en tvöfaldur.

power to you



Fíton/SÍA



**SILFURKAMBAR** sumarblóm
Ýmsir litir **1.790,-/20 í pk.**



**BARFOTA** blómapottur
H14cm. Ýmsir litir **595,-**



**OSTLIG** blómapottur m/festingu
H19cm. Ýmsir litir **1.590,-**



**MARGARÍTA** sumarblóm
Ýmsir litir **795,-**

# Blómstrandi sumar



**TÓBAKSHORN** sumarblóm
Ýmsir litir **595,-**



**BLÁHNOÐRI** sumarblóm
Ýmsir litir **595,-**





**CYPRUS** tré
Grænt **1.990,-**



**HENGILÓBELÍA** sumarblóm
Ýmsir litir **495,-**



**ALYSSUR** sumarblóm
Hvítt **1.790,-/20 í pk.**



**FJÓLUR** sumarblóm
Ýmsir litir **1.790,-/20 í pk.**

## 795,-

**SÓLBOÐI** sumarblóm. Ýmsir litir



**OSTLIG** blómapottar
H26cm. Ýmsir litir
**1.690,-/stk.**



**GRÄVA** blómapottur
H50cm. Ýmsir litir **5.490,-**
**GRÄVA** blómapottur
H35cm. Ýmsir litir **4.990,-**



**STJÚPUR** sumarblóm
Ýmsir litir **1.790,-/20 í pk.**

**Ókeypis máltíð fyrir börnin!**



Þegar þú kaupir máltíð fá börnin, tíu ára og yngri að velja sér einn ókeypis rétt af barnamatseðli.



**Opið í dag**
**uppstigningardag**





IKEA®

© Inter IKEA Systems B.V. 2010

**Verslun opin 11-19 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30

**www.IKEA.is**



**Í CANNES** Tim Burton leikstjóri ásamt leikkonunni Kate Beckinsale við opnun kvikmyndahátíðarinnar í Cannes í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Farþegaþota líbýska flugfélagsins Afiqiyah Airways með 104 innanborðs fórst í aðflugi við Trípólí í gær:

# Tíu ára drengur komst einn af eftir flugslys

**LÍBÝA, AP** Yfir hundrað eru taldir af eftir að þota Afriquyah Airways hrapaði í lendingu skammt frá Trípolí, höfuðborg Líbýu. Einn komst lífs af í slysinu, 10 ára gamall hollenskur drengur.

Ekki er vitað hvað olli slysinu, en vélin er sögð hafa splundrast í aðflugi að flugvellinum.

Meðal farþega var 61 Hollendingur, en vélin átti að millilenda í Trípólí á leiðinni frá Jóhannesarborg í Suður-Afríku til Gatwick-flugvallar í Bretlandi.

Jóhannesarborg er vinsæll ferðamannastaður meðal Hollendinga, en nú er þar víða vorfrí í skólum.

Jan Peter Balkenende, forsætisráðherra Hollands, upplýsti um þjóðerni drengsins sem komst af. Þá birti líbýska sjónvarpið frétt þar sem læknir var sýndur hlúa að drengnum. Læknirinn sagði drenginn hafa margbrotnað á báðum fótum og á gjörgæslu. Líðan hans sé þó stöðug. Af fréttinni að dæma virtist sem drengurinn væri með meðvitund. **- óká**



**LIFÐI AF** Í þessu skjáskoti frá líbýska sjónvarpinu má sjá lækni hlúa að 10 ára gömlum hollenskum dreng sem einn komst af úr flugslysi nærri Trípolí. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




Hver veit?

Við vitum aldrei hvað dregur á daga OKKAR. Því er gott að vita að það séu traustar undirstöður til staðar þegar við þurfum á þeim að halda.

4% barna fötluð eða langveik

Á Íslandi eru um 4% barna fötluð eða langveik. Þessir einstaklingar gætu þurft að lifa við lágmarksbætur frá Tryggingarstofnun ríkisins frá 18 ára aldri so 100% örorku tæpum 140 króna á mánuði (nóvemb það fé er ungu fólki ætla þaki yfir höfuðið og lifa það sem eftir er ævinnar. ... vegna ... undum ... ). Fyrir ... ma sér ... lu lífi ... ur því augaleið að fjárhagsleg staða þeirra sem ekki geta fullnýtt tækifæri sín til menntunar eða þátttöku á vinnumarkaði er afar bág. Möguleikar til að standa á eigin fótum í fjárhagslegu tilliti eru í raun engir. Við áfall sem leiðir til örorku blasir ávallt við nýr raunveruleiki. Eigi barn eða ungmenni í hlut, stendur fjölskyldan öll frammi fyrir nýjum verkefnum og álagi. Fjármál heimilisins eru þar engin undantekning.




Ef þú ættir gæs sem verpir gulleggjum, hvort væri skynsamlegra að tryggja eggin eða gæsina? Gæsina að sjálfsögðu, þar sem hún verpir gulleggjunum og ... teknanna. Ísle... tryggja gulleg... bílinn en all... ...tta að ... ið, að tryggja uppsprettu teknanna, þá sjálfa.

Líf og ábyrgð einstaklinga breytist og það er mikilvægt að tryggingavernd þín taki mið af því. Hafir þú gengið í hjónaband, keypt stærra húsnæði eða orðið foreldri, þarf að huga að tryggingaverndinni. Sýndu ábyrgð og kannaðu hvort hlutirnir eru í lagi hjá þér.





Meirihlutinn í Árborg fallinn samkvæmt könnun:

# D-listi fengi hreinan meirihluta fulltrúa

**KÖNNUN** Sjálfstæðisflokkurinn mælist með hreinan meirihluta bæjarfulltrúa í Árborg samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem gerð var í gærkvöldi. Flokkurinn næði þó ekki helmingi atkvæða.

Sjálfstæðisflokkurinn fengi samkvæmt könnuninni 48,4 prósent atkvæða, en fékk 40,1 í sveitarstjórnarkosningunum 2006. Flokkurinn fengi fimm bæjarfulltrúa yrðu þetta niðurstöður kosninga, en er með fjóra í dag.

Níu bæjarfulltrúar sitja í bæjarstjórn Árborgar, og myndi þetta fylgi því tryggja flokknum meirihluta bæjarfulltrúa. Framsóknarflokkur, Samfylking og Vinstri græn mynda í dag meirihluta í sveitarfélaginu, og er meirihlutinn fallinn samkvæmt könnuninni.

Litlu munar þó að Samfylkingin nái inn öðrum manni á kostnað Sjálfstæðisflokksins. Meirihlutinn hangir því á bláþræði samkvæmt könnuninni.

Vinstri græn ríflega tvöfalda fylgi sitt frá síðustu kosningum. Stuðningur við flokkinn mælist nú 19,9 prósent, en var 9,6 prósent í kosningunum 2006. Flokkurinn fengi samkvæmt þessu tvo bæjarfulltrúa, en er með einn í dag.

Samfylkingin tapar fylgi frá síðustu kosningum. Alls sögðust 19 prósent þeirra sem afstöðu tóku í könnuninni myndu kjósa flokkinn yrði gengið til kosninga nú. Flokkurinn fékk stuðning 25,9 prósenta í síðustu kosningum og tvo bæjarfulltrúa, en fengi einn bæjarfulltrúa samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Framsóknarflokkurinn tapar miklu fylgi samkvæmt könnuninni. Stuðningur við flokkinn mælist nú 12,8 prósent, en Framsóknarflokkurinn fékk 20,9 prósent atkvæða í kosningunum. Flokkurinn er með tvo bæjarfulltrúa í dag, en myndi tapa öðrum yrðu niðurstöður kosninga í takti við könnunina.

Hringt var í 600 manns miðvikudaginn 12. maí. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir aldri. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til sveitarstjórnakosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var að lokum spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern annan flokk? Alls tóku 56,2 prósent afstöðu. **- bj**

SVEITARSTJÓRNAR-KOSNINGAR 2010

Nærþjónustan er efst á baugi í Árborg

# Velferðin er ofar öðru

**Fjórir flokkar bjóða fram til sveitarstjórnar Árborgar. Allir voru í framboði fyrir fjórum árum og allir hafa setið í meirihluta á kjörtímabilinu.**

Kosningabaráttan í Árborg hefur farið rólega af stað og pólitísk umræða helst farið fram í heita pottinum. Af samtölum við bæjarbúa að dæma kemur þar bæði til að fólk virðist hafa takmarkaðan áhuga á stjórnmálum nú um stundir og eins það að kosningabarátta flokkanna er hófsöm. Sama máli gegnir með stefnumálin og loforðin; hvort tveggja er í ríku samræmi við ástandið og andrúmsloftið í samfélaginu.

Sjálfstæðisflokkurinn fékk fjóra bæjarfulltrúa í síðustu kosningum, Framsóknarflokkur og Samfylkingin tvo og VG einn. Sjálfstæðisflokkur og framsókn mynduðu meirihluta að loknum kosningum en hann sprakk að hálfu ári liðnu. Fulltrúar beggja flokka báru við trúnaðarbresti auk þess sem fram kom á þeim tíma að framsóknarmenn vildu hækka laun bæjarfulltrúa þvert ofan í vilja sjálfstæðismanna. Framsókn, Samfylking og VG mynduðu nýjan meirihluta í desember 2006 og hefur hann setið síðan.

Árborg fór ekki varhluta af stemningunni sem ríkti í góðærinu og var ráðist í skipulagningu nýrra hverfa, sölu lóða og framkvæmdir á sumum þeirra. Margir sem létu til sín taka fóru flatt í kreppunni og áform um stórfellda uppbyggingu runnu út í sandinn.

Talsvert atvinnuleysi er í Árborg. Nemur það um tíu prósentum sem þýðir að rúmlega fimm hundruð manns eru án vinnu.

Atvinnumálin brenna enda á íbúum og frambjóðendur leggja áherslu á að fjölga störfum, ýmist með því að laða að nýja starfsemi eða fyrirtæki eða efla þau sem fyrir eru. Horfa menn helst til ferðaþjónustu sem og iðnaðar en iðnaður af margvíslegu tagi hefur þrifist á Selfossi.

Líkt og flest önnur sveitarfélög landsins skuldar Áborg talsverðar fjárhæðir. Fyrir vikið eru fjármálin ofarlega á baugi í kosningabaráttunni. Sínum augum lítur hver á silfrið og það fer eftir því hvar borið er niður hvernig menn meta fjárhagsstöðuna. Ragnheiður Hergeirsdóttir, bæjarstjóri og oddviti Samfylkingarinnar, segir hér til hliðar að náðst hafi utan um fjármálin en Eyþór Arnalds, oddviti sjálfstæðismanna, segir að koma þurfi böndum á reksturinn.

Hvað sem þessu líður virðist sem almennir íbúar séu ekki of uppteknir af fjármálunum. Samtöl leiða í ljós að á fólki brenna helst málaflokkar sem standa því næst. Hagur barna og atvinnumál bera þar hæst.

Ekki verður annað merkt en að flokkarnir fjórir gangi óbundnir til kosninga. Engin stór flokkspólitísk ágreiningsmál sem ekki ætti að vera hægt leysa í hefðbundnum meirihlutaviðræðum eru uppi og bendir ýmislegt til að persónulegt samband fólks og samstaða um breiðar útlínur muni ráða hverjir starfa saman í meirihluta að loknum kosningum.

**Björn Þór Sigbjörnsson**
bjorn@frettabladid.is



## Íbúarnir virkjaðir betur en gert er



„Helstu áherslumál okkar eru fjármálin. Eins og hjá svo mörgum sveitarfélögum, ríkinu, fyrirtækjum og einstaklingum varð hér hrun og sveitarfélagið var rekið með halla á síðasta ári. Það verður að kafa ofan í hvernig við getum betur tekið á fjármálunum til hagsbóta fyrir sveitarfélagið,“ segir Helgi Sigurður Haraldsson, oddviti Framsóknarflokksins í Árborg.

„Síðan eru það atvinnumálin, við höfum lent í miklu atvinnuleysi, hér fóru mörg fyrirtæki yfir um í hruninu. Fyrirtækjum fjölgaði mjög í uppsveiflunni. Það var mikill hasar og menn réðust í fjárfestingar sem þeir súpa nú seyðið af. Við viljum laða að ný fyrirtæki og hjálpa þeim sem fyrir eru, auka nýsköpun og liðka til fyrir stofnun nýrra smárra fyrirtækja. Í því felst að reyna að bæta rekstrarumhverfið.“

Helgi segir framsóknarmenn líka leggja ríka áherslu á kynningarmál sveitarfélagsins bæði inn á við og út á við. „Út á við snýst það um að kynna þá möguleika sem hér eru, ekki síst í ferðaþjónustu og afþreyingu en inn á við horfum við til þess að upplýsa íbúa og virkja þá betur en gert hefur verið. Mér hafa fundist boðleiðir langar og lítið samráð haft við íbúana þrátt fyrir svokallað íbúalýðræði sem ég kalla reyndar tískuorð. Okkar mat er að íbúarnir hafi oft góðar hugmyndir og lausnir og það er um að gera að kalla eftir þeim.“

## Þjónusta sveitarfélaga er öryggisnet



„Við ætlum að halda áfram að veita góða velferðarþjónustu og passa sérstaklega vel upp á málefni barna og unglinga,“ segir Ragnheiður Hergeirsdóttir, efsti maður Samfylkingarinnar. „Síðan eru atvinnumálin mikilvægur málaflokkur og við munum leggja mikla áherslu á að vinna að öllu því sem sveitarfélagið getur við atvinnusköpun.“

Hún segir mikilvægt að skapa fleiri störf enda hafi mörg störf tapast við hrunið. „Þetta er mikill iðnaðar- og verktakabær og þar var fallið mest í hruninu. Það er því að því leyti eðlilegt að störf hafi tapast.“

Ragnheiður segir Samfylkinguna líka leggja ríka áherslu á ábyrga fjármálastjórn. „Við höfum náð utan um fjármálin eftir hrunið. Sveitarfélagið er auðvitað skuldsett og það eru erfiðleikar en við sjáum út úr þeim á allra næstu árum. En þá er líka mikilvægt að halda vel á málum.“ Varkárni og ábyrgð verði leiðarstefið í þeim efnum.

Ragnheiður segir ekkert hafa verið rætt um hugsanlegt meirihlutasamstarf að loknum kosningum. Hún sé reiðubúin að starfa með þeim sem vilji leggja velferðarmálunum lið. „Það eru mikilvægustu verkefni sveitarfélaga þegar svona árar að gæta að velferðarmálunum. Þjónusta sveitarfélaganna er öryggisnet þegar íbúarnir þurfa á að halda.“

## Þarf að koma böndum á reksturinn



„Í fyrsta lagi þarf að koma böndum á reksturinn,“ segir Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins. „Bæjarsjóður tapaði tveimur milljónum á dag á síðasta ári og það er mikilvægt að ná fram sparnaði í yfirstjórn og gæta að því að peningarnir fari ekki í gæluverkefni svo sveitarfélagið sé trúverðugt gagnvart lánveitendum.“

Eyþór leggur áherslu á málefni barna; segir að í forgangsröðun verkefna verði þau að njóta forgangs, og atvinnumálin. „Við teljum vannýtt tækifæri í atvinnumálunum, ekki síst í ferðaþjónustu. Við viljum líka að menn í nágrannasveitarfélögum séu samstíga í stórum málum á borð við virkjanamál, iðnað, vegaframkvæmdir, málefni sjúkrastofnunarinnar og Litla-Hrauns, svo dæmi séu nefnd. Menn verða að standa saman um það sem getur lyft okkur upp úr kreppunni.“

Eyþór kveðst telja að íbúar Árborgar láti sig miklu varða rekstur sveitarfélagsins. Taka þurfi stórar ákvarðanir sem varði ekki bara kjósendur til skamms tíma heldur líka börnin. „Skuldsetning er eitthvað sem situr eftir og við horfum nú á að skuldirnar nemi um milljón á mann.“

Að mati Eyþórs ganga flokkarnir almennt óbundnir til kosninga en hann segist síður búast við áframhaldandi samstarfi núverandi meirihluta. „Samstarf þriggja flokka er mjög dýrt og ég held að þeir sjái það líka.“

## Reynum að halda því sem hefur áunnist



„Við leggjum áherslu á velferðina og að halda því sem hefur áunnist á kjörtímabilinu,“ segir Þórdís Eygló Sigurðardóttir, oddviti VG. „Við ætlum ekki að gefa mörg loforð enda ekki tímabært í svona árferði.“

Þórdís segir VG starfa undir kjörorðinu: Við hlustum. Nokkrir fundir hafi verið haldnir í því augnamiði að heyra sjónarmið íbúanna. Þar beri atvinnuleysið hæst og mikilvægt að berjast gegn því. „Fólk er að berjast í bökkum og bíður eftir að eitthvað verði gert. Þetta er eins hér og annars staðar á landinu, fólk er reitt.“

Umhverfismálin eru ofarlega á baugi hjá VG og segir Þórdís flokkinn berjast fyrir stefnu sinni um sjálfbæra þróun; að við notum ekki meira en við þurfum.

VG er í meirihluta ásamt Samfylkingunni og Framsóknarflokki og segir Þórdís fráfarandi bæjarfulltrúa flokksins, Jón Hjartarson, hafa unnið gott starf. Áfram verði byggt á þeim grunni sem hann hefur lagt.

Þórdís er svo að segja nýlega flutt til Árborgar og hefur ekki gefið sig að bæjarmálum áður. Hún segist takast á við verkefnin í anda flokks síns og leggur ríka áherslu á að ekki sé ráð að lofa miklu, aðstæðurnar bjóði hreinlega ekki upp á slíka pólitík.


## Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga

LÍFEYRISSJÓÐUR STARFSMANNA SVEITARFÉLAGA

**Starfsemi á árinu 2009**
*Allar fjárhæðir í milljónum króna*

| Breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris 31.12. | A-deild | V-deild | S-deild | 2009 Samtals | 2008 Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Iðgjöld | 4.445 | 892 | 79 | 5.416 | 4.840 |
| Lífeyrir | -488 | -20 | -179 | -687 | -401 |
| Fjárfestingartekjur | 3.239 | 405 | 141 | 3.785 | 844 |
| Fjárfestingargjöld | -52 | -6 | -1 | -60 | -28 |
| Rekstrarkostnaður | -72 | -9 | | -81 | -67 |
| Hækkun á hreinni eign á árinu | 7.071 | 1.263 | 39 | 8.373 | 5.188 |
| Hrein eign frá fyrra ári | 29.192 | 3.471 | 934 | 33.597 | 28.409 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | **36.263** | **4.734** | **973** | **41.970** | **33.597** |

| Efnahagsreikningur | A-deild | V-deild | S-deild | 2009 | 2008 |
|---|---|---|---|---|---|
| Fasteign, rekstrafjármunir og aðrar eignir | 134 | 18 | | 152 | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 10.756 | 1.404 | 313 | 12.474 | 10.964 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 18.000 | 2.350 | 478 | 20.828 | 13.099 |
| Veðlán | 5.276 | 689 | | 5.965 | 6.013 |
| Bankainnistæður | 1.418 | 185 | 172 | 1.775 | 2.488 |
| Kröfur | 307 | 40 | 1 | 348 | 399 |
| Aðrar eignir | 399 | 52 | 21 | 473 | 652 |
| Skuldir | -28 | -4 | -13 | -45 | -18 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | **36.263** | **4.734** | **973** | **41.970** | **33.597** |

| Kennitölur | A-deild | V-deild | S-d leið 1 | S-d leið 2 | S-d leið 3 |
|---|---|---|---|---|---|
| Nafn ávöxtun | 10,0% | 10,0% | 17,0% | 16,5% | 15,0% |
| Hrein raunávöxtun | 1,3% | 1,3% | 7,7% | 7,2% | 5,9% |
| Hrein raunávöxtun 5 ára meðaltal | 1,0% | 1,0% | 2,0% | 2,0% | 5,1% |
| Fjöldi sjóðfélaga | 8.968 | 3.070 | 1.124 | 189 | 170 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 1.166 | 182 | 92 | 17 | 30 |
| Rekstrarkostnaður í % af eignum | 0,2% | 0,2% | 0,0% | 0,1% | 0,1% |
| Eignir í íslenskum krónum í % | 78,5% | 78,5% | 62,5% | 88,1% | 100,0% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum í % | 21,5% | 21,5% | 37,5% | 11,9% | 0,0% |
| Eign umfram heildar skuldbindingar í % | -9,7% | -3,5% | | | |
| Eign umfram áfallnar skuldbindingar í % | -1,1% | -1,4% | | | |

**Ársfundur 2010**
Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga verður haldinn þriðjudaginn 2.júní nk., kl. 17:00 í fundarsal BSRB að Grettisgötu 89, 101 Reykjavík.

**Stjórn og framkvæmdastjóri**
Í stjórn lífeyrissjóðsins eru Halldóra Friðjónsdóttir, formaður, Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, Karl Björnsson, Kristbjörg Stephensen, Elín Björg Jónsdóttir og Garðar Hilmarsson

Framkvæmdastjóri er Jón G. Kristjánsson
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga
Sigtúni 42, 108 Reykjavík Sími 570 0400 www.lss.is

*Birt með fyrirvara um prentvillur*



## Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar

**Starfsemi á árinu 2009**
*Allar fjárhæðir í milljónum króna*

| Breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris 31.12. | 2009 Samtals | 2008 Samtals |
|---|---|---|
| Iðgjöld | 54 | 49 |
| Lífeyrir | -65 | -57 |
| Fjárfestingartekjur | 55 | 57 |
| Fjárfestingargjöld | -2 | -2 |
| Rekstrarkostnaður | -3 | -2 |
| Hækkun á hreinni eign á árinu | 39 | 45 |
| Hrein eign frá fyrra ári | 526 | 481 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 565 | 526 |

| Efnahagsreikningur | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Fasteign, rekstrafjármunir og aðrar eignir | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 124 | 143 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 402 | 306 |
| Veðlán | 2 | 4 |
| Bankainnistæður | 21 | 48 |
| Kröfur | | |
| Aðrar eignir | 22 | 31 |
| Skuldir | -6 | -5 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | **565** | **526** |

| Kennitölur | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Nafn ávöxtun | 9,6% | 11,1% |
| Hrein raunávöxtun | 0,9% | -4,5% |
| Hrein raunávöxtun 5 ára meðaltal | 0,9% | 2,1% |
| Fjöldi sjóðfélaga | 22 | 24 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 78 | 75 |
| Rekstrarkostnaður í % af eignum | 0,5% | 0,5% |
| Eignir í íslenskum krónum í % | 100,0% | 100,0% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum í % | 0,0% | 0,0% |
| Eign umfram heildar skuldbindingar í % | -71,5% | -70,6% |
| Eign umfram áfallnar skuldbindingar í % | -71,8% | -71,0% |

**Ársfundur 2010**
Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar 2010, verður haldinn fimmtudaginn 20. maí nk., kl. 10:00 í Stjórnsýsluhúsinu að Ketilsbraut 7-9, Húsavík.

**Stjórn og framkvæmdastjóri**
Í stjórn lífeyrissjóðsins eru Ása Gísladóttir, Bergur Elías Ágústsson, formaður
Jón Helgi Björnsson

Framkvæmdastjóri er Jón G. Kristjánsson
Aðsetur sjóðsins er hjá Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga
Sigtúni 42, 108 Reykjavík Sími 570 0400 www.lss.is

*Birt með fyrirvara um prentvillur*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ísland er ekki eyland.

## Útrás réttarríkis

Atburðir síðustu daga sýna svo ekki verður um villst að full alvara býr að baki rannsóknum embættis sérstaks saksóknara á því hvort og þá hvernig brotin hafa verið lög í aðdraganda íslenska bankahrunsins.

Ákvarðanir og aðgerðir stjórnenda íslensku bankanna hafa nú verið í skoðun í hálft annað ár innan hinna föllnu banka, hjá saksóknurum og rannsóknarnefnd Alþingis. Efnahagsbrot eru flókin og ekki hefur verið flanað að neinu.

Niðurstaðan nú er að þrír fyrrum stjórnendur úr Kaupþingi sitja í gæsluvarðhaldi að ósk sérstaks saksóknara og fyrrum stjórnarformaður bankans er eftirlýstur af Interpol. Á sama tíma hefur slitastjórn Glitnis höfðað mál á hendur sjö mönnum sem tengjast hinum fallna banka Glitni ásamt því að fara fram á kyrrsetningu eigna um heim allan.

Þannig draga þessir atburðir einnig upp skýra mynd af því að Ísland er ekki eyland í réttarfarslegum skilningi. Gefin er út alþjóðleg handtökuskipun á hendur Sigurði Einarssyni, fyrrverandi stjórnarformanni Kaupþings, og hann eftirlýstur af Interpol, slitastjórn Glitnis höfðar mál á hendur sjö fyrrverandi stjórnendum bankans, stjórnarmönnum og öðrum sem tengjast eignarhaldi bankans fyrir dómi í New York og dómstóll í London fer fram á kyrrsetningu eigna Jóns Ásgeirs Jóhannessonar um heim allan að beiðni slitastjórnar Glitnis. Þannig er efnt til samstarfs út fyrir landsteinana til þess að greiða fyrir framgangi rannsóknanna.

SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is



Vissulega er það hornsteinn réttarríkisins að maður er saklaus uns sekt er sönnuð. Þetta ber að hafa í huga. Þó verður að gera ráð fyrir því að hvorki sérstakur saksóknari né slitastjórn Glitnis leggi í svo umsvifamiklar aðgerðir nema vegna þess að talin eru fyrir því bæði gild rök og brýn þörf. Þetta verður að hafa í huga áður en aðgerðirnar eru dæmdar sem ofsóknir eða aðgerð til að afla saksóknara og stjórnvöldum vinsælda.

Lögmaður Sigurðar Einarssonar hefur látið hafa eftir sér að ljóst sé að Íslendingar hafi enga lögsögu í Bretlandi og Sigurður sagði sjálfur í viðtali við Fréttablaðið í gær að hann hygðist láta reyna á mannréttindi sín í Bretlandi. Það sætir furðu að hægt sé að líta svo á að menn sem stundað hafa umfangsmikla fjármálagjörninga sem teygja anga sína um heim allan séu friðhelgir um leið og þeir eru komnir út fyrir íslenska lögsögu þegar verið er að rannsaka hvort þessir sömu fjármálagjörningar hafi farið fram í samræmi við lög.

Viðskiptamenn sem höfðu forgöngu um útrás og ofvöxt íslenska bankakerfisins allt þar til það var orðið margfalt stærra en fjárlög íslenska ríkisins, kerfis sem hrundi til grunna og tók með sér gjörvallt íslenska hagkerfið, ættu, jafnvel öðrum fremur, að hafa skilning á alþjóðavæðingu þeirra aðila sem nú rannsaka mál þeirra.

Í svo víðfeðmum málum eins og þeim sem hér um ræðir er eðlilegt að nýta tengsl og samstarf um allan heim bæði til þess að greiða fyrir framgangi rannsókna og til að ná aftur fjármunum sem taldir eru hafa horfið út úr fjármálastofnunum með ólögmætum hætti.

Ísland er ekki eyland í réttarfarslegu tilliti fremur en það var eyland í viðskiptalegu tilliti.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fíflagangurinn

„Að lokum vil ég beina því til sérstaks saksóknara að láta af þessum myndatökum af sakborningum. Myndatökur af þessu tagi hafa ekki tíðkast hér á landi og eru algerlega óþarfar. Þó það kunni að vera heimild fyrir myndatökum sem þessum í reglugerð vil ég minna á ákvæði 3. mgr. 53. gr. laga um meðferð sakamála þar sem segir að rannsakendur skuli gæta þess við rannsókn mála að mönnum verði ekki gert meira tjón, óhagræði eða miski en óhjákvæmilegt er. Það læðist að manni sá grunur að þessi fíflagangur sé ættaður sunnan úr Evrópu og hafi þann eina tilgang að niðurlægja menn. Skýring embættisins um að þetta sé gert ef sakborningar taki upp á því að flýja er hjákátleg. Það eru sennilega til hundruð mynda af þessum mönnum og það er engin ástæða til að ætla að þeir flýi og lifi í útlegð árum saman fjarri vinum og vandamönnum, þegar refsing þeirra getur í versta falli orðið nokkurra mánaða refsivist."

### Höfundurinn

Framangreint skrifaði Brynjar Níelsson lögmaður á Pressuna í ágúst eftir að spurst hafði að sérstakur saksóknari tæki myndir af þeim mönnum sem hann yfirheyrði vegna rannsókna á sakamálum í tengslum við hrunið.



### Ráðin

Sigurður Einarsson flúði. Alþjóðalögreglan hefur lýst eftir honum. Myndin sem birtist í eftirlýsingunni var tekin hjá sérstökum saksóknara. Ekkert hefur komið fram sem bendir til að hann hafi orðið fyrir tjóni, óhagræði eða miska af myndatökunni. Hugsanlegt er hins vegar að eftirlýsingin hafi unnið honum tjón, óhagræði eða miska. En hann hefði getað forðast það með því að mæta til yfirheyrslu. Brynjar Níelsson ætti kannski heldur að veita sakborningum opinberlega ráðgjöf fremur en að segja saksóknaranum til í umvöndunartóni.

bjorn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Lýðræði! Ha, ha, ha…

Stjórnmál



Skúli Magnússon
lögfræðingur

Með stofnun stjórnmálahreyfinga sem byggja á háði og gríni, t.a.m. með Framboðsflokknum í Alþingiskosningunum 1971, er kastljósinu beint að göllum ríkjandi stjórnmála, t.d. innihaldsleysi pólitískrar umræðu, hræsni og spillingu stjórnmálamanna eða vanhæfni ríkjandi stjórnmálaflokka. Líkt og myndlist, leiklist og tónlist, er háðið margreynt og öflugt tæki í stjórnmálum. En háð af þessum toga hefur ekki aðeins gildi í sjálfu sér, þ.e. að skemmta fólki og vekja hlátur. Markmiðið er ekki síður stjórnmálalegs eðlis, þ.e. að benda á það sem betur má fara og þoka málum til hins betra. Með þessum hætti getur háðsádeila, sem tekur á sig mynd framboðs í kosningum, verið gagnlegt framlag til lýðræðislegrar umræðu (auk þess að vera fyndin). Að baki slíku framboði liggur þá í raun og veru sú afstaða að lýðræðið sé verðmætt og að því beri að hlúa. Klisjukenndar yfirlýsingar, stöðluð svör og skrumskæld kosningaloforð frambjóðenda þýða þá í raun hið andstæða, þ.e. að mikilvægt sé að stjórnmálamenn taki umbúðalaust, starfi að heilindum, meini það sem þeir segja, o.s.frv.

Háðsádeila, eins og sú sem að framan er lýst, felur það ekki í sér að lýðræðið sé hlægilegt og einskis virði. Með henni er fráleitt að því stefnt að til trúnaðarstarfa veljist lýðskrumarar sem stunda stjórnmál með annarlega hagsmuni eða léttúð að leiðarljósi, jafnvel þótt slíkur kunni að hafa verið boðskapurinn í orði kveðnu. Það er því býsna erfitt að samræma háðsádeilu, sem tekur á sig mynd framboðslista, því að frambjóðendurnir setjist í trúnaðarstöður að loknum kosningum (og taki til starfa samkvæmt stefnuskrá sem enginn tók alvarlega eða með öðrum ófyrirsjáanlegri hætti). Ef sú er raunin hefur háðsádeilan í raun snúist upp í andhverfu sína og lýðræðinu hefur verið gefið á kjaftinn. Jafnvel má segja að með þessu hafi lýðskrumið náð nýjum hæðum og færi nú heim sanninn um það hversu mjög „lýðurinn sé heimskur og gleyminn" og lýðræðishugsjónin hláleg.

Nú verður að bíða og sjá hvorum megin hryggjar svokallaður Besti flokkur, sem býður fram lista í komandi borgarstjórnarkosningum, fellur, þ.e. hvort framboðið er raunveruleg háðsádeila eða fremur ófyndin birtingarmynd úrkynjunar lýðræðisins. Sé það raunveruleg ætlun forsvarsmanna framboðsins að ná kjöri og setjast í borgarstjórn er það auðvitað ekki „bara djók" heldur vel þekkt pólitískt stefnumark sem þeim væri rétt, a.m.k. samkvæmt grunnreglum lýðræðisins, að setja fram með öðrum og heiðarlegri hætti.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Djúpar sprungur í dómskerfinu

Í DAG
Þorvaldur Gylfason
prófessor



Fólkið í landinu vantreystir réttarkerfinu eins og vandaðar skoðanakannanir hafa sýnt um árabil. Innan við þriðji hver Íslendingur ber nú mikið traust til dómskerfisins. Þegar spurt var um traust manna til Alþingis fyrir hrun, var hlutfallið svipað, eða tæpur þriðjungur, en eftir hrun hrapaði traustið enn neðar. Nú segist áttundi hver maður bera mikið traust til Alþingis. Einn af átta.

Skýringin á vantrausti almennings í garð dómskerfisins blasir við. Dómskerfið er skilgetið afkvæmi gerspilltrar stjórnmálastéttar. Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn, sem standa nú berskjaldaðir frammi fyrir landsmönnum í ljósi skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis (RNA), hafa stýrt dómsmálaráðuneytinu og skipað alla dómara landsins frá 1926, ef frá eru talin sex ár (1944-47, 1956-58, 1979-80, 1987-88). Þessir tveir flokkar settu bankana í hendur manna, sem keyrðu bankana í kaf á sex árum. Því er skiljanlegt, og einnig í ljósi ýmissa genginna dóma á fyrri tíð, að fólkið í landinu telji sig þurfa að óttast, að dómstólarnir sýkni flesta eða alla sakborninga bankahrunsins, þegar þar að kemur. Skýrsla RNA segir berum orðum, að bankarnir hafi brotið lög.

### Byrgjum brunninn í tæka tíð

Hér er enginn smávandi á ferðum. Það er grundvallarregla í réttarríkjum, að ekki er hægt að sækja menn oftar en einu sinni til saka í sama máli. Prófessor William Black flutti nýlega tvo fyrirlestra í Háskóla Íslands um afbrotafræðilegar hliðar hrunsins og benti á, að Alþingi þyrfti að endurskoða skipan dómstólanna, ef svo illa færi, að ljóslega sekir bankastjórnendur og aðrir slyppu við refsingu. Nær væri því að endurskoða dómstólaskipanina, áður en bankahrunið kemur til kasta dómstólanna. Ég sendi forsætisráðherra stutta minnisgrein um málið 27. marz 2009 með afriti til tveggja af helztu lögræðingum landsins, en ég hef engin viðbrögð fengið frá ráðuneytinu.

Í minnisgreininni lýsti ég því, að mörg undangengin ár hafa legið fyrir stjórnvöldum tillögur frá dómarafélaginu og öðrum um að umskipa dómsvaldinu með því að hafa dómstigin þrjú frekar en tvö. Rökin eru þau, að of mörg mál komi nú til kasta Hæstaréttar og því sé eðlilegt, að nýtt millidómstig taki við málum, sem áfrýjað er úr héraði, og Hæstiréttur fjalli aðeins um þau mál, sem mikilvægust eru talin, og hafi þá betri skilyrði en hann hefur nú til að vanda til verka.

Sé þetta gert, er hægt að leggja niður störf allra dómara í Hæstarétti samkvæmt heimild í 61. grein stjórnarskrárinnar, en þar segir um dómara: „ ... og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á dómstólana." Þessi heimild stjórnarskrárinnar er ótvíræð og auðskiljanleg: hægt er að flytja dómara í annað embætti á móti vilja þeirra, sé verið að koma nýrri skipun á dómstólana. Síðan er hægt að skipa dómara í Hæstarétt upp á nýtt með nýrri aðferð, þar sem erlendir menn, til dæmis lagaprófessorar og dómarar, verða fengnir til að hjálpa til við að meta hæfi umsækjenda og girða fyrir landlægan klíkuskap og nápot. Fyrri dómarar hefðu sama rétt og aðrir til að sækja um störfin.

### Ærin tilefni

Þessi róttæka tillaga er ekki borin fram að ástæðulausu. Fyrrum ráðherra, sem Rannsóknarnefnd Alþingis segir hafa sýnt vanrækslu, fékk nýlega á sig dóm fyrir að skipa son flokksformanns síns í dómarastarf, þótt aðrir mun hæfari umsækjendur væru í boði. Frændinn og vinurinn í Hæstarétti eru mönnum í fersku minni, og það er einnig viðsnúningur Hæstaréttar í kvótamálinu undir þrýstingi frá ríkisstjórninni. Þennan ávirðingalista mætti lengja. Með því að endurskipa Hæstarétt nú þegar væri betur tryggt, að útgefnar ákærur ríkissaksóknara og sérstaks saksóknara fengju trúverðuga meðferð í Hæstarétti, þar sem dómendur hafa fengið hæfnisdóm erlendrar matsnefndar. Svipuð hreingerning þyrfti einnig að fara fram í öllu dómskerfinu og hjá ríkislögreglustjóra, og þótt fyrr hefði verið.

Þótt spillingin í Sjálfstæðisflokknum (og einnig Framsóknarflokknum) hafi mengað svo dómskerfið, að almenningur telur sig ekki geta treyst dómstólunum, bera aðrir flokkar einnig ábyrgð. Enda hafa þeir yfirleitt ekki reynt að leiðrétta slagsíðuna í þau fáu skipti, sem þeir hafa stýrt dómsmálaráðuneytinu, til dæmis í tíð þeirrar ríkisstjórnar, sem nú situr. Vandinn er því ekki bundinn við gömlu helmingaskiptaflokkana, heldur við stjórnmálastéttina eins og hún leggur sig. Við þessum vanda þarf að bregðast, áður en bankahrunið kemur til kasta Hæstaréttar.


**Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar**

**Starfsemi á árinu 2009**
*Allar fjárhæðir í milljónum króna*

| Breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris 31.12. | 2009 Samtals | 2008 Samtals |
|---|---|---|
| Iðgjöld | 174 | 159 |
| Lífeyrir | -198 | -180 |
| Fjárfestingartekjur | 389 | 48 |
| Fjárfestingargjöld | -3 | -3 |
| Rekstrarkostnaður | -20 | -11 |
| Aðrar tekjur | 24 | 14 |
| Hækkun á hreinni eign á árinu | 365 | 28 |
| Hrein eign frá fyrra ári | 2.437 | 2.505 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | **2.801** | **2.533** |

| Efnahagsreikningur | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Fasteign, rekstrafjármunir og aðrar eignir | 11 | 17 |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 1.306 | 1.067 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 1.151 | 634 |
| Veðlán | 161 | 123 |
| Bankainnistæður | 208 | 621 |
| Kröfur | 1 | 1 |
| Aðrar eignir | | |
| Skuldir | -35 | -27 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | **2.801** | **2.437** |

| Kennitölur | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Nafn ávöxtun | | |
| Hrein raunávöxtun | 6,8% | -15,7% |
| Hrein raunávöxtun 5 ára meðaltal | 2,3% | 2,0% |
| Fjöldi sjóðfélaga | 146 | 155 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 225 | 224 |
| Rekstrarkostnaður í % af eignum | | |
| Eignir í íslenskum krónum í % | 66,6% | 64,8% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum í % | 33,4% | 35,2% |
| Eign umfram heildar skuldbindingar í % | -59,9% | -60,6% |
| Eign umfram áfallnar skuldbindingar í % | -59,6% | -60,5% |

**Ársfundur 2010**
Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar 2010, verður haldinn mánudaginn 14. júní nk. kl. 16.00 í Bæjarstjórnarsal Kópavogsbæjar, Fannborg 2, 1. hæð

**Stjórn og framkvæmdastjóri**
Í stjórn lífeyrissjóðsins eru Hlynur Jónsson, stjórnarformaður, Guðríður Arnardóttir, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Guðrún Pálsdóttir og Ragnar Snorri Magnússon.

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Jón G. Kristjánsson
Aðsetur sjóðsins er hjá Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga
Sigtúni 42, 108 Reykjavík Sími 570 0400 www.lss.is

*Birt með fyrirvara um prentvillur*



nettó
Ódýrt fyrir heimilið!

OPIÐ Í DAG
UM LAND ALLT
12:00-18:00










Tilboðin gilda 13. - 16. maí eða meðan birgðir endast
Birt með fyrirvara um prentvillur

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**!
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbæ

KÖRFUBOLTASTJARNAN DENNIS RODMAN ER 49 ÁRA.

*„Fimmtíu prósent tilverunnar innan NBA-deildarinnar snúast um peninga. Hin fimmtíu prósentin snúast um kynlíf. Ég deita svo aðeins hvítar konur, sem veldur mörgum hugarangri; einkum svörtum konum.“*

***Dennis Rodman er einn af eftirminnilegustu karakterum NBA-deildarinnar í körfubolta og nafntogaður fyrir almenna óþekkt innan vallar sem utan.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 13. MAÍ 1966

## Skaftafell keypt undir þjóðgarð

Undirritaðir voru samningar um kaup ríkisins á Skaftafelli í Öræfum undir þjóðgarð þennan dag fyrir 44 árum. Jörðin, sem er um einn hundraðasti af flatarmáli alls Íslands, var afhent í september 1967 og þjóðgarðurinn opnaður vorið 1968.

Þjóðgarðurinn í Skaftafelli var stækkaður 1984 og aftur árið 2004, en heildarflatarmál eftir þá stækkun er 4807 ferkílómetrar og nær nú einnig yfir Lakasvæðið. Með tilkomu Vatnajökulsþjóðgarðs 2008 eru þjóðgarðarnir samtals 13.600 ferkílómetrar.

Skaftafell er þekkt fyrir einstæða náttúrufegurð, veðursæld og andstæður í landslagi. Gróðurfar og dýralíf er fjölbreytt og í Skaftafelli eiga refur og rjúpa griðland.

Til forna var Skaftafell stórbýli og þingstaður, en Skaftafellssýslur fá nafn sitt þaðan. Ágangur



Skeiðarár lagði tún Skaftafells undir sand og með tímanum færðist búskapur ofar í brekkuna.

Í Skaftafelli er vel útbúið tjaldstæði og þjónustumiðstöð ásamt lítilli verslun. Landverðir bjóða upp á fjölbreyttar gönguferðir um til dæmis Giljaleið að Svartafossi, á Sjónarsker eða að rótum Skaftafellsjökuls. Af lengri leiðum má nefna Kristínartinda.

## MERKISATBURÐIR

1776 Gefin út konungleg tilskipun um póstferðir á Íslandi.

1934 Hörð viðureign, Dettifossslagurinn, verður á Siglufirði milli verkfallsmanna og andstæðinga þeirra vegna afgreiðslubanns norðanlands á skip Eimskipafélags Íslands.

1940 Winston Churchill lætur fleyg orð falla: „Ég hef ekkert að bjóða annað en blóð, svita og tár.“

1947 Alþingi samþykkir lög um að Sauðárkrókskauptún skuli verða kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi.

1950 Diner's Club gefur út kreditkort.

## AFMÆLI



**HILMAR JÓNSSON** leikstjóri er 46 ára.



**ELLÝ ÁRMANNS** athafnakona er 40 ára.



**ÁSTA B. GUNNLAUGSDÓTTIR** knattspyrnukona er 49 ára.



**HILMAR BJÖRNSSON** fjölmiðlamaður er 41 árs.



**MANNVIRKJAGERÐ** Nemendur Heiðaskóla lærðu að búa til indíánatjald og eru hér að reisa uppistöðurnar. MYND/HELGA STEFANÍA

## Veðurfræði og brauðbakstur

Nemendur Heiðaskóla í Hvalfjarðarsveit tóku sér margt fyrir hendur er þeir nutu útikennslu í nokkra daga nýverið. Má þar nefna flugdrekasmíði úr afklippum og gömlum dagblöðum, steinamálun, veðurathuganir, bréfbátasiglingar, eldstæðisgerð og húsgagnasmíði. Þess má geta að Elkem gaf efniviðið í húsgagnasmíðina. Einnig var á dagskránni stíga- og körfugerð ásamt ýmsum leikjum, svo sem ratleikjum og margföldunarleikjum. Við íþróttahúsið var sett upp vatnsrennibraut sem var mikið notuð. Þá var brauðbakstur stundaður í stórum stíl auk þess að hádegismatur var alla dagana eldaður úti.

Heiðarskóli hefur verið undanfarna vetur þróað hjá sér útikennslu og er þetta þriðja árið sem útikennsludagar eru á vorin. Auk þess eru einstakar kennslustundir úti við allt skólaárið. Stefnt er að því auka slíka kennslu á næstu árum þar sem hún þykir kærkomin tilbreyting á hefðbundnu skólahaldi.

- gun



†

*Ástkær móðir okkar og amma,*

**Kristín Guðmundsdóttir**

frá Súluholti, Aflagranda 40 Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum 5. maí, verður jarðsungin frá Neskirkju mánudaginn 17. maí kl. 15.00.

**Þórkatla Mjöll Halldórsdóttir**
**Vildís Halldórsdóttir**
**og barnabörn.**



**KONA** Rithöfundurinn Kristín Steinsdóttir er önnur kvenna til að gegna formennsku í Rithöfundasambandi Íslands. Í bakgrunni sjást myndir af heiðurfélögum Rithöfundasambandsins, sem sumir hverjir eru gengnir á vit feðra sinna meðan tíu þeirra eru enn á lífi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

KRISTÍN STEINSDÓTTIR RITHÖFUNDUR: FORMAÐUR RITHÖFUNDASAMBANDSINS

# Ein með leynivinkonu í Berlín

„Rithöfundastarfinu fylgir einsemd því fyrst var ég ein með blýantinum mínum, síðan ritvélinni og núna tölvunni, en ég hef fyrir margt löngu komið mér í þá stöðu að lifa með persónunum sem ég skrifa um og þá er ekkert leiðinlegt lengur. Þannig fór ég ein að skrifa bók í Berlín á dögunum en var þó aldrei ein á ferð því með mér var kona sem ég skrifa nú um og sat með mér á kaffihúsum í miklum félagsskap, en auðvitað bara í huganum, ekki ósvipað og Einar Áskell gerði með Manga leynivin í margfrægri bók,“ segir glaðbeitt Kristín Steinsdóttir, enda alsæl í starfi rithöfundarins.

„Það er tvíbent gott að vera rithöfundur. Ég get ekki hugsað mér annan starfa og hef fyrir margt löngu sleppt tökum á kennslu og leiðsögumennsku. Þá er gott að mega starfa við það sem mann langar til og ekkert hræðilegra en starf sem manni leiðist í, en efnisleg gæði rithöfunda eru ónóg og fara hrakandi. Aðeins örfáir stórhöfundar ná að lifa af skrifum sínum meðan hinir eru langflestir launþegar meðfram skrifum sínum og þá oft lítið eftir af þreki og sköpunarkrafti sem skriftir bóka útheimta,“ segir Kristín sem í aprállok var kjörin nýr formaður Rithöfundasambands Íslands.

„Ég hugleiddi lengi hvort ég ætti að gefa kost á mér. Eftir áskoranir úr ýmsum áttum settist ég niður og komst að því að ég bý yfir veigamikilli þekkingu eftir mörg ár í stjórn sambandsins og veit hvað er að gerast, en það langar mig að nýtist sambandinu. Mér fannst líka mikils virði þegar karlar lögðu hart að mér og sögðu tíma kominn á konu í formannssætið, en það keflaði mig endanlega, því aðeins ein kona, Ingibjörg Haraldsdóttir, hefur gegnt embættinu síðan Rithöfundasambandið var stofnað í þessari mynd 1974. Mér fannst því kominn tími til, og ekki horft fram hjá því að konur sækja æ meira inn í Rithöfundasambandið því hlutverk þeirra hefur aukist á undanförnum árum á öllum sviðum ritlistar,“ segir Kristín. Hennar bíða ýmis krefjandi verkefni á borði formannsins í húsi Rithöfundasambandsins sem Gunnar Gunnarsson rithöfundur byggði af stórhug við Dyngjuveg 8 árunum 1950-52.

„Mín bíða mörg verk. Af þeim tæpu 400 félögum í Rithöfundasambandinu vilja flestir fá úr launasjóðnum en hvergi næg laun fyrir alla og alltaf einhver sárindi í því eilífðarmáli. Ég veit það verður eins og að klífa Everest á korteri, en mig langar sérstaklega að hafa áhrif til góðs í sambandi launasjóð rithöfunda. Þá finnst mér of lítil virðing borin fyrir höfundarverkum af hálfu gagnrýnenda og oftar en ekki kastað til þess höndunum þegar rithöfundar hafa setið við skriftir í kannski tvö ár en fá svo hraðafgreiðslu gagnrýnenda þar sem hent er í þá stjörnum eins og beini fyrir hund. Ég vil sjá meiri alúð og virðingu, því það er ekki sama hvernig hlutirnir eru sagðir,“ segir Kristín og þvertekur fyrir að gagnrýni snerti rithöfunda lítt, þrátt fyrir yfirlýsingar um annað.

„Þá er bara verið að leika kalda karla með harðan skráp, því auðvitað taka rithöfundar slæma gagnrýni nærri sér þegar þeir hafa unnið eins vel og þeir geta en eru svo hálshöggnir og fá kannski hálfa stjörnu fyrir afraksturinn. Slíkt er mjög niðurlægjandi og því vil ég sjá meiri aðgát í nærveru sálar. Stjörnuhiminn gagnrýnenda hefur alltof mikið vægi og látið við lesendur eins og þeir séu svo mikil fífl að þeim þurfi að hjálpa með því að gefa bara einfaldar stjörnur. Þetta hefur þau áhrif að þegar lesendur fara í bókabúðir rétt fyrir jól situr það eitt eftir að bókin fékk eina stjörnu og er að sjálfsögðu ekki keypt. Verst var þó þegar ritverkum var slátrað með hauskúpum, en svona virðingarleysi finnst mér óþarfi í siðmenntuðu samfélagi,“ segir Kristín sem kallar eftir samstöðu sinna félagsmanna.

„Það er gömul saga þegar rithöfundar voru herskáir og klufu hver annan í herðar niður. Ég vil að okkur líði vel saman því það er alveg nógu erfitt að sitja einn yfir bókaskrifum úti í horni þótt maður sé ekki líka í stríði við félaga sína. Við skulum þó aldrei sitja á strák okkar eða vera skoðanalaus, en vera sameinuð út á við og standa saman um að vera á móti óréttlæti á borð við það þegar bækur okkar eru komnar á 35 prósenta útsölu viku eftir útgáfudag. Það er niðurlægjandi, en við skulum reyna að hafa það skemmtilegt saman og standa föst á rétti okkar.“

thordis@frettabladid.is




**CLAUDIA SCHIFFER** situr fyrir í júníhefti hins þýska Vogue. Þykir það merkilegt fyrir þær sakir að ofurfyrirsætan er kasólétt og situr fyrir ber á forsíðunni. Ljósmyndarinn var enginn annar en Karl Lagerfeld.



FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447

Skór & töskur í miklu úrvali
www.gabor.is

Sérverslun með
Gabor xena
FÁKAFENI 9 - Sími: 553 7060
Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16


Eirberg
Viðurkenndar stuðningshlífar í úrvali
BAUERFEIND
www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25

KENNEL & SCHMENGER
SCHUHMANUFAKTUR

TUZZI
NÝ VERSLUN Í KRINGLUNNI
SÍMI 5688777



Ásgerður útskrifast frá MR í vor en stefnir í framtíðinni á að læra um textílhönnun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Kolaportið er ein besta tískuvöruverslunin

**Ásgerður Birna Björnsdóttir hefur gaman af gamaldags fatastíl en þykir skemmtilegt að blanda saman gömlu og nýju. Þannig er hún í gamalli skyrtu sem hún fann í Kolaportinu við smekkbuxur úr KronKron.**

„Mig var lengi búið að dreyma um að eignast smekkbuxur svipuðum þeim og maður átti þegar maður var lítill,“ segir Ásgerður Birna Björnsdóttir sem heldur mikið upp á smekkbuxur sem hún keypti fyrir nokkrum árum í versluninni KronKron. „Þær hafa tilfinningalegt gildi,“ segir hún brosandi og strýkur yfir grábláar buxurnar.

Við buxurnar valdi Ásgerður nokkurs konar sjóliðaskyrtu sem hún fann í Kolaportinu. „Ég elska Kolaportið,“ segir hún glaðlega en þar finnst henni gaman að skoða og finna flíkur. „Maður finnur svo margt skemmtilegt sem er ekki að finna annars staðar, bæði flotta en líka undarlega hluti,“ segir hún og bætir við að verðið skemmi ekki fyrir. Þrátt fyrir að Ásgerður sé mikið fyrir gamaldags hluti segist hún einnig skoða tískublöðin enda þyki henni gaman að blanda saman gömlu og nýju.

Hún hefur enda lengi haft gaman af tísku og þykir skemmtilegt að kynna sér gömul tískutímabil. Þá tengjast framavonir hennar einnig sama sviði.

Eftir útskrift úr MR í vor ætlar Ásgerður að vinna næstu mánuði og safna peningum til að ferðast. Á næsta ári vill hún hins vegar skella sér á skólabekk á ný og þykir líklegt að eitthvað í sambandi við tísku og textílhönnun verði fyrir valinu. Hún hefur ekki ákveðið hvort sá skóli verði hér á landi eða erlendis. „Ég er með ýmislegt í huga en svo veit ég ekki hvar ég enda.“

*solveig@frettabladid.is*

Gleðilegt sumar!
SAGA, ÞÓR OG VALHÖLL
Heilsudýnur á frábæru verði.
Queen rúm með botni frá kr. 99.900
STILLANLEG RÚM

2x90 cm – Verð frá 349.900
IQ-CARE
HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR
Queen rúm með botni kr. 179.900
Svefn & heilsa
www.svefn.is
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00



**FYRIRSÆTAN IMAN** hefur ákveðið að gerast aðstoðarþáttastjórnandi sjónvarpsþáttaraðarinnar The Fashion Show sem sýnd er á Bravo. Þar verður hún hönnuðinum Isaac Mizrahi innan handar.











Jakkapeysur á bæði kyn eru í nýju línunni frá Lúka Art Design.

MYNDIR: SARA ROSS



Flott jakkapeysa á herrann.



Lúka-systur, Brynhildur og Gunnhildur Þórðardætur.


## AFGREIÐSLUSTARF

Afbragðs starfskraftur óskast til starfa í *Snyrtibankann*, rúmgóða snyrtivöruverslun sem státar af fjölbreyttu vöruvali. Um fullt starf er að ræða og æskilegt að starf geti hafist sem fyrst.

**Menntunar og hæfniskröfur:** Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt, hafa mikla ábyrgðartilfinningu og vera einstaklega þjónustulipur. Menntun á sviði snyrtifræði eða förðunarfræði kostur. Snyrtimennska og góð framkoma skilyrði.

**Meðal helstu verkefna:** Þjónusta og sala til viðskiptavina, þrif í verslun, framstillingar og önnur tilfallandi störf svo sem lagervinna.

**Umsóknir sendast til s.gunnbj@simnet.is fyrir 20.05 2010.**


# Alíslenskt á kroppinn

**Ný fatalína frá fyrirtækinu Lúka Art Design er á leið í verslanir í höfuðborginni, Borgarnesi og á vefnum. Þar er íslensk framleiðsla á ferð sem systurnar Brynhildur og Gunnhildur Þórðardætur standa á bak við.**

„Það er allt að gerast og vörurnar streyma inn, það er að segja stærri flíkurnar, jakkarnir, peysurnar og slárnar,“ segir Gunnhildur. Systir hennar Brynhildur er stödd austur á Hvolsvelli þegar viðtalið fer fram. „Við látum framleiða fyrir okkur hjá Glófa á Hvolsvelli og Akureyri en það kom upp smá töf á afgreiðslu að norðan út af brunanum sem þar varð í síðustu viku. Smávaran er framleidd þar, vettlingar, húfur og sokkar og kemur í búðirnar eftir fáeinar vikur,“ útskýrir Gunnhildur.

Gunnhildur er myndlistarmaður og Brynhildur fata- og textílhönnuður. Gunnhildur segir þær hafa búið til hluti sjálfar frá því þær voru unglingar og það hafi legið beint við að þær færu að vinna saman. Þetta er fatalína númer tvö frá Lúka Art Design, sú fyrsta leit dagsins ljós í fyrra eftir að hugmyndir systranna höfðu slegið í gegn á sýningu. Efnið er íslensk ull, unnin og spunnin hér heima.

Fatnaður Lúka Art Design fæst í Landámssetrinu í Borgarnesi, Kraumi, Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar og vefversluninni Nordic Store - Shop online og er væntanlegur á fleiri staði. Nánar á www.lukaartdesign.is *- gun*



Slá sem gott er að bregða yfir sig á öllum árstímum á Íslandi.











Hátísku skómerki á borð við Christian Louboutin og Jimmy Choo eru á lágbotna nótum þessa dagana og hafa hannað strigaskó undir sínum merkjum. Þeir verða þó ekki á lágbotna verði heldur mun parið frá Jimmy Choo kosta um 400 dollara.

www.telegraph.co.uk



## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

**Bergþór Bjarnason skrifar frá París**

# Prjál og pallíettur í Cannes

Kvikmyndahátíðin í Cannes snýst ekki aðeins um kvikmyndir heldur er hún einnig gríðarleg tískusýning fyrir öll fínu tískuhúsin. Hátíðin hófst í gærkvöldi með mikilli sýningu á rauða dreglinum. Þó að Óskarsverðlaunin séu vissulega mikið „show“ þá er eitthvað alveg sérstakt við Cannes sem kemur bæði til af staðsetningunni, því franska Riverían er engu lík, og svo andrúmsloftinu á hátíðinni. Cannes hækkar í mönnum blóðhitann, ekki aðeins af fáklæddum stúlkum í flæðarmálinu sem reyna að vekja á sér athygli heldur einnig vegna þeirra mynda sem sýndar eru og valda oft á tíðum sterkum viðbrögðum og er skemmst að minnast Antikrists Lars Von Triers í fyrra. Í miðri maí-byltingu 1968 varð að hætta í miðju kafi. Meira að segja íslenskir útrásarvíkingar hafa náð að komast á snekkjur við Cannes-strendur á hátíðinni en það var nú í fyrra lífi fyrir hrun.

Í ár vonast aðstandendur hátíðarinnar eftir því að pallíettur og prjál verði aftur í hávegum höfð í Cannes eftir kreppustemninguna í fyrra. Um leið að sjálfsögðu hátískan. Sumir fastagestir verða þó fjarverandi eins og Sharon Stone eða Monica Bellucci, önnur við tökur, hin á fæðingardeildinni.

Allt sem hægt er verður að vanda lagt í að þjóna sem allra best öllum mögulegum og ómögulegum duttlungum kvikmyndastjarnanna. Til dæmis með handsnyrtingu í höndum Odile Gilbert, eins af færustu snyrtisérfræðingum hátískusýninganna. Dior hefur heilt snyrtilið á ekki ómerkari stað en Hôtel Majestic svo stjörnurnar fara aðeins milli hæða. L'Oréal, Jacques Dessange og Franck Provost sjá um hár og nota 180 lítra af hárvörum meðan á hátíðinni stendur og svo mætti áfram telja.

Hönnuðir eðalgripa eru á svæðinu enda Chopard samstarfsaðili hátíðarinnar síðan 1998. Chanel og Cartier bjóða þjónustu sína, allt undir eftirliti öryggisvarða sem fylgja stjörnunum hvert fótmál. Kjólarnir eru flestir lánaðir og eftir því sem viðkomandi er hærra skrifaður á stjörnuskalanum því eftirsóttara er fyrir viðkomandi tískuhús að tryggja sér þá stjörnu enda óborganleg auglýsing. Svo eru þeir sem verða að láta sér nægja að fara í búðir tískuhúsanna sem flest eru með útbú í Cannes.

Kannski ekki skrýtið að frægir leikstjórar framleiði auglýsingar fyrir tískuhúsin eins og David Lynch og Jonas Akerlund fyrir Dior með Marion Cotillard (Óskarinn fyrir Edith Piaf) í aðalhlutverki til að kynna Lady-Dior töskuna svo aðeins eitt dæmi sé nefnt. Fyrir margt löngu hannaði Hubert de Givenchy á Audrey Hepburn og Fendi fyrir Sophiu Loren. Að þessu sinni verður öllu þessu tískubíói safnað saman og sýnt á Carlton-hóteli fyrir hátíðargesti.

*bergb75@free.fr*

# Gráhærðar fyrirsætur

NÚ MEGA FYRIRSÆTUR BÆÐI VERA GAMLAR OG Í HOLDUM.

Fyrirsætur hafa svo árum skiptir flestar verið steyptar í sama mót en undanfarið hefur mátt merkja nokkrar breytingar þar á. „Ég vildi eitthvað nýtt,“ sagði Francisco Costa, yfirhönnuður Calvin Klein, sem valdi hina gráhærðu Kristen McMenamy til að sýna fyrir sig á dögunum en hún var einnig áberandi á nýlegri tískusýningu Viktor & Rolf. „Ég valdi fyrirsætur sem endurspegla viðskiptavini mína en þeir eru færstir sextán ára.“ Sams konar tilhneiging hefur sést hjá tískuhúsum á borð við Louis Vuitton og Victoria's Secret en Costa segir efnahagsástandið neyða hönnuði til að tala beint til neytenda *- ve*



Slegist er um fyrirsætuna Kristen McMenamy sem er komin af léttasta skeiði.

# Áströlsk glæsibaðföt

**Á áströlsku tískuvikunni var meðal annars sýnd sundfatalína Zimmermann sem kallast The Vanishing Point.**

Hið þekkta sundfatamerki Zimmermann þykir af mörgum vera gulllína baðfatanna. Hönnuðir Zimmermann fara gjarnan ótroðnar og eilítið erótískar slóðir í baðfatatískunni.

Var þar um að ræða bikiní og sundboli og vöktu bikiníin sérstaka athygli, en þau voru mörg hver í glæsilegum gamaldags undirfatastíl og hlýralaus. *- jma*



Gegnsæju og mynstruðu efni blandað á víxl í æðislegum sundbol. Bikiníin minntu helst á góð aðhaldsundirföt frá 1950.


Stelpur Konur
Staðurinn - Ræktin

TT námskeið
NÝTT!
TT-HÁDEGISPÚL
kl. 12:05
aðeins fyrir vanar

**Síðustu námskeið fyrir sumarfrí!**
**Innritun hafin í síma 581 3730**

TT námskeið
TT1 – Átaksnámskeiðin sívinsælu.
Lokuð 5 vikna námskeið 3x í viku
kl. 6:15, 10:15, 16:40 og 17:40

TT námskeið
TT 3
Lokuð 5 vikna átaksnámskeið
3x í viku fyrir stelpur 16-25 ára
kl.18:25

Rope Yoga
Heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi.
Lokuð 5 vikna námskeið
kl. 6:15, 7:20, 12:05 og 16:30

STOTT PILATES
STOTT PILATES
Æfingakerfi byggt á pilatesæfingum
Joseph Pilates. Krefjandi æfingar.
5 vikna námskeið 3x í viku
kl. 16:30

60+
60+
Líkamsrækt fyrir konur 60 ára og eldri
2x í viku kl. 9:25

mótun
Nýtt! MÓTUN
Teygju- og styrktaræfingar.
Æfingakerfi hannað af Báru Magnúsdóttur
2x í viku kl. 10:30 og 16:30

Þú getur strax byrjað að æfa!
Um leið og þú skráir þig á námskeið og greiðir fyrir það geturðu strax byrjað að æfa – sækja tíma í opna kerfinu okkar og tækjasal þar til námskeiðið hefst.
Öllum námskeiðum fylgir frjáls aðgangur að tímum í opna kerfinu og tækjasal.
Á heimasíðunni okkar, www.jsb.is færðu svo nánari upplýsingar um það sem við höfum að bjóða.

Velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is





20% KYNNINGARAFSLÁTTUR
TUZZI
NÝ VERSLUN Í KRINGLUNNI
SÍMI 5688777



















adidas
adidas adiStar Ride 2
33.990,-





adidas
adidas Supernova Glide 2 W
25.990,-

adidas
adidas Supernova Riot 2
27.990,-





adidas
adidas adiZero Boston W
25.990,-



● **GÓÐUR TOPPUR** Mikilvægt er fyrir konur að eiga alltaf góðan íþróttatopp til að klæðast þegar til stendur að skokka, hlaupa eða taka þátt í öðrum íþróttum, til að halda brjóstunum á sínum stað og koma þannig í veg fyrir ýmis óþægindi.



**„Við hjálpum viðskiptavinum okkar að finna viðeigandi búnað til að auðvelda þeim að bæta árangur sinn," segir Bjarki, hjá adidas á Íslandi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Bætir árangur í hlaupum

**adidas sér viðskiptavinum sínum fyrir vönduðum hlaupabúnaði og öðrum íþróttavörum sem tryggir góðan árangur.**

Íþróttavörufyrirtækið adidas hefur frá árinu 1949 framleitt íþróttavörur með þarfir ólíkra neytenda í huga. Bjarki Magnússon, markaðsstjóri hjá adidas á Íslandi, segir vörur og ekki síst hlaupabúnað fyrirtækisins bera þess skýr merki, þar sem hann auðveldi notendum að ná settu markmiði.

„Yfirlýst markmið adidas er að hjálpa viðskiptavinum sínum að verða betri hlauparar, meðal annars með því að bjóða upp á góða skó og fatnað. Þannig bjóðum við upp á fjórar hlaupalínur, sem henta hlaupurum með ólík markmið, byrjendum og lengra komnum hvort sem þeir vilja grennast eða einfaldlega verða betri hlauparar," segir Bjarki og nefnir þá nýjustu til sögunnar.

„adiZero línan samanstendur af léttari vörum, skóm, fatnaði og fylgihlutum og hentar þeim sem vilja hlaupa sem hraðast og bæta tíma sinn. adiZero er önnur af tveimur topplínum sem adidas býður upp á. Hin er adiStar, sem hentar hlaupurum sem vilja þægindi ofar öðru og er ekki í mun að hlaupa hratt eða bæta tíma sinn."

Þeir sem eru lengra komnir og vilja bæta frammistöðuna frekar ættu að sögn Bjarka að íhuga Supernova línuna frá adidas. „Hérna erum við að tala um vöru sem á þátt í að efla getu notandans," bendir hann á og bætir við: „Sé markmiðið hins vegar að nota hlaup til að styðja við aðrar íþróttir þá er Response línan svarið, en hún kemur sér líka vel fyrir byrjendur eða styttra komna."

Hann tekur fram að í ár ætli adidas ekki aðeins að færa viðskiptavinum sínum skó og fatnað sem geri þá að betri hlaupurum, heldur ýmsan búnað og þar á meðal kerfi á borð við miCoach, sem hjálpar hlaupurum að skipuleggja sig, æfa og fylgjast með árangri á skilvirkari hátt. „Þetta er mjög öflugt tæki sem þjálfar hlaupara og á þátt í því að þeir nái betur settum markmiðum. Notandinn hefur það á sér á hlaupum og lætur síðan micoach.com heimasíðuna lesa úr upplýsingunum."

Bjarki getur þess að hlaupabúnað frá adidas sé hægt að fá á völdum sölustöðum um land allt, þar á meðal í adidas Concept Store í Kringlunni, Ozone á Akranesi, Sportver á Akureyri, Músík & Sport í Hafnarfirði og í Verslunum Útilífs í Glæsibæ, Kringlunni, Smáralind og Holtagörðum.

# Skelltu skónum í þvottavélina

Strigaskór komast í snertingu við ýmis óhreinindi sem gera þá gamla og sjúskaða fyrir aldur fram. Góðu tíðindin eru að flesta strigaskó má þvo með góðum árangri og jafnvel hvítir strigaskór geta glansað sem nýir með réttu þvottaaðferðinni.

● Skelltu skónum í þvottavél. Það hljómar ótrúlega en er árangursrík aðferð til að hreinsa skóna að innan sem utan. Áður en þú setur vélina af stað skaltu fjarlægja skóreimar og laus innlegg. Þvoðu skóna eina og sér á stillingu sem notar lítið vatn og notaðu þvottaefnið sparlega. Að þvotti loknum skaltu taka skóna úr vélinni og leyfa þeim að þorna af sjálfum sér. Gott er að setja dagblað fram í tána til að skórinn haldi lagi sínu meðan hann þornar, því annars getur táin bognað upp á við. Gættu þess að skórnir séu úr vatnsheldu efni.



**Þvoðu skóna á stillingu sem notar lítið vatn og farðu sparlega með þvottaefnið.**

● Handþvottur gerir sama gagn. Blandaðu saman vatni og sápu og skrúbbaðu skóna að utan með gömlum tannbursta þar til óhreinindin hverfa á bak og burt. Strjúktu þá skóna með rökum klút eða skolaðu með hreinu vatni. Þurrkið skóna á sama hátt og lýst var hér að ofan.

● Skóreimar óhreinkast líka, ekki síst þær hvítu. Taktu þær úr skónum og settu í volgt sápuvatn. Gott er að nudda þær upp úr sápu til að ná þeim extra hreinum. Eftir skolun eiga þær að þorna af sjálfu sér.

● Ef þú ert á hraðferð og þarft að losna við bletti eða önnur óhreinindi af strigaskónum skaltu prófa að strjúka yfir með blautþurrku.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | **Umsjónarmenn auglýsinga:** Hlynur Steingrímson hlynurthor@365.is s. 512 5439



Ísklifur er ein af sérgreinum Einars Rúnars og hægt er að komast í slík ævintýri undir hans leiðsögn. MYNDIR/ÚR EINKASAFNI

# Gekk þrisvar á Öræfajökul á fimm dögum

**Þótt Einar Rúnar Sigurðsson fjallaleiðsögumaður ferðist meira fótgangandi en gengur og gerist er hann búinn að eiga sömu gönguskóna í þrjú ár.**

Einar Rúnar býr á Hofsnesi í Öræfum og á margt sporið um fjöll og jökla sinnar sveitar. Þrjár ferðir upp á Hvannadalshnúk á fimm dögum í þessum mánuði er gott dæmi um það. Einar er staddur úti í Ingólfshöfða með hóp þegar í hann næst í farsíma. Hann er frekar undrandi þegar hann er spurður hversu mörgum skópörum hann gangi niður úr á ári. „Sem betur fer, miðað við verðlagið á evrunni núna, þá fer ég ekki með mörg pör,“ svarar hann þegar hann áttar sig á að um alvöru er að ræða. „Ég á svo góða skó frá Skarpa og er búinn að vera meira og minna á þeim í þrjú ár. Reyndar er ég á aðeins léttari skóm þegar ég fer í Höfðann eins og núna og svo er ég í sérstökum skóm í ísklifri og Hvannadalshnúksferðunum. Það eru harðbotna leðurskór sem betri stuðningur er í og eru vatnsheldari en aðrir. En mest hef ég gengið í skónum frá Skarpa og þeir eru búnir að endast í þrjú ár, það segir nokkuð um gæðin,“ segir Einar. Hann kveðst hafa gengið í alls konar skóm gegnum tíðina og sumum hafi hann slitið á einu sumri.



Einar Rúnar er með reyndustu fjallaleiðsögumönnum landsins.

Einar Rúnar rekur fyrirtækið Öræfaferðir ásamt konu sinni Matthildi Þorsteinsdóttur. Stór liður í starfseminni er dráttarvélaferðir út í Ingólfshöfða en Einar Rúnar er líka einn af vönustu fjallaleiðsögumönnum landsins og hefur staðið oftar á toppi Öræfajökuls en nokkur annar í heiminum. Hann segir besta tímann fyrir hefðbundnar göngur á Hnúkinn í maí og júní en er þó með ferðir þangað meira og minna allt árið, ef fært er, meðal annars á gönguskíðum. Fleiri tindar og fjöll í nágrenninu liggja líka vel við hans gönguskóm.

Hægt er að forvitnast meira um Einar á slóðinni http://web.me.com/einarr og www.oraefaferdir.is *- gun*

# Skipulag og skilvirkni

Adidas hefur sett á markað sérstakt kerfi, miCoach, í því skyni að auðvelda hlaupurum að ná sem bestum árangri. MiCoach-kerfið er þrískipt. Í fyrsta lagi býður adidas upp á tvær útgáfur af miCoach-tækjum. Annars vegar púlsmælinn miCoach Zone sem veitir upplýsingar um á hvaða álagssvæði er verið að hlaupa hverju sinni.Hins vegar miCoach Pacer-tækið sem er tengt við púlsmæli og skrefamæli og veitir upplýsingar um vegalengd, hraða, tíma og púls. MiCoach Pacer má svo tengja við vefsíðuna micoach.com þar sem hægt er að skipuleggja æfingar og fylgjast með árangri sínum. Á micoach.com er einnig hægt að fá sérsniðna hlaupaáætlun og skipuleggja sig til þess að ná betri árangri, burtséð frá því hvort viðkomandi er að nota micoach tækin. Þess má svo geta að hlaupalínurnar frá adidas: adiStar, Supernova og Response, bjóða upp á fatnað og skó sem tengjast tækjunum. Fötin eru með vösum fyrir tækin og götum til þess að þræða snúrur og heyrnatól. Í skónum er hólf undir innleggjunum þar sem vegalengdarmælinum er komið fyrir.

Sjá www.micoach.com.





**Kerfið er í raun þrískipt. Það eru tvær mismunandi útgáfur af gagnvirkum hlaupaþjálfum sem hjálpa þér að stilla álagið rétt á æfingum og svo síðan micoach.com þar sem hægt er að skipuleggja æfingar. MiCoach kerfið hjálpar hlaupurum að skipuleggja sig, æfa og fylgjast með árangri á skilvirkari hátt en áður.**




adidas
Supernova LS Tee W
7.990,-



adidas
Supernova Glide ¾ Tight W
9.990,-



adidas
Supernova Glide SS Tee
7.990,-



adidas
Supernova Glide Long Tight
11.990,-



● **MARAÞON Í SUMAR** Taktu fram hlaupaskóna og settu þér markmið um að taka þátt í einhverju maraþoni í sumar. Á netinu er hægt að finna upplýsingar um hvaða hlaup eru í boði í sumar, meðal annars á hlaup.is.



„Svo er voða gaman fyrir fólk að setja sér það takmark að taka þátt í einhverjum af þessum almenningshlaupum," segir Gunnar Páll sem leiðir hér hópinn.

# Skokk sem heilsurækt

„Nærri því allir geta stundað hlaup eða skokk sem heilsurækt," segir Gunnar Páll Jóakimsson, íþróttafræðingur og hlaupaþjálfari. „Menn þurfa bara að finna hvernig þeir byrja."

Gunnar Páll segir að sniðugt sé að finna skokkhópa á sínu svæði. „Þar eru einhverjir að leiðbeina. Gjarnan er skipt í hópa eftir því hvort menn eru að byrja eða eru komnir lengra," útskýrir hann og bendir á að á heimasíðunni www.hlaup.is sé hægt að finna upplýsingar um skokkhópa.

„Stóra málið er bara að leggja af stað og byrja," segir Gunnar Páll sem ráðleggur fólki hiklaust að byrja að skokka þrisvar til fimm sinnum í viku. „Hver og einn verður að finna hvað er hæfilegt fyrir hann. Það er best að fara af stað með því að ganga og skokka í þeim hlutföllum sem fólki finnst þægilegt, þess vegna bara tíu til tuttugu mínútur. Í raun er líka mjög gott að blanda saman skokki og einhverri annarri tegund af þolþjálfun, eins og hjólreiðum eða sundi." *- mmf*




Árið 1912 birti tímaritið Femina forsíðumynd af konu í víðum, síðum kjól að spila tennis.



Húfur, vettlingar og treflar voru oft talin til sportklæðnaðar á norðlægum slóðum.



# Hnébuxur og ull til íþróttaiðkunar í eina tíð

**Íþróttaföt, einkum kvenna, hafa gerbreyst síðustu hundrað árin. Blaðamaður fletti í gegnum gömul dagblöð til að skoða þróunina betur.**

Íþróttafélög tóku að blómgast um aldamótin 1900 og ungir íþróttamenn fóru að fara í stuttar gönguferðir um nágrenni Reykjavíkur. Smám saman fóru göngumenn að lengja ferðirnar og fóru að ganga á fjöll. Útbúnaðurinn var í fyrstu mjög einfaldur – góðir gönguskór, ullarföt og ullarsokkar. Enskur sportklæðnaður tók að flytjast til landsins nokkrum áratugum síðar.

Árið 1931 má finna tískuumfjöllun í Fálkanum þar sem fjallað er um „nýtísku íþróttaföt". Samkvæmt útlistingum blaðsins eru það buxur, úr þykku ýróttu ullarefni, prjónuð treyja, trefill og húfa í stíl og segir blaðið frá því að margt hafi breyst í íþróttaklæðnaði síðustu tuttugu árin frá því þegar kvenfólk bæði hjólaði, réri og reið í þröngum fötum og með lífsstykki. „Þá var ekkert tillit tekið til þess hvort fötin voru hentug og þægileg. En nú er öldin önnur. Nú hneykslast enginn þó kvenfólkið sje frekar fáklæddara við íþróttaiðkanir en annars, jafnvel þó vart verði annað sagt, en að þær megi lítið missa af fötum til að vera nær því berar," segir jafnframt í Fálkanum. Sjö árum síðar, árið 1938, segir Sonja, „tískufréttaritari Morgunblaðsins í London" lesendum blaðsins frá nýjustu straumum og stefnum í tísku á sérstakri síðu í blaðinu sem kallaðist „Kvenþjóðin og heimilin". Þar segir Sonja að sportklæðnaður verði nú „hafður í glaðlegum litum, oft úr skoskum ullarefnum. Appelsínugult, brúnt, ljósbrúnt, kaffibrúnt og allir gulir litir hæfa vel íþrótta- og sveitalífi."

Dagur var með sérstakan þátt sem kallaðist Móðir, kona, Meyja á síðum sínum þar sem gjarnan var fjallað um tísku og árið 1945 er litið til Noregs í sportfatatískunni og rætt hvað konur þar klæða sig praktískt þegar þær stundi hvers kyns hreyfingu. Klæðnaðurinn sem um ræddi voru hnébuxur og síðar buxur og pils, úr þægilegum ullarefnum, jakkar við og litsterk hlífðarföt svo sem vettlingar, húfur og treflar. Hnébuxur urðu mjög vinsælar sem íþróttafatnaður og nutu lengi vinsælda. Í Vísi árið 1968 er tískumyndaþáttur þar sem kona í íþróttaiðkun er sýnd í „nýjustu tísku" – hnébuxum, ullarpeysu, tilheyrandi húfu og sportsokkum. *- jma*






● **SYNT, HJÓLAÐ OG HLAUPIÐ** Kópavogsþríþraut verður haldin sunnudaginn 16. maí. Þríþrautin hentar vel þeim sem eru að prófa í fyrsta sinn enda vegalengdum haldið í hófi. Syntir verða 400 metrar, hjólaðir 10 kílómetrar og loks er 2,5 kílómetra hlaup.

Nauðsynlegt er að skrá sig áður á hlaup.com en þátttökugjald er 1.500 krónur. Mæting verður í Kópavogslaug klukkan 9. Hjálmaskylda er í hjólagrein og aldurstakmark í keppninni er 18 ár. Nánari upplýsingar er að finna á www.hlaup.com og www.triceland.net



„Asics stendur fyrir Anima Sana in Corpore Sano sem þýðir Heilbrigð sál í hraustum líkama,“ segir Gunnar Einarsson knattspyrnumaður og starfsmaður Sportís. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fólk setur heilsu, vellíðan og fjölskyldu í forgang

**Íþróttamerkið Asics hefur fest sig rækilega í sessi á Íslandi sem gæðamerki í hlaupaskóm. Í merkinu fæst einnig fjölbreyttur íþróttafatnaður og skór fyrir ýmsa útivist.**

„Ég hef tekið eftir því að fólk er farið að forgangsraða lífi sínu öðruvísi eftir bankahrunið. Það tekur heilsu, vellíðan og fjölskylduna fram yfir mikla vinnu og mér þykir mikill meðbyr í þjóðfélaginu með hreyfingu og íþróttaiðkun,“ segir Gunnar Einarsson knattspyrnumaður sem er yfir heildsölusviði hjá fyrirtækinu Sportís. Sportís er meðal annars með umboð fyrir vörur frá Asics sem Gunnar segir mjög vinsælar á Íslandi.

„Mín fyrstu kynni af Asics voru í Hollandi þegar ég spilaði með liði sem klæddist vörum frá þeim,“ segir Gunnar og líkaði stórvel. Hann spilaði knattspyrnu í Hollandi í fimm ár, hefur síðustu ár spilað á Íslandi og nú hafið þjálfaraferil sinn sem spilandi aðstoðarþjálfari hjá Leikni.

Þótt hann hafi haft góð kynni af íþróttamerkinu Asics kom honum mjög á óvart, þegar hann hóf störf hjá Sportís síðastliðið haust, hversu mikil vísindi liggja að baki hönnun þess. „Það liggur margra áratuga þróun að baki bæði skónum og fötunum,“ segir hann og bætir við að mjög stór hluti hlaupara á Íslandi klæðist skóm frá Asics. „Fólk er trútt vörumerkinu og margir sem vilja ekki vera í öðru.“

Hlaupaskór frá Asics eru vinsælastir á Íslandi en þó er einnig að finna breiða línu göngu-, takka- og handboltaskóa. Þar fyrir utan er einnig framleiddur gæðaíþróttafatnaður í merkinu. Markmið Sportís er að auka úrval og sýnileika fatnaðarins á næstunni.

Gott orðspor Asics hefur borist víða um landið og ekki sakar að Sportís er iðið við að styðja við afreksíþróttamenn á borð við Helgu Margréti Þorsteinsdóttur tugþrautakonu. Einnig var nýlega stofnaður Asics hlaupahópur sem samanstendur af sjö áberandi götuhlaupurum. Þá eru Sportís styrktaraðilar að Reykjavíkurmaraþoninu og Laugavegshlaupinu og koma að mörgum hlaupum yfir sumartímann.

Asics-vörurnar eru seldar í helstu íþróttavöruverslunum landsins. Gunnar segir mikið kapp lagt á að veita góða þjónustu og að sölumenn séu duglegir að kynna sér nýjungar í merkinu enda alltaf verið að betrumbæta skó og fatnað.

# Skynsamleg skokkáætlun

Tilhugsunin um að skokka samfellt í fleiri fleiri mínútur reynist kyrrsetufólki erfið en með því að fara hægt af stað og gefa sér góðan tíma er hægt að ná fínum árangri.

Á heimasíðu skokkhópsins Fjölnis er að finna tíu vikna byrjendaáætlun sem endar með þrjátíu mínútna skokki. Þar er mælt með því að byrjað sé á að aðlaga líkamann með þrjátíu mínútna röskri göngu þrisvar til fjórum sinnum í viku. Í fyrstu hlaupavikunni er byrjað á því að skokka í tvær mínútur og ganga í fjórar og er það endurtekið fimm sinnum. Í næstu viku er skokkað í þrjár mínútur, gengið í þrjár og endurtekið jafn oft. Nánari leiðbeiningar er að finna á slóðinni www.skokk.is/Byrjandaaætlun.htm en miðað er við að þeim sé framfylgt þrisvar í viku. Að tíu vikum liðnum er hálftíma skokk leikur einn. *- ve*



Á tíu vikum er hægt að ná góðum árangri.


asics

**Kayano 16**



Stöðugur og mjúkur innanfótastyrktur æfingaskór. Asics skór eru mjög vinsælir meðal hlaupara.
Henta sérlega vel þeim sem eru með venjulegan hlaupaferil eða örlítið of mikinn innhalla. Stöðugir skór (stability, structured cushioning) með umtalsverði dempun. Stórir gel púðar undir hæl og tábergi.
Skórnir eru mjög stöðugir. Frá niðurstigi að fráspyrnu rúllar skórinn einstaklega vel með hjálp IGS (Impact Guidance System). IGS stjórnar lendingunni frá hæl að fráspyrnu og veldur þannig mun eðlilegra niðurstigi. Þetta er vegna þess að IGS kemur í veg fyrir að fóturinn skekkist inn á við í niðurstiginu.



asics

**Nimbus 11**



Hentar vel þeim sem eru með venjulegan hlaupaferil eða einhvern úthalla (frekar stífur fótur). Venjulegir skór henta oft hlaupurum með háa il.
Ótrúlega þægilegir og mjúkir æfingaskór.
Frábær höggdempun, mikill stöðugleiki og enn nær fullkomnun í léttum öflugum skóm.
Nimbus er hannaður til að mæta kröfum þeirra sem eru með háa rist (stífan fót) og álagið út á jarkann í niðurstiginu eða þeirra sem eru með venjulegan hlaupaferil. Mjög endingargóðir.



asics

**GT-2150 (Karlar)**



Stöðugur og mjúkur æfingaskór. Asics skór eru mjög vinsælir meðal hlaupara.

**Notkun.** Henta sérlega vel þeim sem eru með venjulegan hlaupaferil eða örlítið of mikinn innhalla. Stöðugir skór henta oft mjög vel hlaupurum með venjulega il/rist (ekki of háa eða flata) og venjulegt hlaupalag, en eru í þyngri kantinum.



asics

**Trail Attack 6**
**Utanvegaskór**



Stöðugur og mjúkur skór til að hlaupa utanvega.

**Notkun.** Fyrst og fremst skór til að hlaupa utanvega.
Ekkert mælir þó móti því að nota líka í götuhlaup, því allur stöðugleiki og dempun götuskóna er til staðar. Hentar hlaupurum með mismunandi hlaupalag. Stöðugir skór (stability, structured cushioning) með umtalsverði dempun og mýkt.



**Stöðugleiki.** Skórnir eru mjög stöðugir sem er mikill kostur í utanvega hlaupum, þar sem veltingur um ökkla eykur hættu á meiðslum. Frá niðurstigi að fráspyrnu rúllar skórinn einstaklega vel með hjálp IGS (Impact Guidance System). IGS stjórnar lendingunni frá hæl að fráspyrnu og veldur þannig mun eðlilegra niðurstigi.

PUMA



Complete **Velosis**
- Heil IdCELL plata í sóla
- EverFoam minnisfrauð við hæl
- duoCell gelpúði í hæl
- ArchTech stuðningur undir miðfæti

Verð: Kr. 29.990.-



Complete **Vectana**
- M2D innanfótarstuðningur
- EverFoam minnisfrauð við hæl
- IdCell frauðplata og duoCell gelpúði í sóla
- ArchTech stuðningur undir miðfæti

Verð: Kr. 28.990.-



Complete **Ventis**
- Tvískipt IdCELL plata í sóla
- EverFoam minnisfrauð við hæl
- duoCell gelpúði í hæl
- ArchTech stuðningur undir miðfæti

Verð: Kr. 26.990.-



Cell **Levaio**
- IdCELL plata undir framfæti
- ArchTech stuðningur undir miðfæti
- Góð öndun

Verð: Kr. 17.990.-

**PUMA** hlaupaskór fást í íþróttaverslunum um land allt





Hér sjást þau Sigþór Árnason sölumaður og Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir, sölustjóri Puma hjá Tótem, með hlaupaskó frá Puma.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Heimsmet slegin í Puma

**Fljótasti maður heims hleypur í Puma-hlaupaskóm og ætlar enn að auka hraðann í samvinnu við Puma.**

„Puma á sér langa sögu í lífsstílsfatnaði og margir sem setja samasemmerki milli Puma og tísku, en undanfarið hafa Puma-menn lagt meiri áherslu á að Puma sé líka íþróttamerki og það vilja þeir halda í,“ segir Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir, sölustjóri Puma hjá Tótem, sem flytur inn allt sem tilheyrir Puma.

„Puma-æði hefur runnið á heimsbyggðina eftir að fljótasti maður heims, jamaíski spretthlauparinn Usain Bolt hljóp til sigurs á Ólympíuleikunum í Peking 2008, en í Puma-hlaupafatnaði og á Puma-hlaupaskóm hefur hann einnig orðið heimsmeistari og heimsmethafi í 100 og 200 metra spretthlaupi karla. Puma á í nánu samstarfi við Usain Bolt sem er nú aðalauglýsingaandlit Puma og hefur þróað hlaupafatnað undir eigin nafni fyrir Puma,“ segir Ragnhildur um sjóðheita hlaupalínu Puma sem Íslendingar hafa beðið með óþreyju.

„Puma hafði áður gert samning við landslið Jamaíku í frjálsum íþróttum árið 2002 og hafa á hverju ári síðan komið með árstíðabundnar hlaupalínur í samvinnu við liðið. Fyrir Ólympíuleikana 2008 stigu þeir svo stærsta skrefið í átt að því að verða alvöru hlaupamerki og árangurinn lét ekki á sér standa með Usain Bolt í hlaupaskónum, en hann er nú orðinn frjálsíþróttamaður númer eitt í heiminum,“ segir Ragnhildur sem næsta sumar tekur mót nýrri línu Usains Bolt fyrir Puma í lífsstílsfatnaði.

„Mikil eftirspurn hefur orðið eftir hlaupafatnaði og hlaupaskóm Puma, enda línan nánast fullkomin og allt í boði, bæði keppnisföt sem og dagleg föt í ræktina og út að hlaupa, og fötin með því allra besta sem gerist,“ segir Ragnhildur sem fer ekki varhluta af vinsældum Puma hjá einstaklingum og liðum hér heima.

„Það var klókt hjá Puma að fá Usain Bolt til liðs við sig, og vissulega verðskuldað líka því hann er sannarlega sá allra besti í heiminum í sínum eigin Pumaskóm. Þá hentar merkinu einkar vel að vera í samstarfi við landslið Jamaíku sem er trallandi hresst og brosir mót heiminum, því ímynd Puma er allt önnur en annarra merkja á heimsvísu.“

# Þrumufleygurinn Usain Bolt

Spretthlauparinn Usain Bolt er fæddur á Jamaíku 21. ágúst 1986. Hann er núverandi ólympíugullhafi, heimsmeistari og heimsmethafi í 100 og 200 metra spretthlaupi karla.

Á Ólympíuleikunum í Peking 2008 setti hann heimsmet og ólympíumet í báðum greinum; 9,69 sekúndur í 100 metrum og 19,30 sekúndur í 200 metrum. Með jamaíska liðinu setti Bolt einnig heimsmet í 4x100 m hlaupi, þar sem hann hljóp þriðja sprettinn.

Á heimsmeistaramótinu í Berlín 2009 setti Usain Bolt aftur heimsmet í 100 metra hlaupi þegar hann hljóp á 9,58 sekúndum og í 200 metra hlaupi á 19,19 sekúndum. Þar með varð hann fyrstur til að eiga ólympíumeistaratitil og heimsmeistaratitil í báðum greinum.

Usain Bolt er talinn hraðskreiðasti maður veraldar og er gjarnan kallaður „Þrumufleygur“ eða „Lightning Bolt“.




Alþjóðafrjálsíþróttasambandið kaus Usain Bolt frjálsíþróttamann ársins 2008.



**● ÝMISLEGT UM MARAÞON**

● Nafnið Maraþon er komið frá Grikkjanum Pheidippides sem er sagður hafa hlaupið frá bænum Maraþon til Aþenu til þess að tilkynna fólki að Persarnir hefðu verið sigraðir í baráttunni um Maraþon. Stuttu eftir að hafa tilkynnt þessi gleðitíðindi er hann sagður hafa dottið niður dauður.

● Spiridon „Spiros“ Louis var grískur fjárhirðir sem sigraði í fyrsta maraþonhlaupinu á Ólympíuleikunum árið 1896 á 2 klukkustundum, 58 mínútum og 50 sekúndum. Þess má geta að á leiðinni kom hann við hjá frændfólki sínu og drakk með þeim vínglas áður en hann hélt áfram.

● Reykjavíkurmaraþon var fyrst haldið árið 1984 og tóku þá 214 þátttakendur frá átta þjóðum þátt í hlaupinu.



**● ÞETTA ER UNDARLEGT SPORT**

● Körfuboltamaðurinn Shaquille O'Neal notar skó númer 22, en þess má geta að skór númer 9 jafngilda númeri 42 í okkar númerakerfi. Hann notar nýja skó í hverjum leik.

● Fyrsti pökkurinn sem notaður var í leik var frosinn kúaskítur.

● Ari Petrof er Svíþjóðarmeistari í sána. Hann var fimm tíma og tíu mínútur í 100 gráðu heitri sánu.

● Í Róm til forna kepptu menn naktir á Ólympíuleikunum.

● Jójó kann að vera til skemmtunar í dag en það var upphaflega notað sem mannskætt vopn á Filippseyjum á sextándu öld.

● Í Japan til forna voru haldnar prumpkeppnir í bæjum til að sjá hver gæti prumpað hæst og lengst. Sigurvegarinn hlaut ríkuleg verðlaun og virðingu fyrir.

# Mikilvægt að bregðast skjótt við beinhimnubólgu

Beinhimnubólga er algeng hjá hlaupurum og þeim sem hlaupa langhlaup. Beinhimnubólga tengist álagi og kemur oft við breytingar á undirlagi svo sem skóm, álagi, hlaupastíl eða þegar hlaupið er á hörðu undirlagi svo sem malbiki. Til varnar beinhimnubólgu eru góðir hlaupaskór nauðsynlegir og verða að hæfa bæði hlauparanum og undirlagi. Erfitt getur verið að eiga við beinhimnubólgu en þó hefur reynst vel að hita vel upp fyrir æfingu og nota hitahlífar þegar hlaupið er. Nota höggdeyfandi innlegg í skóna og kæla legginn strax eftir æfingar. Ef beinhimnubólgan er slæm skal álagið minnkað og hlé jafnvel tekið frá æfingum.

*Heimild: www.hlaup.is*



Góðir hlaupaskór eru nauðsynlegir til varnar beinhimnubólgu.





512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



Áríðandi er að verða sér úti um rétt skótau áður en lagt er af stað.

## Gott að fara í greiningu

Hlaupalag fólks er misjafnt og niðurstig þess ólíkt. Því þarf skótauið að vera miðað við einstaklinginn. Rangur fótabúnaður getur valdið verkjum í liðum og tábergi og aukið áhættuna á meiðslum.

Víða er hægt að fá þjónustu sem nefnist göngugreining þar sem bein-og vöðvauppbygging er skoðuð og metin og í framhaldinu er mögulegt að velja úr innleggjum sem veita stuðning. Það getur borgað sig að leita til þeirra sem hafa reynslu og þekkingu á þessum hlutum áður en tekið er á sprett út í sumarið.



Bakpokar eiga ekki að vera þyngri en 15 kíló.

## Mikilvægt að ferðast létt

Göngugarpar vilja gjarnan hafa með sér einhvern búnað þegar farið er í göngu út fyrir bæinn enda fátt betra en heimatilbúið og hollt nesti og mikilvægt að hafa aukahlífðarföt og ekki síður áttavita. Þá er lítill og léttur sjúkrakassi, með plástrum fyrir hælsæri og annað, góður förunautur ef um lengri göngu er að ræða.

Þegar búið er að raða nauðsynjum í bakpokann er mjög mikilvægt að vigta pokann til að athuga hvort þyngdin sé hæfileg. Gott er að miða við að pokinn sé ekki þyngri en 15 kíló því annars munu göngumenn fljótt kenna sér meins í baki og þá er verr af stað farið en heima setið.

# Æfingaáætlun fyrir byrjendur

Fyrir fólk sem er að byrja að hlaupa og langar að geta hlaupið til að mynda 10 kílómetra eftir einhvern tíma er gott að gera sér smá hlaupaáætlun.

Góð æfingaáætlun samanstendur af þremur æfingum á viku að sögn hlaupara og er það hæfilegt fyrir flesta sem eru að byrja, þótt sumir þoli að hafa æfingarnar fjórar. Til að minnka hættuna á álagsmeiðslum getur þó verið sniðugt að hafa fjórðu æfinguna einhvers konar öðruvísi tegund af hreyfingu, svo sem göngu, hjólreiðar eða sund, auk þess sem slíkt er góð tilbreyting frá því að hlaupa.

*- jma*







Goran Micic íþróttafræðingur hjálpar þér að ná líkamlegum og huglægum framförum og stíga örugg en einföld skref í átt að bættri heilsu.

**Superform matartaska**

Matartaskan inniheldur allan mat sem þú þarft yfir daginn og er útbúin sérstaklega af Goran fyrir þig með þína orkuþörf í huga og tryggir þér þannig hámarks árángur í ræktinni.

**Vilt þú:**

- Efla orku þína og komast í form?
- Léttast og bæta meltinguna?
- Styrkja ónæmiskerfið og heilsuna?
- Koma jafnvægi á hormónana?
- Auka andlega vellíðan?
- Bæta minni og einbeitingu?



Kenndir eru 5 tímar á viku og kemst takmarkaður fjöldi að. Þáttakendur fá persónulega næringaráðgjöf hjá Goran og ráðgjöf við matarinnkaup. Boðið er upp á frítt herðanudd í pottum eftir hverja æfingu.

**Þitt er valið:**

| 4 vikna námskeið | 6 vikna námskeið | 8 vikna námskeið |
|---|---|---|
| Verð án matartösku: 29900.- | Verð án matartösku: 39900.- | Verð án matartösku: 49900.- |
| Verð með matartösku: 59900.- | Verð með matartösku: 79900.- | Verð með matartösku: 89900.- |

**Námskeiðið er hægt að greiða með léttgreiðslum til þriggja mánaða. Námskeiðið hefst 17. maí en þú getur byrjað núna!**

Grand Spa | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | Sími 578 8200 | www.grandspa.is

GrandSpa

## Spádómar

Spái í spil, ræð drauma einnig í gegnum síma. Ekkert mínutugjald. S. 891 8727, Stella.

## Iðnaður

**Málmsmiðjan Ferrum ehf**
Handrið - stigar - öll almenn sérsmiði og fín smíði í öllum málmum. Uppl. s. 861 9560 ferrum.is ferrum@ferrum.is

## Trésmíði




## Önnur þjónusta

**Sjóstöng, Sjóstöng.**
Bjóðum uppá sjóstangveiði frá Reykjavíkurhöfn. Sérferðir ehf S:892-0099.

## KEYPT & SELT

## Til sölu




Öryggis- og peningaskápar.




King Size rúm ósamansett m. dýnum, 2 ferðatöskur, 2 magnara yamaha stórir, 3x reiðstígvél & golfsett. Tilboð óskast selt sér og samann fæst ódýrt uppl: 568 5309 / 822 0161

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**

**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ),**
**Verið velkomin**

Vínskápur óskast keyptur, get staðgreitt í gjaldeyri. Vinsamlegast sendið uppl. á einarg100@gmail.com

**Innrömmun**
Óska eftir ýmsum tækjum til innrömmunar. Uppl í S. 893 9663 & 897 9225 & togs@internet.is

20 feta gámur óskast ekki verra ef hann er einangraður. Einnig óskast 1500 ltr Rotþró S 6640368

## Hljóðfæri

Óska eftir svörtu píanói. Sími 820-3973.

## Til bygginga




## Verslun






NÝ SENDING!!! árfram lagersala 1-3 þús. Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588 9925 emilia.is

## HEILSA

## Heilsuvörur



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Árangur með Herbalife í 30 ár. Pantaðu fríán prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**SPA - DREAM OASIS**
**Fáðu kort og nudd frítt.**
NUDD: Heilln., Slökunarn., Skrúbb, Pottur, Sólbekkir og fleira. Símar 567-6666 og 862-0941. http://dreamoasis.magix.net

**NUDD - AFRICANA - NUDD**
**JB HEILSULIND**
**S. 445 5000**
Algjör nautn, 2ja klukkustunda meðferð 9900.- kr. Nuddari frá Senegal. Tilb. f. 2 skrúbb, heitur pottur, nudd kr. 9900.- kr. Detox úthreinsun f. 2 kr. 9900.- margar teg. nudd. slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf, snyrting. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 4455000 JB Heilsulind Skúlagötu 40.

## Námskeið



Lærðu að hlaupa á léttari máta á hlaupastíls námskeiði. www.smartmotion.org

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Viltu ókeypis 6 daga tungumálanámskeið á netinu? Kíktu þá á http://tungumalanamskeid.com

## Ökukennsla

Ökukennsla. Kenni á Subaru Legacy árg. ,07. Uppl. í s. 891 6055, Kristján.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HEIMILIÐ

## Dýrahald



Tíkur - Labrador hvolpar - tíkur Uppl. síma 690-5398 og bennihben@visir.is

60L fiskabúr með stóru fiskapari. Nýr hitari. Ný dæla. Tæplega 100L fiskabúr með fiskum, með nýrri dælu og nýjum hitara. S.773 7389

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Ca. 55fm kjallaraíbúð í Gerðunum sv. 108 til leigu. Laus 7.júní, leiga 62þ. á mán. allt innif. Reykleysi, reglusemi og engin dýr skilyrði. Uppl. í s. 664 8412.

Til leigu 2h. 60fm íbúð í 104. Mjög snyrtileg, reyklaus & dýrahald bannað. Verð 90þ.+h&r. Myndir & uppl. á bjarki.iceatlas.is/kjallari eða S:659-9003

Til leigu 95 fm. 4 herb. íbúð í Breiðholti. Laus strax. 125 þús. á mán. Hússjóður, hiti og rafmagn innifalið. Uppl. Gunnar, sími 6952589

Herbergi til leigu á Laugavegi 143, V.32þ. S. 895 2138.

Dvergabakki. 2.h. 4 herb. 80fm. M/geymslu. V 115þ pr. m. Laus strax. S 863 8099.

Stúdíóíbúðir í hverfi 101. Til leigu. Uppl. í S. 866 7511.

## Húsnæði óskast

Óska eftir íbúð til leigu í túnunum (105) eða nágrenni. Reykl. og reglus. S: 857-5559 e. kl. 17.

## Sumarbústaðir

Sumarhús til sölu. 26,2 fm og 20 fm,fást á ýmsum byggingarstigum. S. 8617414.

## Atvinnuhúsnæði



Gott 540 ferm. skrifstofuhúsnæði til leigu við Ármúla. Skiptist í 13 skrifstofur, eldhús og rúmgott og bjart opið vinnurými. Góðar tölvulagnir til staðar. Hagstætt leiguverð. Má skipta í tvö sjálfstæð rými. Uppl. í armuli40@gmail.com.

Til leigu iðnaðarhúsnæði í Hafnarfirði. Stærðir frá 180 til 530 ferm S. 660 1060.

**Til leigu.**
Nálægt Skútuvogi ca 80 fm. lager-iðnaðar á jarðhæð. Hentar sem aðstaða fyrir iðnaðarmenn kr. 80.000,- m rafm og hita. og vinnustofur á 2. hæð 25 á 24.000 og 45 fm á 36.500 með rafm og hita. vinnustofur á 2. Hæð. leiguval.is simi 553 9820 og 894 1022

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**Geymsluhúsnæði í Garðabæ.**
Getum bætt við vélsleðum, fjórhjólum eða öðru sambærilegu til geymslu í sumar - jafnvel búslóðum og stærri einingum. Uppl. Í síma: 661 3131/897 2000.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Gisting

1-2 manna herb. í miðbæ Rvk. Verð frá 6000 kr. nóttin. Gistiheimilið Egilsborg s. 896 4661.

## ATVINNA

## Atvinna í boði




Þaulvanur starfskraftur óskast til starfa á bónstöð þarf að geta unnið sjálfstætt og hafa þekkingu á viðeigandi efnum og geta skrifið út nótur og tekið við kreditgreiðslum. Uppl. 662 5844 & 445 9090

Aukatekjur, frjáls vinnutími ! Okkur vantar hressa einstaklinga í okkar hóp; sjálfstætt starf, góðar árangurstengdar tekjur. Áhugasamir um nánari upplýsingar sendi tölvupóst með nafni og síma á info@natures.is

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Spjalldömur 908 1616**

**Opið þegar þér hentar.**

**908 1616.**

Stefnumót.is Vandaður og siðprúður vefur fyrir fólk sem langar í félagsskap, vinskap eða varanleg kynni. Vefurinn er gjaldfrjáls. Stefnumót.is.

Stefnumót.is Vandaður og siðprúður vefur fyrir fólk sem langar í félagsskap, vinskap eða varanleg kynni. Vefurinn er gjaldfrjáls. Stefnumót.is.

## Tilkynningar

**Viltu selja hús á Florida?**

Er húsið yfirveðsett og fallið í verði ?
Kaupi yfirveðsett hús, sé um samninga við banka og skjalagerð, seljanda að kostnaðarlausu.

**Hafðu samband og fáðu uppl.**
**Kristjan@smartcity.net**

;ALLT

**ÚT AÐ BORÐA**
**Föstudaga**

**Jóna María Hafsteinsdóttir**
jmh@365.is - sími 512 5473

**Henný Árnadóttir**
henny@365.is - sími 512 5427

**Þórdís Hermannsdóttir**
thordish@365.is - sími 512 5447

# Þjónustuauglýsingar Sími 512 5407

BETRI NOTUÐ BARNAFÖT
LAGERSALA
Hnokka og Hnáta
Bergstaðastræti 13
OPIÐ 12-17 virka daga

BOMAG
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
Eigum fyrirliggjandi varahluti í þjöppur og valtara
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Rauðhellu 16 • Vagnhöfða 5

IVECO
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Rauðhellu 16 • Vagnhöfða 5

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

Slöngubátar og utanborðsmótorar
3.5 til 6 mtr. langir slöngubátar - gott verð !

KING
Utanborðsmótorar
fjórgengismótorar
2.5 hp til 15 hp og
tvígengismótorar
9,9 hp til 40 hp
MV Heildverslun ehf - Fjallalind 20 - 201 Kópavogur - Sími: 897 - 2902 mvehf@hive.is

Full verslun af nýjum vörum frá
Bat& Bodyworks og Victoria´s Secret!!!

B&B handsápurnar vinsælu, Body Mist, Body Lotion; Bubble bath, Body scrub, Glossar o.mfl. Nýir ilmir: ma, Orange Safir, Berry summer Vanillas, Island Waters. Mango Temptation
WWW.Snót.is
S: 897 2902

SMURSTÖÐIN EHF.
„Sá smurði gengur"
Smurþjónusta og smáviðgerðir
Dalvegi 16a • 201 Kópavogi • Sími 554 3430

CARGO sendibílaleiga
566 5030
www.cargobilar.is
Sendibílar til leigu
Þú leigir hann.
Krefst ekki meiriprófs réttinda


· Hjólbarðaviðgerðir
· Smurþjónusta
· Bremsur
· Demparar
· Rafgeymar
· o.fl.
HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR


Glugga- og Hurðasmíði
Smíðum glugga, hurðir og opnanleg fög í ýmsum stærðum og gerðum bæði í ný og gömul hús.
Kíktu á : saereki.is
Særeki Smíðaþjónusta
S. 862 7894 saereki@simnet.is

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

Lækkað verð á Royal Canin hundafóðri!
Medium 15kg. Verð: 10.900 kr.
Maxi 15kg. Verð: 11.200 kr.

Opið virka daga 10-18 og lau 10-16
DÝRAGARÐURINN
Síðumúla 10 • S: 517-6525


MARKÍSUR
Frábær lausn til að auka skjól fyrir regni og vindi. Hentugt á svalirnar, veröndina og fyrir veitingarstaði. Sér merkjum einnig og sérútbúum fyrir fyrirtæki.
SKELIN Smiðjuvegi 72, 200 Kópavogi. S. 578 6300, www.skelinehf, skelinehf@skelinehf.is

Þarf að skerpa línurnar?
Bílastæðamerkingar fyrir húsfélög og fyrirtæki. Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.
Eyþór S. 862 3002 • etmerking@simnet.is

BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS

TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

RAFTÆKNIRINN RAÐAGÓÐI
Rafverktaki
Raflagnahönnun, teikningar.
Endurnýjun og viðgerðir.
Heimilstækjaviðgerðir. Tölvulagnir,
öryggis- og myndavélakerfi.
Örbylgju og gerfihnattaloftnet.
Davíð Dungal • Vikurbakki 30
• 109 Rvk. • S. 896 4464

THAIGRILL.is
Sjáið matseðilinn á www.thaigrill.is
Góður matur á góðu verði
HRINGIÐ - PANTIÐ - SÆKIÐ
Sími: 562 8333
Hagamelur 67 - 107 RVK
Opið frá 17:00 til 21:00 alla daga
Frábært Fjölskyldutilboð
Kjúklingur Kókos & Chili
Svínakjöt m/ cashewhnetum
Djústeiktar Rækjur
Steiktar Eggjanúðlur
Hrísgrjón & Sósa
kr. 4000,-

Allt á einum stað
BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

# Þjónustuauglýsingar

Alla fimmtudaga

sigrunh@365.is
arnarut@365.is

## Til sölu

**Veldu gæði og gott verð - Njóttu sumarsins**




**Útsölustaðir: Apótekin, Fjarðarkaup, verslanir**

**Takk fyrir vatnið**

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## Uppboð

**Sýslumaðurinn á Húsavík**
**Útgarði 1, 641 Húsavík, s: 464 1300**

# UPPBOÐ

Uppboð munu byrja á skrifstofu embættisins að Útgarði 1, Húsavík, sem hér segir á eftirfarandi eignum:

Ásgata 19, fnr. 216-7100, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Jóhannes Helgi Einarsson, gerðarbeiðandi Vörður tryggingar, mánudaginn 17. maí 2010, kl. 10:00

Bakkagata 11, fnr. 216-6844, 670 Kópaskeri, Norðurþingi, þingl. eig. Skipamiðlunin Bátar og Kvóti ehf. gerðarbeiðandi Byggðastofnun, mánudaginn 17. maí 2010, kl. 10:00

Bakkavegur 2, fnr. 216-7717, 680 Þórshöfn, Langanesbyggð, þingl. eig. Mosalinda ehf. gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og Tollstjóri, mánudaginn 17. maí 2010, kl. 10:00

Birkihraun 12, fnr. 216-3354, 660 Mývatni, þingl. eig. Hermann Kristjánsson, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður, mánudaginn 17. maí 2010, kl. 10:00

Lykilhótel Mývatn, Skútustaðaskóla, fnr. 216-3343, 660 Mývatni, þingl. eig. Lykilhótel ehf, gerðarbeiðandi Byggðastofnun, mánudaginn 17. maí 2010, kl. 10:00

Skógar 1, refahús, 154216, 671 Kópaskeri, Norðurþingi, þingl. eig. Árni Logi Sigurbjörnsson, gerðarbeiðandi Sýslumaðurinn á Blönduósi, mánudaginn 17. maí 2010, kl. 10:00

Stórhóll 77, fnr. 215-3358, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Guðjón Ingvarsson og Þórdís Ólafsdóttir, gerðarbeiðendur Fasteignasalan Inni ehf. og Íslandsbanki hf, mánudaginn 17. maí 2010, kl. 10:00

Smári, ÞH-059, skrn. 1533, þingl. eig. Kópasker ehf. gerðarbeiðendur Dalvíkurbyggð, Íslandsbanki hf. og Tryggingamiðstöðin hf. mánudaginn 17. maí 2010, kl. 10:00

Sýslumaðurinn á Húsavík
12. maí 2010

## Tilkynningar

VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐUR

### Tillaga að Stjórnunar- og verndaráætlun

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs auglýsir hér með, skv. 12. gr. laga um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007, tillögu að Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð. Jafnframt er auglýst umhverfisskýrsla um tillöguna í samræmi við 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Tillagan er unnin í samræmi við 12. gr. laga um Vatnajökulsþjóðgarð og byggir á tillögum að verndaráætlun, unnum af svæðisráðum fjögurra rekstrarsvæða þjóðgarðsins, og á samráði við fjölmarga aðila. Stjórnunar- og verndaráætlunin er stefnumótandi áætlun um stjórnun, skipulag, náttúruvernd og aðra landnotkun í þjóðgarðinum. Mannvirkjagerð, stíga- og slóðagerð og hvers konar efnistaka innan Vatnajökulsþjóðgarðs er einungis heimil ef gert er ráð fyrir henni í verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn, sbr. 13. gr. sömu laga. Tillagan miðar að því að stjórnendur þjóðgarðsins og aðrir opinberir aðilar uppfylli skyldur sínar en veiti jafnframt góða þjónustu, sem og stuðning við starfsemi í þjóðgarðinum og á nærliggjandi svæðum.

Mörk þjóðgarðsins eru tilgreind í reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 608/2008 með síðari breytingum. Í umhverfisskýrslu með tillögunni er gerð grein fyrir því hver áhrif áætlunarinnar kunna að verða á umhverfið.

Tillöguna, ásamt skýringaruppdrætti og umhverfisskýrslu, má sjá á vefsíðunni www.vatnajokulsthjodgardur.is Gögnin munu liggja frammi til sýnis, á opnunartíma, á eftirfarandi stöðum, frá og með 13. maí til og með 24. júní 2010; á skrifstofu Vatnajökulsþjóðgarðs, Klapparstíg 25-27, 4. hæð, Reykjavík og á starfsstöðvum þjóðgarðsvarða í Jökulsárgljúfrum, á Skriðuklaustri í Skaftafelli og á Kirkjubæjarklaustri, hjá Skipulagsstofnun Laugavegi 166, Reykjavík og á skrifstofum Þingeyjarsveitar, Skútustaðahrepps, Norðurþings, Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshrepps, Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Skaftárhrepps og Ásahrepps.

Allir sem hagsmuna eiga að gæta og aðrir sem áhuga hafa, eru hvattir til að kynna sér tillöguna og umhverfisskýrsluna og senda athugasemdir og ábendingar. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út fimmtudaginn 24. júní 2010. Athugasemdum skal skilað skriflega til Vatnajökulsþjóðgarðs, Klapparstíg 25-27, 101 Reykjavík eða í tölvupósti á netfangið sogv@vjp.is, með nafni, kennitölu og heimilisfangi viðkomandi. Að loknum athugasemdafresti gengur stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs frá endanlegri tillögu að Stjórnunar- og verndaráætlun, til staðfestingar umhverfisráðherra.

12. maí 2010,
**Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs**

PORT hönnun

## Atvinna

**SAMSKIP**

**Óskum eftir að ráða starfsfólk í sumarafleysingar.**

Vinsamlegast kynnið ykkur störf í boði á vef Samskipa;

**www.samskip.is**

## Fasteignir

**EIGNAMIÐLUN Reykjavík** Frá 1957

Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali

Sími: 588 9090 · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · www.eignamidlun.is

### Goðaland 10 - vel staðsett endaraðhús








Mjög vel staðsett og mikið endurnýjað endaraðhús á tveimur hæðum, ásamt bílskúr. Beint aðgengi er frá stofu út í sólríkan og afgirtan suðurgarð. Húsið stendur ofan götu með góðum bílastæðum fyrir framan hús. V. 59,9 m. 5653

**OPIÐ HÚS Í DAG (FIMMTUDAG) FRÁ KL. 16:00 - 18:00**

### Akurhvarf 5 - fallegt útsýni




Mjög góð 108,6 fm íbúð á jarðhæð með svölum ásamt stæði í lokuðum bílakjallara. Íbúðin er 3ja herbergja með þvottaherbergi innan íbúðar. Mjög fallegt fjalla útsýni er úr íbúðin sem er nálægt Elliðavatni. Lóðin er fullkláruð með leiktækjum. V. 23,5 m. 5674

**OPIÐ HÚS Í DAG (FIMMTUDAG) FRÁ KL. 13:00 - 15:00**

### Starhagi - Vesturbær



Um er að ræða 720 fm lóð undir einbýlishús á einum eftirsóttasta stað í vesturbæ Reykjavíkur. Einstakt sjávarútsýni er frá lóðinni til suðurs og vesturs. V. 21,5 m. 5612

## Útboð

VOGAR

# ÚTBOÐ

**Sveitarfélagið Vogar óskar eftir tilboðum í verkið "ÍÞRÓTTASVÆÐI - UPPBYGGING KNATTSPYRNUVALLA"**

Verkið felst í gerð knattspyrnuvalla á íþróttasvæði norðan við íþróttamiðstöð í Vogum.
Um er að ræða jarðvegsskipti undir knattspyrnuvöllum, lagningu jarðvatnslagna, vatnslagna, ídráttarröra, þökulagningu valla, gerð jarðvegsmana við velli með tilheyrandi frágangi.
Er þessu nánar lýst í verklýsingu og útboðsteikningum.

**Helstu magntölur eru u.þ.b:**

| | |
|---|---|
| Uppgröftur | 9600 $m^3$ |
| Klapparlosun | 4200 $m^3$ |
| Aðkeyrð fylling | 7300 $m^3$ |
| Lagnir | 1300 m |
| Þökulögn á kanttspyrnuvöll | 20000 $m^2$ |
| Vaxtarlag á knattspyrnuvöll | 6000 $m^3$ |

Verkinu skal vera að fullu lokið eigi síðar en 30 .september 2010.

Útboðsgögn verða seld á skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, Iðndal 2, 190 Vogar, á kr. 3.000,-, frá og með föstudeginum 14. maí 2010. Tilboð verða opnuð á sama stað þriðjudaginn 25. maí 2010, kl. 14:00 í viðurvist þeirra bjóðenda sem viðstaddir verða.

Sveitarfélagið Vogar

**Blaðberinn bíður þín**

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

**vísir.is**
"...ég sá það á vísi"

# Væri sama þótt hann festist hér

Bretinn Richie Smith opnar myndlistarsýningu í menningarverstöðinni Hólmaröst á Stokkseyri í dag ásamt Gunnari Guðsteini Gunnarssyni.

Richie hefur starfað sem listamaður um nokkurt skeið og er þetta í annað sinn sem hann heldur myndlistarsýningu hér á landi. „Þetta eru um þrjátíu verk, öll mjög lítil. Síðast þegar ég hélt sýningu komu verkin með skipi, en núna komu þau flugleiðina og þess vegna eru þau í minni kantinum. Þetta eru ný verk og ég hef mikið verið að vinna með endurunnin efni og hluti sem fólk mundi undir venjulegum kringumstæðum bara henda,“ útskýrir Richie.



**SÝNIR Á STOKKSEYRI** Richie Smith opnar sýningu í Hólmaröst á Stokkseyri í dag.

Þetta er í fimmta sinn sem Richie og eiginkona hans sækja Ísland heim og segist hann mjög hrifinn af landi og þjóð. „Við elskum Ísland. Þetta er ævintýralegt land og mér líður nánast eins og ég sé að koma heim í hvert sinn sem ég kem hingað.“ Aðspurður segist hann ekki hafa miklar áhyggjur af því að verða innlyksa á Íslandi vegna öskunnar frá Eyjafjallajökli, en hann mun fljúga aftur til síns heima á sunnudag. „Ég hef engar áhyggjur og væri í raun alveg sama þótt ég festist hér til eilífðarnóns,“ segir hann og hlær.

Sýningin verður opnuð í dag klukkan 14 og stendur yfir til 16. maí.

**- sm**

# Minningar og tilfinningar

Heimspekingurer nýlega fluttur inn í Þjóðarbókhlöðuna. Um er að ræða skúlptúr eftir Aðalheiði S. Eysteinsdóttur, innblásinn af Þorsteini Gylfasyni, fyrrum prófessor í heimspeki við Háskóla Íslands sem lést árið 2005, sextíu og þriggja ára að aldri.

Styttan er gjöf til Háskólans frá vinum Þorsteins en að baki henni stendur einkum Þráinn Eggertsson, prófessor í hagfræði. Rektor HÍ fól landsbókaverði styttuna til varðveislu í Þjóðarbókhlöðu og stendur hún á 2. hæð, við stigann niður í þjóðdeild. Það á vel við því Þorsteinn ánafnaði Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni bækur sínar auk þess sem safnið hefur fengið handrit hans og bréf til varðveislu.

Þó að verk Aðalheiðar, Heimspekingur, minni mjög á Þorstein er það ekki portrettmynd af honum. Aðalheiður notast ekki við ljósmyndir af fyrirmyndum sínum heldur minningar og tilfinningar og notar til þess afgangs timbur og fundna hluti.

**-gun**



**HÖFUNDUR OG HEIMSPEKINGUR** Aðalheiður S. Eysteinsdóttir við skúlptúrinn af Þorsteini Gylfasyni.



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hulda Vilhjálmsdóttir,**

Hjallatúni, Vík í Mýrdal,

andaðist á Hjallatúni fimmtudaginn 6. maí. Útför hennar fer fram frá Víkurkirkju föstudaginn 14. maí kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hinnar látnu er bent á Dvalarheimilið Hjallatún.

**Finnur Bjarnason**
**Gréta Bjarnadóttir**
**Oddný Bjarnadóttir** **Stefán Á. Stefánsson**
**Valborg Bjarnadóttir**
**Egill Bjarnason** **Sigurlín Tómasdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Aðalheiður Sigurðardóttir**

lést á Hrafnistu, Hafnarfirði, sunnudaginn 9. maí. Útför hennar fer fram frá Neskirkju föstudaginn 21. maí kl. 13.00.

**Haraldur Þorsteinsson**
**Sigurður Haraldsson** **Jóna Guðjónsdóttir**
**Þorsteinn Haraldsson** **Lára V. Júlíusdóttir**
**Ingibjörg Haraldsdóttir** **Sturla Þorsteinsson**
**Ástráður Haraldsson** **Eyrún Finnbogadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Þökkum auðsýnda samúð við andlát og útför*

**Þorleifs Jónssonar**

Skúlagötu 40a, Reykjavík, áður bónda Litla-Langadal á Skógarströnd.

**Sigurfljóð Jónsdóttir**
**Margrét K. Jónsdóttir**
**Guðmundur Jónsson** **Guðríður F. Guðjónsdóttir**
**Ingunn Jónsdóttir**
**og systkinabörn.**



†

*Ástkær faðir okkar,*

**Guðmundur Garðar Guðmundsson**

sem lést miðvikudaginn 5. maí síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Kristskirkju Landakoti föstudaginn 14. maí kl 15. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.

**Lilja Guðmundsdóttir**
**Hrafnhildur Guðmundsdóttir**



†

*Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristín Bryndís Björnsdóttir**

Hjúkrunarheimilinu Eir, áður Bláhömrum 2 Grafarvogi,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir mánudaginn 10. maí. Jarðarförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 17. maí kl. 13.00.

**Margrét Þórhildur Jóelsdóttir** **Stephen Fairbairn**
**Lúðvík Páll Jóelsson** **Kolbrún Sveinbjörnsdóttir**
**Baldur Jóhann Jóelsson**
**Sigrún Magnea Jóelsdóttir** **Erling Bjarnason**
**Þórður Jóelsson** **Birgitta Jóelsson**
**Ásdís Ósk Jóelsdóttir** **Adolf Petersen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Bjarni Ólafsson**

fv. stöðvarstjóri Pósts og síma í Ólafsvík,

sem lést 3. maí á sjúkrahúsinu í Stykkishólmi, verður jarðsunginn frá Ólafsvíkurkirkju næstkomandi laugardag kl. 13.00.

**Marta Kristjánsdóttir**
**Vigdís Bjarnadóttir** **Einar S. Sigurjónsson**
**Kristján Bjarnason** **Steinunn Tryggvadóttir**
**Kristbjörg Bjarnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Elísabet Jónsdóttir**

Árskógum 8, Reykjavík,

lést þriðjudaginn 11. maí. Útförin fer fram frá Seljakirkju miðvikudaginn 19. maí kl. 13.

**Jón Guðmundsson** **Marta Kjartansdóttir**
**Björg Guðmundsdóttir**
**Gunnar Kr. Guðmundsson** **Ása Dóra Konráðsdóttir**
**Örn Guðmundsson** **Ragnhildur Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Sigurbjörg Jóhanna Sigurjónsdóttir**

Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili áður Hofsvallagötu 21, Reykjavík,

lést á Grund laugardaginn 8. maí.
Hún verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 18. maí kl. 15.00.
Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili, og Hvítabandið en minningakort þess fást í Kirkjuhúsinu.

**Gunnar Sigurður Konráðsson** **Agnes Magnúsdóttir**
**Óskar Konráðsson** **Jóhanna Jónasdóttir**
**Haukur Konráðsson** **Ólafía Jónatansdóttir**
**Kjartan Konráðsson** **Margrét Björnsdóttir**
**og fjölskyldur.**



†

*Ástkær sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Engilbert Sigurðsson**

Langholtsvegi 132 Reykjavík,

sem lést 7. maí. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 19. maí kl. 15.00.

**Regína Erlingsdóttir**
**Þóra Engilbertsdóttir**
**Guðmundur Már Engilbertsson** **Rebecca Engilbertsson**
**Sigurður Haukur Engilbertsson** **Brynja Ósk Pétursdóttir**
**Gunnar Valur Engilbertsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Sólveigar Ólafsdóttur**

frá Norður-Fossi í Mýrdal, sem lést á Dvalarheimilinu Sólvöllum, Eyrarbakka 5. maí, fer fram frá Reyniskirkju í Mýrdal laugardaginn 15. maí kl. 14.

**Ólafur Sigursveinsson** **Ólöf Karlsdóttir**
**Jóhanna Sigursveinsdóttir** **Ólafur Þorsteinn Jónsson**
**Sveinn Sigursveinsson**
**Sigurður Sigursveinsson** **Kristín Sigurmarsdóttir**
**Runólfur Sigursveinsson** **Ragnheiður Thorlacius**
**og fjölskyldur.**

## Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar

**Starfsemi á árinu 2009**
*Allar fjárhæðir í milljónum króna*

| Breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris 31.12. | 2009 Samtals | 2008 Samtals |
|---|---|---|
| Iðgjöld | 99 | 86 |
| Lífeyrir | -177 | -159 |
| Fjárfestingartekjur | 120 | -176 |
| Fjárfestingargjöld | -4 | -3 |
| Rekstrarkostnaður | -5 | -5 |
| Hækkun á hreinni eign á árinu | 34 | -257 |
| Hrein eign frá fyrra ári | 889 | 1.146 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | **923** | **889** |

| Efnahagsreikningur | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Fasteign, rekstrafjármunir og aðrar eignir | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 211 | 434 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 510 | 150 |
| Veðlán | 23 | 25 |
| Bankainnistæður | 160 | 273 |
| Kröfur | 12 | 8 |
| Aðrar eignir | 10 | 5 |
| Skuldir | -3 | -6 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | **923** | **889** |

| Kennitölur | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Nafn ávöxtun | 13,1% | -16,6% |
| Hrein raunávöxtun | 4,1% | -28,4% |
| Hrein raunávöxtun 5 ára meðaltal | -2,2% | -1,3% |
| Fjöldi sjóðfélaga | 59 | 71 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 209 | 202 |
| Rekstrarkostnaður í % af eignum | 0,5% | 0,6% |
| Eignir í íslenskum krónum í % | 91,5% | 85,7% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum í % | 8,5% | 14,3% |
| Eign umfram heildar skuldbindingar í % | -79,9% | -80,7% |
| Eign umfram áfallnar skuldbindingar í % | -81,6% | -82,3% |

**Ársfundur 2010**
Ársfundur Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar 2010, verður haldinn mánudaginn 7.júní, kl. 12, í fundarsal bæjarstjórnar, Stilliholti 16-18, Akranesi.

**Stjórn og framkvæmdastjóri**
Í stjórn lífeyrissjóðsins eru Gísli S. Einarsson, formaður, Sævar Freyr Þráinsson og Valdimar Þorvaldsson "

Framkvæmdastjóri er Jón G. Kristjánsson
Aðsetur sjóðsins er hjá Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga
Sigtúni 42, 108 Reykjavík Sími 570 0400 www.lss.is

*Birt með fyrirvara um prentvillur*



## Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar

**Starfsemi á árinu 2009**
*Allar fjárhæðir í milljónum króna*

| Breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris 31.12. | 2009 Samtals | 2008 Samtals |
|---|---|---|
| Iðgjöld | 1.605 | 1.480 |
| Lífeyrir | -2.288 | -2.064 |
| Fjárfestingartekjur | 5.961 | 7.674 |
| Fjárfestingargjöld | -32 | -22 |
| Rekstrarkostnaður | -53 | -46 |
| Hækkun á hreinni eign á árinu | 5.193 | 7.022 |
| Hrein eign frá fyrra ári | 47.301 | 40.279 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | **52.494** | **47.301** |

| Efnahagsreikningur | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Fasteign, rekstrafjármunir og aðrar eignir | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 1.625 | 1.522 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 49.361 | 43.826 |
| Veðlán | 1.268 | 1.397 |
| Bankainnistæður | | |
| Kröfur | 36 | 53 |
| Aðrar eignir | 258 | 568 |
| Skuldir | -55 | -66 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 52.494 | 47.301 |

| Kennitölur | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Nafn ávöxtun | 12,5% | 19,0% |
| Hrein raunávöxtun | 3,6% | 2,3% |
| Hrein raunávöxtun 5 ára meðaltal | 4,3% | 4,2% |
| Fjöldi sjóðfélaga | 845 | 919 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 2.613 | 2.553 |
| Rekstrarkostnaður í % af eignum | 0,1% | 0,1% |
| Eignir í íslenskum krónum í % | 100,0% | 99,6% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum í % | 0,0% | 0,4% |
| Eign umfram heildar skuldbindingar í % | -22,7% | -28,2% |
| Eign umfram áfallnar skuldbindingar í % | -17,3% | -22,8% |

**Ársfundur 2010**
Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar verður haldinn þriðjudaginn 18. maí nk., kl. 11:00 í fundarsal BSRB á 1. hæð að Grettisgötu 89, 101 Reykjavík.

**Stjórn og framkvæmdastjóri**
Í stjórn lífeyrissjóðsins eru Alfreð Þorsteinsson, formaður, Björk Vilhelmsdóttir, Benedikt Geirsson, Garðar Hilmarsson og Sjöfn Ingólfsdóttir

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Jón G. Kristjánsson
Aðsetur sjóðsins er hjá Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga
Sigtúni 42, 108 Reykjavík Sími 570 0400 www.lss.is

*Birt með fyrirvara um prentvillur*


# Draugagangur í dagsbirtu

**BAKÞANKAR**
**Páls Baldvins Baldvinssonar**



Elskan mín, þú ert svo miklu laglegri svona með alskegg, lætur Bunuel Maríu segja við son sinn Jesú í einni af kvikmyndum sínum. Er það? spyr pilturinn og strýkur á sér vanga og grön. Hinn skeggjaði unglingur hefur lengi fylgt okkur eftir píslardauða sinn og himnaför sem samkvæmt skipulögðu tímatali kirkjunnar ber einmitt upp á daginn í dag. Hann semsagt ráfaði um nágrenni Jerúsalem, orðinn nokkuð heill eftir misþyrmingar pyntingameistara rómverska setuliðsins og stökk svo í loftin. Í upplifun og endursögn kirkjunnar ber ekki mikið á því að krossfestir voru beinbrotnir á krossum sínum svo andinn yfirgæfi þá fyrr, en það hefur verið lagað í síðari tíma útgáfu helgisögunnar. Sú hugmynd væri ekki eins aðlaðandi. Illa útlítandi afturganga á kreiki í sólinni.

**VANAFESTA** og hefð ráða mestu um meirihluta þjóðarinnar í mótmælendakirkjunni. Allir aðrir trúarhópar í hinu opna samfélagi okkar mega berjast gegn ofurvaldi kirkjunnar og biskupinn hefur talað skýrt í þá veru að vilji ríkið skera á fjárstreymi til kirkjuhalds verði heimtur gerðar á jarðeignum kirkjunnar sem þeir lútersku stálu reyndar frá kirkju kaþólskra áður en þjóðin, þá býsna trúuð, var keyrð undir ríkisþjónkunarkirkju mótmælenda. Biskupinn er þá ekki að hugsa mikið um hið veraldlega réttlæti að eignirnar beri þeim sem skóp þær í upphafi: almenningi. Honum er nóg að tryggja samfelldar launagreiðslur sinna manna.

**TVÆR** kellingar sátu og voru að smóka sig og stundu hátt að það væri nú alltaf sjarmi yfir messunni á Rúfinu, alla vega þegar söngurinn væri þokkalegur, sem hann væri því miður ekki alltaf. Svo væri nú alltaf gott að geta skrúfað niður í mali prestanna. Útvarpsmessur eru eitt sérstæðasta fyrirbærið í þjónustu hins óhlutdræga útvarps ríkisins. Mætti ég biðja um hugleiðingar trúlausra, beina útsendingu frá Krossinum eða Hernum, kveðskap íslamstrúarmanna eða zen-möntrur sem forleik að sunnudagshádeginu. Aðskilnaður ríkis og kirkju er sjálfsögð krafa í nútímasamfélagi, rétt eins og jafn kosningaréttur: hin forna sérgæsla er helsi sem á að henda út um gluggann svo við getum stigið til himna hvert með sínu lagi en ekki eftir forskrift úr Kirkjuhúsinu biskupsins með öllu hans starfsfólki sem við borgum laun, trúvillt, trúlaus og dauftrúa.

# myndasögur

## Pondus
Eftir Frode Øverli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




## Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Yfirburðir Fréttablaðsins algjörir!

Fréttablaðið er með **180%** meiri lestur en Morgunblaðið.

77,5%

Nýjasta könnun Capacent Gallup staðfestir hinn gríðarlega mun sem er á lestri Fréttablaðsins og Morgunblaðsins.

Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.



27,7%



**MORGUNBLAÐIÐ**

**FRÉTTABLAÐIÐ**

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára.
Könnun Capacent í febrúar til apríl 2010.

**Allt sem þú þarft...**



**ath. kl. 21 í Múlanum**

*Bréfsnjef kvintettinn spilar í kvöld: trompetleikararnir, Birkir Freyr Matthíasson og Snorri Sigurðarson, píanóleikarinn Kjartan Valdemarsson, bassaleikarinn Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson og trymbillinn Einar Scheving leika uppáhalds standardana sína þar sem trompetinn verður í forgrunni og að þótt hart verði barist er ávallt stefnt á jafntefli. Þetta eru tónleikar sem enginn má missa af.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Sláturhús hjartans á laugardag

Anna Richards flytur á laugardag dansgjörninginn „Sláturhús hjartans" í listrými Verksmiðjunnar á Hjalteyri við Eyjafjörð. Sýningin hefst kl. 17.

Höfundar verksins eru Anna Richards dansgjörningalistakona og Sigurbjörg Eiðsdóttir myndlistarkona. Í verkinu koma fram, auk Önnu, Hallgrímur J. Ingvason tónlistarmaður, Helga Rós Indriðadóttir sópransöngkona, Sigurður Hólm Sæmundsson björgunarsveitarmaður og Karlakór Dalvíkur undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar. Sviðsstýra og ljósmóðir verksins er Lene Zachariassen.



**LISTDANS** Anna Richards í verki sínu sem flutt verður í hráum sal á Hjalteyri á laugardag.

Í verkinu er fjallað um ferðalag mannveru innan völundarhúss hjarta þess og þau átök sem þar eiga sér stað og leiða hana í gegnum ferli ástríðna, uppgjafar, ótta, skilnings og umbreytinga.

Umgjörð verksins er unnin inni í rými gömlu síldarbræðslunnar á Hjalteyri og er áhorfendum frjálst að færa sig til í rýminu meðan á flutningi verksins stendur því einnig er hægt að fylgjast með verkinu af annarri hæð hússins. Tónlist í verkinu er að hluta frumsamin og flutt sem spunaverk þar sem dansari og tónlistarmenn spinna saman.

Norðanmenn eiga kost á sætaferð á sýninguna frá Listasafninu á Akureyri kl. 16.30. Ókeypis er á sýninguna en hún hlaut styrk frá Leiklistarráði Íslands og Menntamálaráðuneyti 2010 og frá Menningarráði Eyþings.

### > Ekki missa af …

John Gabriel Borkman eftir Ibsen í kvöld á Rás 1 kl. 22.25. Borkman reis hátt í fjármálalífinu en var dæmdur í fangelsi fyrir misferli. Eftir þriggja ára fangelsi sneri hann heim og hefur í átta ár lokað sig inni. Kona hans og mágkona sitja og hlusta á hann ráfa um efri hæð í húsi þeirra. Uppgjör er óumflýjanlegt. Valur Gíslason, Anna Guðmundsdóttir og Guðbjörg Þorbjarnardóttir fara með helstu hlutverk. Leikstjóri er Indriði Waage en upptakan er frá 1960.

## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

**05.05.10 – 11.05.10**



**1** Rannsóknarskýrsla Alþingis
Rannsóknarnefnd Alþingis



**2** Matur og drykkur
Helga Sigurðardóttir



**3** Fyrirsætumorðin
James Patterson



**4** Góða nótt, yndið mitt
Dorothy Koomson



**5** Pétrísk-íslensk orðabók
Pétur Þorsteinsson



**6** Hafmeyjan
Camilla Läckberg



**7** Nemesis
Jo Nesbø



**8** Hvorki meira né minna
Fanney R. og María Elínard.



**9** Missir
Guðbergur Bergsson



**10** Sítrónur og saffran
Kajsa Ingemarsson

Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872

# Ljósmyndin í fyrirrúmi

**Listahátíð í Reykjavík hófst í gær í fertugasta sinn. Fjöldi viðburða er á dagskránni næstu þrjár vikur og vara sumar sýningar langt inn á sumarið. Hátíðin er fyrir löngu orðinn einn helsti boðberi sumars og ljósfyllstra daga í Reykjavík og þótt hún hafi mátt draga úr kröftum sínum í ljósi efnahagsaðstæðna er mikil og fjölbreytt dagskrá í boði.**



**LJÓSMYNDIR** Cindy Sherman: Ónefnd kvikmyndaskot / Untitled Film Stills, 1978
Svarthvít ljósmynd / Black and white photograph 8 x 10 tommur / inches
MYND MEÐ LEYFI LISTAMANNS OG METRO PICTURES / COURTESY OF THE ARTIST AND METRO PICTURES.

Ljósmyndin setur stóran svip á dagskrá hátíðarinnar. Hingað koma margir góðir gestir með myndefni sitt og hefur ekki í annan tíma verið annað eins flóð af ljósmyndaverkum á sýningarstöðum vítt og breytt um höfuðborgarsvæðið. Það eru bæði innlendir og erlendir ljósmyndarar sem sýna og er á næstu vikum einstakt tækifæri fyrir almenning að kynnast þessu fjölbreytta skráningar- og listformi sem ljósmyndin er.

Fyrsta ber að telja listakonuna Cindy Sherman en sýning með verkum hennar í Listasafni Íslands verður opnuð á laugardag. Sherman sýnir þar Stills, safn uppstilltra ljósmynda þar sem listakonan sviðsetur sig í heim svart/hvítra augnablika úr vestrænni kvikmyndahefð. Cindy er löngu viðurkennd sem einn merkasti listamaður sinnar tíðar.

Annar New York-búi sýnir myndir sínar í Listasafni Reykjavíkur, David Byrne, og á upplýsingastöndum Reykjavíkur segir: Byrne er þekktastur fyrir rekstur sinn á combóinu Talking Heads en hefur síðan lagt gjörva hönd á margt.

Finnar hafa á örfáum árum markað sér sérstöðu í heimi nútíma ljósmyndunar: í Norræna húsinu koma þrír finnskir ljósmyndarar saman með þremur íslenskum starfsbræðrum sínum í sýningunni Núna. Þar eru bæði myndbandsverk og ljósmyndir. Spessi og Katrín Elvarsdóttir eru sýningarstjórar.

Katrín er sjálf með sýningu í Gallerí Ágúst á Baldursgötu 12 sem opnar í dag: þar sýnir hún verk úr röðinni Equivocal sem hún hefur unnið að síðustu þrjú ár.

Stalla hennar, Bára Kristinsdóttir, sem er ein þeirra sem eiga myndir á Núna, er líka með sýningu á nýju efni í sal Íslenskrar grafíkur í Hafnarhúsi, Miðbakkamegin, sem er opnuð á sunnudag. Hún kallar sýninguna Stilla og eru allar myndirnar teknar í Reykjavík í janúar á þessu ári. Með þessum myndum vill Bára lýsa stemmingunni sem var í borginni þessa fyrstu daga ársins 2010.

Þriðja konan sem sýnir verk sín næstu vikur er Inga Sólveig Friðjónsdóttir en hún opnar á morgun innsetningu í glugga Auga fyrir auga sem hún kallar Volcanic bedroom. Eins og titillinn gefur til kynna er listamaðurinn undir áhrifum eldgosa sem hér hafa dunið yfir að undanförnu. Auga fyrir auga er á Hverfisgötu 35, á horni Klapparstígs og Hverfisgötu.

Ólöf Nordal er kunnari af skúlptúrum sínum en ljósmyndaverkum en í Listasafni ASÍ við Freyjugötu sýnir hún ljósmyndaverk sem snerta arfleifð þjóðar á gagnrýninn og beittan hátt. Hún stillir saman nýjum myndum við myndir af eldri minnum úr þjóðarsögunni svo ný merking fæðist í árekstri tveggja miða.

Á Kjarvalsstöðum er Annað auga, sýning ljósmyndaverka úr safni Péturs Arasonar og Rögnu Róbertsdóttur sem eiga stærsta safn samtímaverka í einkaeign hér á landi. Birta Guðjónsdóttir hefur dregið saman úr safni þeirra verk íslenskra og erlendra listamanna sem nota ljósmyndina í verkum sínum og er spennandi að sjá hvaða listamenn hún kallar á fund við gesti Kjarvalsstaða. Annað auga opnar í dag kl. 17.

Sýningin á Kjarvalsstöðum rímar við yfirlitssýningu ljósmyndaverka Sigurðar Guðmundssonar sem mynda sýninguna Situations and other photo works 1974-1982 í galleri i8. Ljósmyndaverkin voru eitt það fyrsta sem vakti athygli á Sigurði og mörgum er kunn samnefnd bók sem hér kom út fyrir nokkrum árum helguð seríunni. Situations-verkin eru víðkunn í alþjóðlegum listaheimi en sum þeirra hafa ekki áður sést hér á landi - fyrr en nú.

Stór útiljósmyndasýning er komin upp á húsveggjum í miðborg Reykjavíkur. Þrettán listamenn sýna verk sín og kalla sýninguna Raunveruleikatékk.

Norður á Akureyri er samsýning fimm listamanna sem skoða naumhyggjuna í íslenskum ljósmyndaverkum síðustu áratuga og kalla þeir hana Straumur - burðarás.

Önnur samsýning er uppi í Listasafni Reykjanesbæjar: Efnaskipti. Anna Líndal leiðir hóp fimm kvenna sem vinna með ljósmyndir.

Í Hafnarborg sýnir þýski ljósmyndarinn Friederike von Rauch myndir sem hún tók í dvöl sinni á listamannasetrinu Bæ í Skagafirði.

RAX, hinn kunni ljósmyndari, hefur sett upp nokkur verk sín í húsnæði Crymogeu á Barónsstíg og kallar sýninguna Svipi.

Sýning Gary Schneiders í Hafnarhúsi birtir okkur einhvers konar svipi í sérstakri tökutækni hans af nöktum líkömum. Gary er þekktur og mun hann vera með fyrirlestur á morgun um hádegisbilið í Hafnarhúsi um aðferð sína og list en sýning hans opnar á laugardag.

Af öðru sauðarhúsi eru sýningar tveggja safnara: Unnar Örn J. Auðarson er með innsetningu í Listasafni Reykjavíkur sem er sótt í safnmuni reykvísku safnanna, en í Skaftfelli á Seyðisfirði eru verk eftir Geira - Ásgeir Emilsson uppi.

Báðar sýningarnar skarast við aðrar greinar en falla samt að hluta innan þeirrar ljósmyndaflóru sem birtist gestum safna á næstu dögum.

Þá eru ótaldar merkilegar tveggjamannasýningar sem eru nokkrar: Einar Falur fer í slóð Collingwoods og við sjáum mótíf í landslagi frá tveimur ólíkum tímum á sýningu í Þjóðminjasafninu.

Í Ljósmyndasafni Reykjavíkur er tveggja heima sýn í myndum Thomsen og Thomsen, Péturs og Péturs sem ein kynslóð aðskilur.

Í-Kling & Bang sýna Maria Dambek og Robin McAulay ljósmyndaseríu frá Berlín af frægu listahúsi hústökumanna, Þórsgötu 111.

Tvíeykið Nikolai von Rosen og Florian Wojnar sýna í Nýlistasafninu uppstillingar sem þeir koma fyrir á ólíklegustu stöðum.

Þá er að lokum að nefna sýningu úr Breiðholtinu: Friðgeir Helgason hefur fest staði bernsku sinnar á filmu í því góða hverfi.

Það er því nóg að sjá: 22 sýningar sem eru í senn á mörkum og í miðju ljósmyndunar okkar tíma.

pbb@frettabladid.is












# 20% afsláttur

## AF ÖLLUM SNYRTIVÖRUM

# í DAG!

Gildir aðeins fimmtudaginn 13.05

50 ára HAGKAUP
fyrir íslendinga í 50 ár

Fröken Reykjavík
Kvennapartý í dag kl. 17
að Grandagarði 8
Sigga Thorlacius syngur, Þórdís Nadía og Hlín Agnars segja okkur frá því fyndnasta í tilverunni. Halldóra Geirharðs, Gerður Kristný, Guðlaug Elísabet og fleiri stíga á stokk með örstuttar eldmessur.
Leynigestur, léttar veitingar o.fl.
**Eigum góða stund saman í hópi frábærra kvenna!**

**Allar konur, vinkonur, mæður, dætur, frænkur og systur velkomnar!**
xS

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 13. maí 2010**

### ➜ Tónleikar

**16.00** Reykjalundarkórinn heldur sína árlegu vortónleika í Fella- og Hólakirkju við Hólaberg 88. **Efnisskráin verður fjölbreytt, létt og skemmtileg.**



**17.00 Rúnar Óskarsson** klarínettuleikari heldur tónleika í Hafnarborg við Strandgötu í Hafnarfirði. Á efniskránni verður nýleg íslensk tónlist og klassísk verk. Enginn aðgangseyrir.

**20.00 Söng- og leikkonan Jana María Guðmundsdóttir** og Valmar Valjaots flytja tónlistardagskrá tileinkaða Elly Vilhjálms í Samkomuhúsinu við Hafnarstræti á Akureyri.

**21.00** Hljómsveitin **The Esoteric Gender** heldur tónleika á Kaffibarnum við Bergstaðastræti.

**22.00 Hipp Hopp vs. Rokk** tónleikar á Sódóma Reykjavík við Tryggvagötu. Fram koma Ástþór Óðinn, Stjörnuryk, Orri Err, Nögl, Narfur og No Matches. Allur ágóði rennur til ABC Barnahjálp.

### ➜ Opnanir

**17.00 Katrín Elvarsdóttir** opnar sýningu á nýjum verkum í ljósmyndaröðinni Equivocal í Galleri við Baldursgötu 12.

### ➜ Pub Quiz

**20.00 Fótbolta** Pub Quiz fer fram á Enska barnum við Austurstræti. Vegleg verðlaun í boði og enginn aðgangseyrir. Nánari upplýsingar á **www.sammarinn.com.**

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**



**STYRMIR GUNNARSSON** er sestur í helgan stein sem ritstjóri Morgunblaðsins en hefur skrifað tvær bækur á hálfu ári, auk þess að ritstýra vefriti Evrópuandstæðinga.

HVAR ÞRENGIR AÐ? Hvaða hópar eru berskjaldaðir í íslensku samfélagi?

MÁLEFNAÞING UM NIÐURSTÖÐUR SKÝRSLU RAUÐA KROSSINS „HVAR ÞRENGIR AÐ?"

Málefnaþingið verður haldið föstudaginn14. maí kl. 14 - 17
í Háskóla Íslands, Háskólatorgi, stofu 105.
Fundarstjóri **Gísli Pálsson** prófessor og varamaður í stjórn Rauða kross Íslands.

DAGSKRÁ:

Kl. 14:00 Setning.
*Ungt fólk í atvinnuleit.*
▪ Niðurstöður skýrslunnar Hvar þrengir að?
*Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands.*
▪ Álit á niðurstöðum skýrslunnar Hvar þrengir að?
*Hjördís Árnadóttir, framkvæmdastjóri fjölskyldu- og félagsþjónustusviðs Reykjanesbæjar.*
*Lára Björnsdóttir, formaður Stýrihóps velferðarvaktarinnar.*
*Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi hjá Hjálparstarfi kirkjunnar.*
Kl. 15:10 Kaffihlé.
▪ Fátækt á Íslandi.
*Guðný Björk Eydal, félagsráðgjafi og prófessor við Háskóla Íslands.*
▪ Rauði krossinn og efnahagsþrengingar í Evrópu.
*Georg Habsburg, formaður Rauða krossins í Ungverjalandi.*
▪ Stefna Rauða kross Íslands.
*Anna Stefánsdóttir, formaður Rauða kross Íslands.*
Kl. 17:00 Fundarlok.

EKKERT ÞÁTTTÖKUGJALD - ALLIR VELKOMNIR!

**Skráning á skraning@redcross.is**
**Nánari upplýsingar á raudikrossinn.is**

Rauði kross Íslands

# Verðmyndunin var ö
# hér var aldrei alvöru

**Styrmir Gunnarsson er kominn í hóp afkastamestu rithöfunda eftir að hann komst á eftirlaunaaldur og lét af störfum ritstjóra Morgunblaðsins. Hann hefur nú sent frá sér tvær bækur á hálfu ári. „*Hrunadans og horfið fé*" heitir sú seinni og er útlegging Styrmis á þeim atriðum sem hann telur að skipti mestu í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Hann las skýrsluna á einni viku og skrifaði bókina á annarri. Hún kom í búðir í gær, útgefin af Bjarti.**

„Það sem kom mér mest á óvart þegar ég las þessa skýrslu var hvernig bankarnir hafa stundað viðskipti með hlutabréf í sjálfum sér. Það kom mér gersamlega í opna skjöldu hvað þetta var víðtækt. Ég hafði gert mér grein fyrir að það væri reynt með ýmsum ráðum að halda uppi verði á hlutabréfum í fyrirtækjum sem voru skráð á markað en ekki að það væri unnið að því með svona skipulögðum hætti. Mér finnst þetta eiginlega mestu tíðindin í skýrslunni."

**Verðmyndunin var fölsk**

*Niðurstaða þín er að hér hafi aldrei verið til alvöru hlutabréfamarkaður.*

„Í ljósi þess að verðmyndun á þeim hlutabréfamarkaði sem hér var starfræktur hefur verið algerlega fölsk þá er ekki hægt að komast að annarri niðurstöðu en þeirri að hér hafi ekki verið neinn alvöru markaður. Verðmyndunin var fölsk, bankarnir voru ekki bara að hafa áhrif á verð hlutabréfa í sjálfum sér og hver í öðrum. Þeir sem voru stærstu þátttakendur í viðskiptalífinu hafa unnið að því með einhverjum svipuðum aðferðum og bankarnir notuðu með eigin bréf og kannski að einhverju leyti með aðstoð bankanna."

**Athugasemdir án aðgerða**

*Hvers vegna fékk gervihlutabréfamarkaður að þrífast hér árum saman?*

„Þetta er náttúrulega hin stóra spurning sem við hljótum sem þjóð og samfélag að spyrja okkur að. Það er mjög athyglisvert að lesa lýsingu skýrslunnar á starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Þetta stjórnsýsluapparat sinnti með formlegum hætti því sem því bar að sinna, gerði athugasemdir og skrifaði skýrslur um hitt og þetta en fylgdi ekki sínum niðurstöðum eftir af nægilega mikilli festu og hörku. Hvers vegna gerði Fjármálaeftirlitið það ekki? Það er hin stóra spurning. Var það vegna þess að það hefur ekki nægilegan pólitískan bakstuðning til að fylgja þessu fast eftir? Eða bara fámennið, kunningjasamfélagið og tengsl á milli manna? Mér finnst erfitt að finna svör við þessum spurningum og verð að viðurkenna að ég á engin skýr svör við þeim. Ég held að þetta sé partur af skýringunni. Þarna er veikleiki í okkar samfélagi sem er smátt og smátt að koma fram."

Annað atriði sem Styrmir ræðir hvað mest um í bókinni er umfjöllun rannsóknarnefndarinnar um innistæðutryggingar, tilskipun ESB þar að lútandi og lögleiðingu tilskipunarinnar hér á landi. Hann segir að þarna sé loksins búið að vinna vandaða og ítarlega lögfræðilega úttekt á því máli.

**Óskiljanlegt**

„Það er gersamlega óskiljanlegt hvernig á því stendur að íslenska stjórnkerfið hafi ekki látið taka saman svona ítarlega lögfræðilega greinargerð eins og þarna birtist um þessa tilskipun og þýðingu hennar á íslenska stjórnkerfið snemma á árinu 2008 og jafnvel fyrr," segir hann. Nefndin taki af öll tvímæli um hið stóra deilumál í íslensku samfélagi síðustu misseri, Icesave-málið: „Við Íslendingar sem þjóð berum ekki ábyrgð á þessum skuldbindingum. Og það er



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# öll fölsk – umarkaður

náttúrulega afskaplega veik stjórnsýsla sem ekki hefur dregið þessar röksemdir fram fyrr en núna að rannsóknarnefndin gerir það.“

**Gallað frumvarp Gylfa**

*Þú setur skýrsluna í samhengi við nýtt stjórnarfrumvarp um fjármálafyrirtæki sem Alþingi er með til meðferðar, segir að það sé gallað og kallar eftir þverpólitískri samstöðu um nýja löggjöf. Hverjir eru þessir gallar og í hverju á sáttin að felast?*

„Ég tel að það sé algjört grundvallaratriði að skilja á milli viðskiptabankastarfsemi og fjárfestingarbankastarfsemi. Það var fjárfestingarbankastarfsemin sem setti íslenska bankakerfið um koll. Það er margvísleg reynsla af þessu í öðrum löndum. Eftir kreppuna í Bandaríkjunum í byrjun 20. aldarinnar var bannað að reka viðskiptabanka og fjárfestingarbanka undir einum hatti. Ég tel að svona bann eigi að taka upp hér en það er alls ekki gert ráð fyrir því í þessu frumvarpi Gylfa Magnússonar.

Ég hef reynt að spyrjast fyrir um það hvernig á þessu standi. Mér er sagt að rökin hafi verið þau að ef þetta yrði gert væru ekki til nægilega stórir bankar til að þjóna íslenskum fyrirtækjum. Þetta eru nákvæmlega sömu rök og voru notuð hér fyrir áratug. Bankarnir væru svo litlir að þeir gætu ekki sinnt stórum íslenskum fyrirtækjum. En ég spyr: Hvar eru þessi stóru, íslensku fyrirtæki í dag sem bankarnir geta ekki þjónað? Þau eru horfin, þau eru ekki lengur til. Ég tel að þetta sé algjört grundvallaratriði.“

**Næstu bækur um kalda stríðið og Sjálfstæðisflokkinn**

*Um hvað verður næsta bók? Ertu byrjaður á henni?*

„Ég er búinn að velta því fyrir mér lengi að skrifa um kalda stríðið á Íslandi. Mér finnst æskilegt að lýsa viðhorfum minnar kynslóðar til kalda stríðsins. Mér finnst yngri kynslóðir eiga eitthvað erfitt með að skilja okkur,“ segir Styrmir. „Svo hef ég líka áhuga á að skrifa eitthvað um innri málefni Sjálfstæðisflokksins á undanförnum áratugum, sem ég hef fylgst vel með.“

# Gaman í Havaríi

Á laugardaginn opnar Gallerí HAVARÍ í Austurstræti sýningu með verkum eftir Gjörningaklúbbinn, Siggu Björgu, Hugleik Dagsson, Lindu Loeskow og Söru Riel. Um er að ræða bæði frumsýningar og endursýningar á verkum listamannanna. Gjörningaklúbburinn/The Icelandic Love Corporation sýnir teikningar frá 2007. Þar kennir ýmissa grasa úr hugmyndaheimi þrenningarinnar.

Hugleikur Dagsson sýnir verk af ýmsum stærðum. Meðal annars landslagsmynd þar sem Guð faðmar fjall en Sigga Björg ætlar að sýna teikningar sem fara út fyrir blaðið og inn í veggi.

Linda Loeskow er grafískur hönnuður sem unnið hefur til fjölda verðlauna. Linda mun sýna hvetjandi veggmyndir, eins konar kaffistofulist.

Sara Riel málaði vegglistaverk í anddyri gallerísins sem var frumsýnt í byrjun mánaðarins. - pbb



**MYNDLIST** Hugleikur sýnir ýmsar stærðir í Havarí.


**Söngskólinn í Reykjavík**

Inntökupróf í allar deildir skólans fara fram 17. maí

- **UNGLINGADEILDIR** Stúlkur og drengir 11-15 ára
- **SÖNGLEIKJADEILDIR** Nemendur á framhaldsskólaaldri
- **SÖNGDEILDIR** Nemendur frá 16 ára aldri
- **HÁSKÓLADEILDIR** Einsöngs- og kennaradeildir

Umsóknir og upplýsingar:
sími 552 7366 / songskolinn.is / rafraen.reykjavik.is



**20% afsláttur** af öllum vörum frá Clinique dagana 13-19 maí




**50 % afsláttur** af völdum vörum frá Clinique

Sannreynt á rannsóknarstofu
Sannreyndu það sjálf í speglinum
Jafnlit húð virðist yngri
Nýtt Even Better Clinical Dark Spot Corrector

- Húðfræðingar okkar eru á einu máli um að jafnlit húð líti út fyrir að vera yngri.
- Við höfum góðar fréttir að færa: Í klínískum tilraunum gerðum eftir 4, 8 og 12 vikna notkun, reyndist nýja Even Better Clinical jafna húðlitinn og bæta ásýnd húðarinnar. Það mildar einnig eftirköst mikilla sólbaða og dregur úr dökkum blettum vegna öldrunar og af öðrum sökum.
- Þú getur átt von á geislandi jafnlitri húð. Even Better er líka þægilegt í notkun um lengri tíma, jafnvel fyrir viðkvæma húð, sem ertist auðveldlega.

Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum Clinique.
Og gleymdu ekki sólarvörninni.
Even Better teymið er að finna hjá clinique.com

CLINIQUE
Ofnæmisprófað.
100% ilmefnalaust.

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

# Boginn spenntur hjá Hróa

**Hrói höttur er eflaust einhver þekktasta persóna breskrar bókmenntasögu. Þessi góðhjartaði riddari Sherwood-skógar í Nottinghamskíri hefur oft og mörgum sinnum ratað á hvíta tjaldið enda hefur sagan af honum allt það sem prýðir góða kvikmynd: ást, peninga, völd og … boga.**



## HRÓAR HVÍTA TJALDSINS

**Russell Crowe** er hinn nýi Hrói höttur en **Douglas Fairbanks** var með þeim fyrstu til að troða sér ofan í þröngar sokkabuxur. Í kjölfarið reyndu leikarar á borð við **Erroll Flynn**, **Sean Connery** og **Kevin Costner** við sig með bogann þótt flestir telji að Flynn sé besti Hróa hattarleikari hvíta tjaldsins.

Douglas Fairbanks er fyrsti Hrói höttur hvíta tjaldsins en það var árið 1922 sem hann tróð sér í níðþröngar sokkabuxur. Söguþráðurinn var kunnuglegur: Ríkharður ljónshjarta heldur í þriðju krossferðina til landsins helga og skilur völdin eftir í höndum bróður síns Jóhanns landlausa. Sá er ansi varasamur náungi, byrjar að kúga hina fátæku til að borga undir gjálífi sitt. Eini maðurinn sem virðist geta staðið upp í hárinu á honum er jarlinn af Huntington, betur þekktur sem Hrói Höttur.

Árið 1938 réðst síðan Hollywood í gerð nýrrar kvikmyndar um Hróa hött og að þessu sinni var það hjartaknúsarinn Erroll Flynn sem reið um skóglendi Englands. Almennt er talið að Flynn sé besti Hrói fyrr og síðar en kvikmyndin segir frá því þegar Hrói kemst á snoðir um að hinn illi bróðir Ríkharðs ljónshjarta, Jóhann, ætli að hrifsa til sín völdin.

### Seinna tíma Hróar

Sean Connery vakti síðan Hróa upp frá værum blundi árið 1976 þegar hann lék heldri manna útgáfu af konungi þjófanna. Í Robin og Marion snýr Hrói heim til Sherwood eftir tuttugu ár í krossferðunum og hyggst vinna ástir Marion á ný. Hún er hins vegar orðin nunna.

Kevin Costner mætti síðan með bogann til Nottingham í hasarmyndaútgáfu frá árinu 1991. Í þeirri mynd snýr Hrói líka aftur frá krossferðunum ásamt Azeem og kemst að því að fógetinn frá Nottingham hefur niðurlægt fjölskyldu hans, hrifsað æskuást hans til sín og fer fremur létt með að kúga þá sem minna mega sín. Ridley Scott og Russell Crowe eru á svipuðum slóðum í nýjustu kvikmyndinni um Hróa hött. Þar berst Hrói bókstaflega við hlið Ríkharðs Ljónshjarta gegn frönsku innrásarliði. Þegar Ríkharður deyr og Hrói snýr aftur á heimaslóðir í Nottingham kemst hann að því að hinn illi fógeti kúgar allt sem hann kemst í tæri við. Hróa er slétt sama en þegar hann verður ástfanginn af hinni góðhjörtuðu Marion ákveður hann að leggja henni lið gegn kúgunaröflunum. Auk Crowe fara þau Cate Blanchett og Max von Sydow með stór hlutverk í myndinni sem verður frumsýnd í vikunni.

freyrgigja@frettabladidi.is


NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!




LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| ROBIN HOOD | 2(600 kr), 4, 7 og 10 (POWER) | 12 |
| IRON MAN 2 | 5, 7.30 og 10 | L |
| BACK-UP PLAN | 8 og 10.10 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D | 2(900 kr) - 3D | L |
| NANNY MCPHEE THE BIG BANG | 2(600 kr) og 5 | L |

SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| ROBIN HOOD | kl. 5D - 8D - 10:50D (Power kl.10:50D) | 12 |
| ROBIN HOOD | kl. 2 - 5 - 8 - 10:50 (Power kl.10:50D) | VIP |
| IRON MAN 2 | kl. 2:50 - 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| COPS OUT | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 14 |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| KICK ASS | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 14 |
| CLASH OF THE TITANS | kl. 10:20 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D M/ ísl. Tali | kl. 2(3D) | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:30 | 12 |
| HOT TUB TIME MACHINE | kl. 8:10 | 14 |
| ALICE IN WONDERLAND | kl. 3:40 | L |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN M/ ísl. Tali | kl. 1:30 | L |

já NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| COPS OUT | kl. 5:50 - 8:10 - 10:30 | 14 |
| IRON MAN 2 | kl. 3:20 - 5:40D - 8:10D - 10:45D | 12 |
| KICK ASS | kl. 5:50 - 8:10 - 10:40 | 14 |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D M/ ísl. Tali | kl. 3:40(3D) | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 2 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| KICK ASS | kl 8 - 10:10 | 14 |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl 6 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| ROBIN HOOD | kl. 5 - 8 - 10:50 (Power kl.10:50) | 12 |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 4 | L |
| SHE´S OUT OF MY LEAGUE | kl. 5:50 - 8 | 12 |
| IRON MAN 2 | kl. 10:10 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ 650 kr.

| | | |
|---|---|---|
| ROBIN HOOD | kl. 2-5-8-11 | 12 |
| ROBIN HOOD LÚXUS | kl. 2-5-8-11 | 12 |
| THE BACKUP PLAN | kl. 5.40-8-10.20 | L |
| IRON MAN 2 | kl. 2.40-5.20-8-10.40 | 12 |
| SHE´S OUT OF MY LEAGUE | kl. 8-10.20 | 12 |
| THE SPY NEXT DOOR | kl. 1-3.40-5.50 | L |
| NANNY MCPHEE | kl. 1 - 3.40 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| DATE NIGHT | kl. 6-8-10 | 10 |
| IMAGINARIUM OF DR. P.... | kl. 8-10.15 íslenskur texti | 12 |
| UN PROPHÉTE | kl. 6-9 enskur texti | 16 |
| FANTASTIC MR. FOX | kl. 6 íslenskur texti | L |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 6 - 9 | 14 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| ROBIN HOOD | kl. 4-6-7.30-9-10.30 | 12 |
| THE SPY NEXT DOOR | kl. 4 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| ROBIN HOOD | kl. 6-9 | 12 |
| CRAZY HEART | kl. 5.30-8-10.30 | L |
| THE BACKUP PLAN | kl. 5.40-8-10.20 | L |
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | kl. 5.40-8-10.20 | 12 |




HVAÐ ERU KLASAR?

HVAÐ GETA KLASAR GERT FYRIR ÍSLAND?

Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík stendur fyrir hádegisfundi **föstudaginn 14. maí** kl. 12:10 – 13:30.

**Á fundinum fjallar dr. Christian Ketels, sérfræðingur við Harvard-háskóla, um hvernig Íslendingar geta stuðst við hugmyndafræði klasastefnunnar við endurreisn íslenska hagkerfisins, en myndun og starfsemi klasa getur verið ein af grunnstoðum varanlegs vaxtar í efnahagslífinu.**



**Dr. Christian Ketels** kennir við Institute for Strategy and Competitiveness við Harvard Business School (HBS). Dr. Ketels er með doktorspróf í hagfræði frá London School of Economics og hefur verið veitt staða prófessors við European Business School. Dr. Ketels gegnir einnig rannsóknarstöðu við Viðskiptaháskólann í Stokkhólmi og stjórnar TCI, alþjóðlegum samtökum klasasérfræðinga. Hann hefur stjórnað verkefnum á sviði klasa og samkeppnishæfni í mörgum löndum og situr nú í nefnd framkvæmdastjórnar ESB um klasastefnu. Dr. Ketels hefur skrifað raundæmi um Ísland ásamt Michael Porter og hefur fjallað reglulega um landið í State of the Baltic Sea Region-Reports og Nordic Globalization Barometer.

Hádegisfundurinn fer fram í Háskólanum í Reykjavík, Menntavegi 1, Antares. Fyrirlesturinn verður fluttur á ensku og stendur í u.þ.b. 45 mínútur. Góður tími gefst til spurninga og umræðna að honum loknum. **Allir velkomnir!**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

www.hr.is



**NÝTT EFNI Á LEIÐINNI** Keith Richards vill hitta söngvarann Mick Jagger og ræða við hann um nýja plötu. NORDICPHOTOS/AFP

# Undirbúa nýja plötu

Keith Richards, gítarleikari Rolling Stones, ætlar að hitta söngvarann Mick Jagger í næstu viku og ræða upptökur á nýrri plötu. Vonast hann til að Jagger gefi grænt ljós á verkefnið. „Allir verða að hafa áhuga á að gera plötu og oftast bíð ég eftir að Mick hringi í mig og segi: „Við skulum gera eitthvað“,“ sagði Richards. „Ég er alltaf að vinna og er með fullt af hugmyndum. Ég hef bara ekki sett þær á blað enn þá með Mick.“

Fimm ár eru liðin síðan síðasta hljóðversplata Stones, A Bigger Bang, kom út.



**ÁSTFANGNAR** Cynthia Nixon líkir ástkonu sinni við karlmann með brjóst. NORDICPHOTOS/GETTY

# Lítill karl með brjóst

**Leikkonan Cynthia Nixon, sem fer með hlutverk Miröndu í þáttunum Sex And The City, líkir ástkonu sinni, Christine Marinoni, við lágvaxinn karlmann með brjóst. „Það sem ég elska við hana er hvað hún er karlmannleg. Hún er í raun lágvaxinn karlmaður með brjóst. Christine verður ekki hrifin af þessum ummælum mínum, en dóttir mín sagði eitt sinn við mig: „Ef maður pælir í því þá mundi maður halda að hún væri karlmannleg og þú kvenleg, en um leið og maður kynnist ykkur veit maður að því er öfugt farið.“ Nixon segir það ekki hafa verið erfiða ákvörðun að koma út úr skápnum á sínum tíma, en hún var gift manni þegar hún kynntist Marinoni.**







## 29 DAGAR Í HM




Frakkinn Michel Platini er eini leikmaðurinn í sögu HM sem hefur náð því að skora tvisvar sinnum á afmælisdaginn sinn í úrslitakeppni HM. Platini skoraði fyrst í 4-1 sigri á Kúvæt 21. júní 1982 og svo í 1-1 jafntefli á móti Brasilíu í átta liða úrslitum 21. júní 1986. Frakkland vann þennan leik við Brasilíu í vítakeppni þótt Platini hefði klikkað á sinni spyrnu í vítakeppninni.

**sport**

sport@frettabladid.is

**SIGURÐUR RAGNAR EYJÓLFSSON LANDSLIÐSÞJÁLFARI:** PEPSI-DEILD KVENNA HEFST MEÐ HEILLI UMFERÐ Í DAG

# *Það verður mjög erfitt fyrir hin liðin að keppa við Val*



Pepsi-deild kvenna hefst í dag með heilli umferð og Fréttablaðið fékk Sigurð Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfara til þess að spá aðeins í spilin fyrir sumarið. „Ég held að Valur geti haft talsverða yfirburði í sumar," segir Sigurður Ragnar og nefnir helst Breiðablik eða Þór/KA sem lið gæti ógnað eitthvað Íslandsmeisturum Vals. „Valur hefur verið að spila við Breiðablik sem á að vera með næstbesta liði og þær hafa verið að skella þeim í þessum leikjum og það er mikill munur á liðunum. Eina liðið sem ég hef séð standa eitthvað í Val á undirbúningstímabilinu er Þór/KA fyrir norðan. Þær eiga að klára þennan titil, ef maður dæmir bara út frá leikmannahópnum, en auðvitað vonar maður að deildin verði jöfn og spennandi eins og hún var í fyrra," segir Sigurður Ragnar.

„Það verður mjög gaman að fylgjast með liði Breiðabliks fram á við en ég held að þær verði vandræðum í bæði vörn og með markvörsluna. Þær eru að fá einhverja útlendinga skilst mér og ég vona að þessir nýju leikmenn Blika séu sterkir leikmenn því ef að þetta eru ekki góðir leikmenn þá held ég að Valur sé með töluverða yfirburði," segir Sigurður Ragnar. Hann segir að liðin í neðri hlutanum séu sterkari en þau voru í fyrra. „Ég held að Afturelding sé með lakasta liðið og lendi í neðsta sæti en hitt, það verður barátta um að forðast hitt fallsætið milli Hauka, FH, Grindavíkur og KR. Öll þessi lið eiga vel heima í þessari deild," segir Sigurður Ragnar sem býst ekki við Fylki og Stjörnunni í toppbaráttunni.

Sigurður Ragnar er annars á því að keppnin um titilinn hafi horfið þegar Blikar misstu fyrirliða sinn, Ernu Björk Sigurðardóttur, í meiðsli. „Valsliðið er í rauninni með allt: breiðasta hópinn, mestu hefðina, litlar breytingar milli ára og mikið sjálfstraust í liðinu. Það verður mjög erfitt fyrir hin liðin að keppa við Val," sagði Sigurður Ragnar að lokum.



**GLÖTUÐ TÆKIFÆRI** KR-ingurinn Björgólfur Takefusa svekktur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Spáin og fyrsta umferðin:

## Óvæntasta byrjunin í tólf ár

**FÓTBOLTI** Engu af efstu þremur liðunum í spá þjálfara, fyrirliða og forráðamanna í Pepsi-deild karla tókst að vinna sinn leik í fyrstu umferð Íslandsmótsins sem lauk í fyrrakvöld. Það eru tólf ár síðan að það gerðist síðast.

KR var spáð fyrsta sætinu en gerði 2-2 jafntefli við Hauka sem var spáð neðsta sætinu. FH var spáð öðru sætinu en gerði 2-2 jafntefli við Valsmenn sem var spáð 6. sæti. Blikar, sem var spáð 3. sætinu, töpuðu síðan 0-1 á heimavelli á móti Keflvíkingum sem var spáð 4. sætinu.

Þetta er enn fremur aðeins í þriðja sinn sem þetta gerist á þeim 25 árum sem spáin hefur verið við lýði. Efstu þrjú liðin í spánni fyrir tímabilin 1998 og 1992 voru einnig án sigurs eftir fyrstu umferðina. - óój

# Ekkert annað en sigur kom til greina

**Steinþór Freyr Þorsteinsson, leikmaður Stjörnunnar, er leikmaður 1. umferðar Pepsi-deildar karla að mati Fréttablaðsins. Stjarnan komst á topp deildarinnar með 4-0 sigri á Grindavík þar sem Steinþór fór mikinn.**

**FÓTBOLTI** Stjörnumaðurinn Steinþór Freyr Þorsteinsson er leikmaður 1. umferðar Pepsi-deildar karla að mati Fréttablaðsins. Stjarnan vann Grindavík á heimavelli 4-0, þar sem Steinþór Freyr átti þátt í þremur mörkum. Stjarnan skoraði fyrsta markið úr víti sem Steinþór fiskaði, hann skoraði sjálfur þriðja mark leiksins og lagði svo það fjórða upp. Þessi sömu lið mættust einmitt á sama velli í fyrstu umferð Íslandsmótsins í fyrra og þá, rétt eins og nú, unnu Stjörnumenn góðan sigur.

„Þetta var góð byrjun á tímabilinu og við lögðum upp með að endurtaka leikinn frá því í fyrra," segir Steinþór í samtali við Fréttablaðið. „Stemningin í klefanum fyrir leik var mjög góð og áhorfendur létu vel í sér heyra. Það kom því ekkert annað en sigur til greina."

Leikurinn var varla byrjaður þegar Auðun Helgason fékk rautt fyrir að brjóta á Steinþóri og um leið var vítaspyrna dæmd.

„Þetta hafði auðvitað sitt að segja þó svo að það sé ekki hægt að fullyrða neitt um hvernig leikurinn hefði annars þróast. En þeir bökkuðu mikið og reyndu ekki mikið að sækja fram. Við biðum lengi eftir því að fá þá framar á völlinn en það gerðist ekki og því þurftum við að búa til þetta pláss sjálfir. Það tókst ágætlega," segir Steinþór.

Stjarnan átti frábæru gengi að fagna fyrri hluta mótsins í fyrra en þá var liðið nýliði í deildinni. Stjörnumenn voru í þriðja sæti deildarinnar eftir 5-1 sigur á Þrótti í 13. umferð. En það reyndist síðasti sigur liðsins á tímabilinu og endaði það í sjöunda sæti.

„Við höfum ekkert tekið það sérstaklega fyrir hvort það muni reynast okkur erfitt að fylgja þessu fyrsta ári okkar í deildinni eftir," sagði Steinþór. „Fyrst og fremst vonumst við til þess að við höldum takti aðeins lengur en við gerðum síðasta sumar. Aðalmálið er að hafa rétt hugarfar og ég tel að allir leikmenn liðsins séu með kollinn í lagi."

Steinþór missti af stórum hluta síðasta tímabils vegna meiðsla og segist hann reyndar ekki vera 100 prósent heill nú. „Ég vil nú ekki gera of mikið úr þessu en læknirinn minn segir að meiðslin versni ekki upp úr þessu – annars væri ég ekki að spila. Ég þurfti að hvíla í nokkrar vikur fyrir mót og því var ég svolítið þreyttur í leiknum í gær. En ég hef verið á bataleið og þetta er allt að koma."

Stjarnan og Fylkir eru nú í tveimur efstu sætum deildarinnar eftir fyrstu umferðina og þessi lið mætast í Árbænum á sunnudagskvöldið. „Mér líst vel á leikinn þó svo að við eigum ekkert sérstaklega góðar minningar frá þessum velli," segir Steinþór í léttum dúr. Stjörnumenn gleyma seint bikarleiknum gegn Fylki í fyrra en honum töpuðu þeir 7-3 eftir að hafa komist 3-0 yfir. „En við ætlum okkur að halda ótrauðir áfram og stefnum alltaf á sigur í næsta leik."

eirikur@frettabladid.is



**STEINÞÓR FREYR** Fagnar hér marki með félögum sínum í leik með Stjörnunni á síðustu leiktíð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Lið 1. umferðar (3-4-3)

**Markvörður:**
Ingvar Þór Kale, Breiðabliki.

**Varnarmenn:**
Daníel Laxdal, Stjörnunni.
Alen Sutej, Keflavík.
Tómas Þorsteinsson, Fylki.

**Miðvallarleikmenn:**
Tómas Leifsson, Fram.
Paul McShane, Keflavík.
Ingimundur Níels Óskarsson, Fylki.
Gunnar Örn Jónsson, KR

**Framherjar:**
Arnar Sveinn Geirsson, Val.
Steinþór Freyr Þorsteinsson, Stjörnunni
Halldór Orri Björnsson, Stjörnunni.

### Steinþór í lykilhlutverki

**Árangur Stjörnunnar 2009-2010 með Steinþór Frey í byrjunarliðinu:**
14 leikir: **24 stig** (7 sigrar–3 jafnt.–4 töp)
Markatala: +11 (34*–23)
* Kom að 19 af 34 mörkum Stjörnunnar.

**Án Steinþórs í byrjunarliðinu:**
9 leikir: **5 stig** (1–2–6)
Markatala: –6 (15–21)






Atletico Madrid fagnaði sigri í Evrópudeild UEFA:

# Forlan fór á kostum

**FÓTBOLTI** Diego Forlan var enn og aftur hetja Atletico Madrid er hann skoraði bæði mörkin í 2-1 sigri á Fulham í úrslitaleik Evrópudeildar UEFA sem fór fram í Hamburg í Þýskalandi í gær.

Atletico sló út Liverpool í undanúrslitum en Forlan skoraði einnig bæði mörk sinna manna í þeim leikjum.

Fyrra markið skoraði hann í gær er hann stýrði misheppnuðu skoti Sergio Agüero í netið. Stuttu síðar náði Simon Davies að jafna metin fyrir þá ensku með laglegu skoti úr teignum.

Ekkert var skorað fyrr en í lok framlengingarinnar en þar var Forlan aftur að verki með laglega afgreiðslu.

Stuðningsmenn og leikmenn Fulham voru vitaskuld vonsviknir en knattspyrnustjórinn Roy Hogdson hrósaði þeim eftir leikinn.

„Það er ekki hægt að vera ánægður eftir tapleiki en ég get ekki gagnrýnt mitt lið eftir þennan leik. Við vildum vinna og það sást í leiknum. Það gerðu sér allir grein fyrir að við gerðum allt sem við gátum," sagði Hodgson sem hefur náð frábærum árangri með Fulham á undanförnum árum. - esá




**SÆLIR MADRÍDINGAR** Onio Lopez, fyrirliði Atletico Madrid, lyftir hér bikarnum góða á loft. NORDIC PHOTOS/GETTY

### ÚRSLIT

*UEFA-bikarkeppnin*

*Úrslitaleikur:*
**Atletico Madrid - Fulham 2-1**
1-0 Diego Forlan (32.), 1-1 Simon Davies (37.), 2-1 Diego Forlan (116.).

*Enska B-deildin*

*Umspil um úrvalsdeildarsæti, undanúrslit:*
**Leicester - Cardiff City 2-3**
Samanlögð úrslit 3-3. Cardiff vann í vítaspyrnu keppni, 4-3, og mætir Blackpool í úrslitum á Wembley-leikvanginum þann 22. maí.

*Sænska úrvalsdeildin*

**Örebro - Umeå 0-0**
Edda Garðarsdóttir lék allan leikinn fyrir Örebro en Ólína G. Viðarsdóttir er frá vegna meiðsla.

*Þýska úrvalsdeildin*

**Rhein-Neckar Löwen - Göppingen 34-27**
Ólafur Stefánsson og Snorri Steinn Guðjónsson skoruðu tvö mörk hvor fyrir RN Löwen.
**Dormagen - Flensburg 26-30**
Alexander Petersson skoraði þrjú mörk fyrir Flensburg í leiknum.
**Balingen - Düsseldorf 35-25**
Sturla Ásgeirsson skoraði þrjú mörk fyrir Düsseld.
**Minden - Hannover-Burgdorf 27-27**
Gylfi Gylfason skoraði fjögur mörk fyrir Minden og Ingimundur Ingimundarson þrjú. Hannes Jón Jónsson skoraði þrjú mörk fyrir Hannover-Burgd.

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# OPIÐ Í DAG FRÁ 11.00 TIL 18.00

**498** KR.KG
KJÖRFUGL FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR
MERKT VERÐ 664 KR.KG 25% AFSLÁTTUR

**598** KR.KG
KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR

**1598** KR.KG
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 1998 KR.KG 20% AFSLÁTTUR

**998** KR.KG
K.S FROSIÐ LAMBALÆRI SNYRT

**998** KR.KG
K.S FROSNAR LAMBA-SIRLOIN SNEIÐAR

**2698** KR.KG
K.S FROSIÐ LAMBAFILLET

**259** KR.STK
MYLLU JÓLAKAKA 420g

**198** KR.PK
BÓNUS NÝBAKAÐ LANGLOKUR 4 STK

**195** KR. STK
BÓNUS KORNBRAUÐ EITT KÍLÓ DUGAR Í *13 SAMLOKUR* U.Þ.B. *15 KR.* SAMLOKAN

**1598** KR.KG
ÍSLANDSLAMB GRILL LAMBALÆRISSNEIÐAR
MERKT VERÐ 1998 KR.KG 20% AFSLÁTTUR

**OS GOUDA OSTUR MILDUR 26%**
*nú með 25% afslætti*
**972** KR.KG
*Merkt verð 1296 kr.kg.*
25% AFSLÁTTUR

**30%** AFSLÁTTUR
K.F FERSKT KRYDDAÐ HEIÐALÆRI
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. **1398 kr.kg**

**1998** KR.KG
ÍSLANDSLAMB GRILL MIÐ-LÆRISSNEIÐAR

**179** KR. 2 LTR
PEPSI / PEPSI MAX / SPRITE / SPRITE ZERO

**30%** AFSLÁTTUR
K.F LONDONLAMB 1.FL.
MERKT VERÐ 1998 KR.KG.
**1398 kr.kg.**

**205** KR. FL
HUNTS BBQ SÓSUR 612G
HONEY MUSTARD & ORGINAL BBQ

**398** KR. FL
CAJ-P ORGINAL BBQ OLÍA 500ML

**139** KR.PK
BÓNUS XL- HAMBORGARA-BRAUÐ 4 STK

**1359** KR.KG
KF FROSNIR UNGNAUTA-HAMBORGARAR 10 X 120G

**BÓNUS BÝÐUR BETUR** VISA



> Steve Carell

„Mér finnst fátt eins gott eins og að hlæja vel og lengi.“

*Carell leikur skrifstofustjórann Michael Scott í gamanþáttunum The Office sem Skjár einn sýnir í kvöld kl. 20.10.*

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON FYLGIST MEÐ SÍÐUSTU ÞÁTTARÖÐ LOST

# *Undarleg uppátæki Lockes*

Sjötta og síðasta þáttaröðin af Lost er farin af stað í Sjónvarpinu. Núna fá áhorfendur loksins úr því skorið um hvað þessi þáttaröð er í raun og veru. Er búið að hafa þá að fífli öll þessi ár eða er einhver stór sannleikur á bak við þetta allt saman? Sjálfur efast ég stórlega um að nógu merkilegir hlutir gerist í þessari seríu sem fái mann til að fyrirgefa framleiðendunum hversu lengi þeir hafa teygt og togað vitleysuna.

Í tvöfalda þættinum sem var sýndur fyrir skömmu jókst ruglingurinn enn meir. Þá kom í ljós (samkvæmt mínum skilningi) að hinn illi Jakob hefði tekið sér bólfestu í Locke, sem hingað til hefur verið góði gæinn. Locke virtist breyta sér í svart ský (Jakob) sem drap hvern manninn á fætur öðrum og var síðan algjörlega laus við samviskubit á eftir. Hver þessi Jakob nákvæmlega er á eftir að koma í ljós.



**LOCKE** Locke er tvímælalaust undarlegasta persóna Lost og er þó af mörgum að taka.

Locke er tvímælalaust undarlegasta persóna Lost og er þó af mörgum að taka. Hann var í hjólastól áður en hann lenti á eyjunni en þegar þangað var komið gat hann allt í einu gengið. Í síðustu þáttaröð var hann síðan drepinn en reis skömmu síðar upp frá dauðum. Núna hefur hann sem sagt breyst í illmennið Jakob og mun vafalítið myrða flesta sem á vegi hans verða það sem eftir lifir þáttaraðarinnar. Að sama skapi er fyrrum vondi gæinn, Ben, ekki svipur hjá sjón lengur. Honum er tuskað til hvað eftir annað, sem er dálítil synd því hann var flott illmenni á sínum tíma. Þar hefur verið illa farið með góðan karakter, rétt eins og Locke, sem er eiginlega hættur að vera áhugaverður.

## FIMMTUDAGUR



▶ **20.35** Parks & Recreation SKJÁR EINN



▶ **20.15** Gilmore Girls STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.15** Castle SJÓNVARPIÐ



▶ **21.50** The Fixer STÖÐ 2



▶ **00.00** Boston – Cleveland, beint STÖÐ 2 SPORT

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Sammi, Bitte nú!, Kóngulóarbörn í Sólarlaut og Lotta flytur að heiman.

**10.40 Hlé**

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Hvaða Samantha?** (27:35) (e)

**17.55 Stundin okkar** (e)

**18.25 Loftslagsvinir** (Klima nørd) (8:10)

**19.00 Fréttir**

**19.20 Veðurfréttir**

**19.25 Háskóli unga fólksins**

**19.55 Epik feil** (1:4) Verðlaunamynd frá Stuttmyndadögum 2009. Myndin er eftir Ragnar Agnarsson og segir frá manni sem þarf að ráða fram úr erfiðu vandamáli. Aðalhlutverk: Ólafur Darri Ólafsson, Ágústa Eva Erlendsdóttir, Theódór Júlíusson og Herdís Þorvaldsdóttir.

▶**20.15 Castle** (Castle) (4:10) Bandarísk þáttaröð. Höfundur sakamálasagna er fenginn til að hjálpa lögreglunni þegar morðingi hermir eftir atburðum í bókum hans.

**21.00 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives) (129:134) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.

**21.45 Herstöðvarlíf** (Army Wives) Bandarísk þáttaröð um eiginkonur hermanna sem búa saman í herstöð og leyndarmál þeirra.

**22.30 Störtebeker** (Störtebeker) (e)

**00.00 Dagskrárlok**

**08.40 Zoolander**

**10.10 Dumb and Dumber**

**12.00 Beverly Hills Chihuahua**

**14.00 Zoolander**

**16.00 Dumb and Dumber**

**18.00 Beverly Hills**

**20.00 Australia** Rómantísk mynd með Hugh Jackman og Nicole Kidman í aðalhlutverkum.

**22.40 The Haunting Hour: Don't Think About It**

**00.05 Gladiator**

**02.35 Kin**

**04.05 The Haunting Hour: Don't Think About It**

**06.00 Elizabeth: The Golden Age**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Dynkur smáeðla, Harry and Toto, Lalli, Dora the Explorer, Elías, Gulla og grænjaxlarnir, Svampur Sveinsson, Firehouse Tales, Stuðboltastelpurnar og Scooby-Doo og félagar.

**10.25 Bolt** Vinsæl Disney-teiknimynd fyrir alla fjölskylduna sem fjallar um undrahundinn Bolt og ævintýri hans.

**12.00 NCIS** (15:19)

**12.45 The O.C.** (8:27)

**13.30 Logi í beinni**

**14.20 The Game Plan**

**16.05 Mystery Men**

**18.05 The Simpsons** (14:22) Lífið hjá Hómer og Marge Simpson gengur sinn vanagang en ekki líður sá dagur að þau eða börnin rati ekki í vandræði!

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.51 Veður**

**19.00 Two and a Half Men** (2:24) Gamanþáttur um bræðurna Charlie og Alan Harper.

**19.25 How I Met Your Mother** (16:20) Þriðju serían af gamanþáttunum þar sem við kynnumst enn betur vinunum Barney, Ted, Marshall, Lily og Robin.

**19.50 Matarást með Rikku** (2:8) Friðrika Hjördís Geirsdóttir sækir heim þjóðþekkta Íslendinga og fylgist með þeim undirbúa matarboð.

**20.20 NCIS** (19:25) Spennuþáttaröð um sérsveit sem rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.

**21.05 Southland** (6:7) Lögregluþættir um líf og störf lögreglumanna í Los Angeles. Þar er glæpatíðnin með því hæsta sem um getur og morð nánast daglegt brauð.

▶**21.50 The Fixer** (4:6) Breskur krimmi um fyrrverandi sérsveitarmann í hernum sem situr í fangelsi fyrir að hafa framið morð en fær lausn gegn því að hann gerist launmorðingi fyrir ríkisstjórnina.

**22.40 Steindinn okkar** Nýr sketsaþáttur með nýstirninu Steinda Jr. Í þættinum nýtur hann stuðnings þjóðþekktra einstaklinga sem hafa getið sér gott orð í gríninu en einnig kemur fram fólk sem er þekkt fyrir eitthvað allt annað en að leika og grínast.

**23.15 Twenty Four** (15:24)

**00.00 Cold Case** (18:22)

**00.45 The Mentalist** (17:23)

**01.30 Supernatural** (10:16)

**02.10 Mystery Men**

**04.10 The Game Plan**

**05.55 Fréttir og Ísland í dag**

**07.00 Atl. Madrid - Fulham** Útsending frá úrslitaleiknum í Evrópudeildinni í knattspyrnu.

**18.00 Pepsímörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa verða á sínum stað.

**19.00 Players Championship** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.

**19.55 Inside the PGA Tour 2010** Árið sem framundan er skoðað gaumgæfilega og komandi mót krufin til mergjar.

**20.20 Veitt með vinum: Blanda** Veitt verður í Blöndu og allir helstu leyndardómar þessarar skemmtilegu ár skoðaðir.

**20.50 FA Cup - Preview Show 2010** Hitað upp fyrir ensku bikarkeppnina.

**21.20 2009 PLAYERS Championship Official Film** Í þessari mynd er fjallað um The Players Championship mótið í golfi árið 2009.

**22.10 Atl. Madrid - Fulham** Útsending frá úrslitaleiknum í Evrópudeildinni í knattspyrnu.

▶**00.00 Boston - Cleveland** Bein útsending fra leik i urslitakeppni NBA-deildarinnar.

**07.00 Cardiff - Leicester** Útsending frá leik í ensku 1. deildinni.

**17.25 Cardiff - Leicester** Útsending frá leik í ensku 1. deildinni.

**19.05 Season Highlights** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

**20.00 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**20.30 PL Classic Matches: Norwich - Southampton, 1993**

**21.00 Football Legends: Alfonso**

**21.30 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.

**22.25 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.

**23.00 Hull - Liverpool** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**12.30 Dr. Phil** (e)

**13.15 America's Funniest Home Videos** (26:50) (e)

**13.40 Still Standing** (4:20) (e)

**14.05 King of Queens** (3:25) (e)

**14.30 Honey** (e)

**16.10 America's Funniest Home Videos** (27:50) (e)

**16.35 Nýtt útlit** (11:11) (e)

**17.25 Dr. Phil**

**18.10 America's Next Top Model** (e)

**18.55 Girlfriends** (17:22) (e)

**19.15 Game Tíví** (16:17)

**19.45 King of Queens** (10:24) (e)

**20.10 The Office** (28:28) Það er komið að lokaþættinum að sinni. Öll útibú Dunder Mifflin koma saman á árlegum útivistardegi og þar hittast Michael og Holly á ný.

▶**20.35 Parks & Recreation** (2:13) Leslie og Tom komast að því að einhver er að rækta marijúana innan um grænmetisræktunina í gamla forarpittinum.

**21.00 Royal Pains** (4:13) Sonur þingmanns veikist alvarlega en mamma hans vill ekki senda hann á spítala.

**21.50 Law & Order** (3:22) Fontana og MCoy eltast við mann sem talið er að hafi myrt unga stúlku fyrir áratug.

**22.40 Heroes** (12:19) Noah fær óvænta heimsókn og Peter reynir allt til að losa sig við Sylar og vekja Nathan aftur til lífsins.

**23.25 Jay Leno**

**00.10 The Good Wife** (18:23) (e)

**01.00 King of Queens** (10:24) (e)

**01.25 Worlds Most Amazing Videos** (13:13)

**02.15 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Bjögólfur Jóhannsson forstjóri Icelandair Group.

**21.00 Eitt fjall á viku** Seinni þáttur um göngu um Dyrfjöll við Borgarfjörð Eystri

**21.30 Eldhús meistaranna** Magnús Ingi Magnússon mætir í eldhúsið á Veitingahúsinu Panorama.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




vodafone

# 0 kr. í alla heimasíma á Íslandi – ekkert upphafsgjald

Viðskiptavinir sem eru með allt sitt í Vodafone Gull hringja fyrir 0 kr. úr heimasíma í alla heimasíma á Íslandi, án þess að greiða sérstakt upphafsgjald.

Hafðu þetta einfalt – komdu til Vodafone.

power to you

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 19.50

### Matarást með Rikku

Rikka sækir heim þjóðþekkta Íslendinga, sem eiga það sameiginlegt að eiga í misjafnlega löngu en í öllum tilfellum alveg eldheitu ástarsambandi við matargerð. Rikka mun fylgjast með þessum sælkerum undirbúa eitt af sínum margrómuðu matarboðum. Í kvöld sækir Rikka heim matreiðslugúrú Íslands, Nönnu Rögnvaldardóttur, sem mun galdra fram hörpudisk og marokkóskar kjötbollur.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
## Háskóli unga fólksins

### Sjónvarpið kl. 19.25

Sjónvarpið sýnir þátt um Háskóla unga fólksins sem hefur verið starfræktur hvert sumar frá árinu 2004 hjá Háskóla Íslands. Þá gefst grunnskólanemum á aldrinum 12 til 16 ára kostur á að fá innsýn í undraveröld vísindanna og boðið er upp á stutt og markviss námskeið af öllum fræðasviðum þar sem áherslan er á fjör og fræði.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Guðfræðingur á forsetastóli
**09.03** Chopin - Á 200 ára afmæli píanóskálds
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**11.00** Guðsþjónusta í Áskirkju
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Istanbúl - borg höfuðskepnanna
**14.00** Niels-Henning og söngvararnir
**15.00** Hugmyndahús háskólanna
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Árstíðirnar fjórar
**17.30** Klukkur yfir borginni
**18.00** Kvöldfréttir
**18.17** Dyndilyndi
**18.50** Veðurfregnir
**19.00** Óperukvöld Útvarpsins: La Sonnambula
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Leikritakvöld Útvarpsins: John Gabriel Borkmann
**23.30** Anímónan blá
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

▶**20.15 Gilmore Girls** (18:22) Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory. Þar rekur hún gistiheimili og hugsar vel um vini og vandamenn.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Friends** (5:24) Rachel og Ross fara til dómara til þess að láta ógilda hjónabandið sem neitar að verða við ósk þeirra. Þau neyðast því til að fara til lögfræðings til þess að fá skilnað.

**21.50 Grey's Anatomy** (21:24) Sjötta sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.

**22.35 Ghost Whisperer** (14:23) Spennuþáttur með Jennifer Love Hewitt í hlutverki sjáandans Melindu Gordon sem rekur antikbúð í smábænum Grandview. Hún á þó erfitt með að lifa venjulegu lífi þar sem hún draugar birtast henni öllum stundum.

**23.20 The Doctors**

**00.05 Gilmore Girls** (18:22)

**00.50 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndaáhugamenn.

**01.20 Fréttir Stöðvar 2**

**02.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.10** The Vicar Of Dibley **12.40** My Hero **13.10** My Hero **13.40** Absolutely Fabulous **14.10** Absolutely Fabulous **14.40** Hustle **15.30** The Inspector Lynley Mysteries **16.15** EastEnders **16.45** The Weakest Link **17.30** Absolutely Fabulous **18.00** The Visit **18.30** Spooks **19.20** State of Play **20.10** The Visit **20.40** Strictly Come Dancing **22.10** Robin Hood **22.55** The Visit **23.25** Spooks

## DR 1

**12.55** HåndboldEkstra **15.00** Spise med Price **15.30** Fandango **16.00** Når elefantungen melder sin ankomst **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Den store dag **18.00** Jamie Olivers Amerika **19.00** TV Avisen **19.10** SportNyt **19.20** Pelle erobreren **21.45** Kinamand **23.15** Kroniken

## NRK 1

**12.40** Lovsang fra kirkeruiner **13.10** Vår mann i Kirkenes **14.10** Bokprogrammet **14.40** Blomstershow i Chelsea **15.45** Verdensarven **16.00** Åpningskonsert i Oslo domkirke **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **18.20** Glimt av Norge **18.35** Den unge Jane Austen **20.30** 4·4·2 **21.00** Kveldsnytt **21.15** Heksedansen **22.00** Mesternes mester **23.00** Bruce Springsteen - en drom av en artist **23.30** Blues jukeboks

## SVT 1

**13.00** Inför Eurovision Song Contest 2010 **14.00** Rapport **14.05** Fråga doktorn **14.50** K-märkta ord **14.55** Så ska det låta **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Kronprinsparets nya hem **17.15** AB Svenska ords klassiker **17.30** Rapport med A-ekonomi **17.55** Regionala nyheter **18.00** Mitt i naturen **18.30** Landgång **19.00** Plus **19.30** Debatt valspecial **20.45** Ouppklarat **21.15** Uppdrag Granskning **22.15** True Blood **23.10** Manhattans textilindustri förr och nu


EKKERT VENJULEGT SUMAR



**SkjárEinn** býður þér glæsilegt úrval af íslensku og erlendu sjónvarpsefni á sérlega hagstæðu verði. Ef þú missir af uppáhaldsþættinum þínum á SkjáEinum getur þú horft á hann hvenær sem þér hentar með **SkjáFrelsi**. Áskriftin færir þér aðgang að þúsundum nýrra og klassískra bíómynda í **SkjáBíói** og frábæru úrvali af ókeypis barnaefni. Ofan á allt saman getur þú valið á milli mismunandi pakka af heimsklassa skemmtun, fræðslu og fréttum með yfir **60 erlendum sjónvarpsrásum**.

EKKERT VENJULEGT SJÓNVARP




SkjárBíó VOD, SkjárFrelsi og SkjárHeimur er aðgengilegt um Sjónvarp Símans. Með Digital Ísland+ fæst aðgangur að SkjáEinum og SkjáFrelsi.

## SJÓNVARPSÞÁTTURINN



*„Uppáhaldssjónvarpsþátturinn minn núna er How I Met Your Mother vegna þess að aðalpersónurnar í þáttunum eru svo yndislega breyskar, skemmtilegar og bilaðar.“*

Marsibil Sæmundsdóttir, kvikmyndaskólanemi og varaborgarfulltrúi.

# Í hópi áhugaverðustu framleiðendanna

Davíð Óskar Ólafsson, einn af eigendum framleiðslufyrirtækisins Mystery Island, hefur verið valinn sem fulltrúi Íslands í Producers on the Move. Hópurinn er valin af EFP og fá viðkomandi að kynna sjálfa sig og verkefni sín á kvikmyndahátíðinni í Cannes sem hófst í gærkvöldi. Mikið verður um dýrðir við hvítar strendur frönsku rívíerunnar en opnunarmyndin er Hrói höttur eftir Ridley Scott með Russell Crowe í aðalhlutverki.

Davíð segir þetta vera frábært tækifæri fyrir sig, fyrirtækið með nokkur verkefni á teikniborðinu sem komin séu mislangt á leið. „Við ætlum að reyna að kynna þau fyrir þessu fólk og vonandi kemur eitthvað gott út úr þessu,“ segir Davíð en Árni Filippusson, meðeigandi hans að Mystery Island, ætlar einnig að fara út til Frakklands.

Dagskráin er nokkuð stíf hjá Davíð því fyrst er kvöldmatur með hópnum og svo nánast stanslaus fundarhöld með hinum og þessum aðilum sem tengjast kvikmyndabransanum. „Við höfum ekki farið áður til Cannes, vorum hins vegar saman í Toronto að kynna Sveitabrúðkaup. En mér skilst að það sé allt annað andrúmsloft þarna enda ein stærsta, ef ekki stærsta, kvikmyndahátíð í heimi. Þess vegna er líka svo gott að hafa þennan Producers on the Move-hóp upp á að hlaupa því annars er svo hætt við að maður týnist hreinlega í mannhafinu,“ segir Davíð. Hann óttast þó ekki að verða veðurtepptur þótt askan úr Eyjafjallajökli sé aftur farin að stríða flugfélögum. „Nei, við fljúgum til Danmerkur og gistum þar eina nótt. Ef allt verður stopp þá er það bara plan B: að taka á sig sextán tíma bíltúr frá Danmörku til Cannes.“ **- fgg**



**FLOTT TÆKIFÆRI** Davíð Óskar Ólafsson fær að kynna sig og sín verkefni á kvikmyndahátíðinni í Cannes.



**LÁRÉTT 2.** jurt, **6.** í röð, **8.** styrkur, **9.** fugl, **11.** dreifa, **12.** lítið glas, **14.** stærðfræðitákn, **16.** í röð, **17.** ról, **18.** gubb, **20.** ung, **21.** glufa.

**LÓÐRÉTT 1.** samtals, **3.** guð, **4.** umtal, **5.** slagbrandur, **7.** andóf, **10.** mánuður, **13.** dvelja, **15.** greinilegur, **16.** persónufornafn, **19.** frá.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gras, **6.** lm, **8.** afl, **9.** lóm, **11.** sá, **12.** staup, **14.** mínus, **16.** bæ, **17.** ark, **18.** æla, **20.** ný, **21.** rifa. **LÓÐRÉTT: 1.** alls, **3.** ra, **4.** afspurn, **5.** slá, **7.** mótmæli, **10.** maí, **13.** una, **15.** skýr, **16.** bær, **19.** af.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 10

1. Fá sex menn samkvæmt könnuninni.
2. Maxí popp er fjórutíu ára.
3. Arnar Sveinn Geirsson.

Rakarastofan Klapparstíg
FUDGE IMAGE
Klapparstíg 29 • Sími 551 3010




FUDGE IMAGE
Hárgreiðslustofan Klapparstíg



**ÚTVISTARPAR** Halldór og Hera Björk eru dugleg að ganga á fjöll og sjást hér í einni af sínum göngum. Halldór verður að sjálfsögðu í Ósló þegar Hera tekur þátt í undankeppni og úrslitum Eurovision.

HALLDÓR EIRÍKSSON: SMITAÐUR AF EUROVISION-BAKTERÍUNNI

# Maður Heru mikið spurður út í Eurovision-kjólinn

„Auðvitað smitast maður af þessu. Núna er maður á ári eitt í Eurovision,“ segir Halldór Eiríksson, rekstrarhagfræðingur í innkaupadeild álversins í Reyðarfirði. Hann er unnusti Heru Bjarkar, fulltrúa Íslands í Eurovision, og stendur að sjálfsögðu þétt við bakið á sinni konu.

Halldór viðurkennir að hafa verið laumuaðdáandi Eurovision, rétt eins og flestir Íslendingar. „Allir á Íslandi hafa gaman af Eurovision og það er virkilega forvitnilegt að kynnast þessari keppni og undirbúningnum fyrir hana í svona nálægð,“ segir Halldór en þeir sem hafa farið á Eurovision-keppni segja þetta einstaka upplifun og margir eiga hreinlega ekki afturkvæmt úr Eurovision-æðinu. „Nei, þetta virðist vera einstakt karnival,“ segir Halldór.

Eurovision-hópurinn heldur til Ósló á laugardaginn en töluverð óvissa ríkti um hvort treysta ætti á að flugleiðir væru opnar vegna eldgossins í Eyjafjallajökli. Í gær var svo tekin ákvörðun um að fljúga og Halldór vonar að veðurguðirnir verði íslenska hópnum hliðhollir. „Annars fannst mér á þeim að þau væru bara til í allt, hvort sem það væri sigling með Norrænu eða eitthvað annað. En það er vissulega betra að fara flugleiðina og koma óþreytt út,“ segir Halldór en hann hefur mátt verjast spurningum frá samstarfsfólki sínu sem vilja vita allt um hvernig undirbúningurinn gangi. „Ég á voðalega bágt með mig, má ekkert segja en fæ margar spurningar, hvernig kjóllinn líti út og svo framvegis. Það sýna þessu allir mikinn áhuga,“ segir Halldór sem fer sjálfur til Noregs og verður í Ósló þegar undanúrslitin hefjast á þriðjudeginum. Og að sjálfsögðu einnig þegar úrslitakvöldið verður en Halldór er handviss um að Hera komist þangað.

Í viðtali við Séð og heyrt fyrir skömmu viðurkenndi Hera Björk að Halldór væri einn af fáum sem hefði þorað að syngja fyrir hana. „Já, maður er svolítið skúffaður yfir því að hafa ekki komist í bakraddirnar, maður bregður kannski fæti fyrir einhverjum af bakröddunum,“ segir Halldór og hlær.

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Baltasar Kormákur** er í ítarlegu viðtali við spænsku vefsíðuna hoycinema þar sem hann ræðir um Reykjavík-Rotterdam og önnur verkefni sem hann hefur í farvatninu. Baltasar nefnir það meðal annars að tökur á endurgerð Reykjavík-Rotterdam með Mark Wahlberg í aðalhlutverki eigi að hefjast í haust og að tökurnar fari fram við Mississippi-fljótið, New Orleans og Panama auk Chicago.



Og ef marka má bandarísku slúðurpressuna þá mega aðdáendur Bachelorette eiga von á mikilli dramatík. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá var einn þáttur tekinn upp hér á Íslandi. Eftir því sem fram kemur á erlendum vefsíðum þá virðist einn piparsveinanna eiga kærustu fyrir sem ryðst inn í sjónvarpsútsendinguna og afhjúpar maka sinn. **Ali Fedotowsky** og níu vonbiðlar hennar drukku í sig rómantískar stundir á Íslandi og það verður forvitnilegt að sjá hvernig landið kemur út en fyrsti þátturinn fer í loftið þann 24. maí.



**Gunnar Hansson** og félagar hafa dvalið í London undanfarna daga þar sem þeir tóku upp efni fyrir væntanlega sjónvarpsþætti um Frímann Gunnarsson með breska grínistanum Matt Berry. Tökur hafa gengið vel og Berry er að sögn félaganna yndislegur maður. Ragnar Hansson, bróðir Gunnars, leikstýrir þáttunum, en í tökuliðinu er einnig hinn stimamjúki Birgir Ísleifur, söngvari og stofnfélagi Rod Stewart-klúbbsins In Rod We Trust ásamt Daníel Ágústi og Krumma í Mínus. **- fgg, afb**






# Stór munur á sigri og jafntefli

„Við urðum að loka fyrir að menn gætu lagt undir á sigur Hauka rúmri einni og hálfri klukkustund fyrir leik. Það voru ansi margir sem virtust reiðubúnir til að leggja sitthvað undir á slík úrslit,“ segir Hjörvar Hafliðason, stuðlameistari hjá Íslenskum getraunum. Mikla athygli vakti að stuðullinn á sigur Hauka gegn KR í Frostaskjólinu á Lengjunni var sextán, sem þýddi að viðkomandi fengi upphæðina greidda sextánfalt tilbaka ef svo ólíklega vildi til að Haukarnir merðu sigur. Algengur stuðull á útilið er á bilinu 3-5.

Fjölmargir voru spenntir fyrir því að tippa á einhver óvæntustu úrslit íslenskrar knattspyrnusögu en Hjörvar segir stuðulinn enga tilviljun. Svipaður stuðull hafi verið notaður í leik Chelsea og Wigan í lokaumferð ensku úrvalsdeildarinnar um síðustu helgi. Chelsea vann leikinn 8-0. Fyrstu sjötíu mínúturnar í Frostaskjólinu bentu til þess að stuðull lengjunnar hefði átt rétt á sér, Vesturbæjarstórveldið lék við hvurn sinn fingur, skoraði tvö mörk og skapaði urmulinn allan af dauðafærum. Allt kom fyrir ekki og Haukarnir náðu að jafna leikinn skömmu fyrir leikslok og voru raunar hársbreidd frá því að stela sigrinum. Stuðullinn á jafntefli var hins vegar „bara“ fjórir enda segir Hjörvar stóran mun á sigri og jafntefli og það hafi í raun aldrei farið um hann eftir að Haukarnir jöfnuðu.



**KOM NOKKUÐ Á ÓVART** Hjörvar Hafliðason setti stuðulinn sextán á sigur Hauka gegn KR í Frostaskjólinu. Haukar náðu jafntefli og hefðu getað sigrað. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hjörvar segir úrslitin frá því á þriðjudagskvöld ekki breyta því að stuðullinn á Hauka verði sem fyrr mjög hár, í kringum sextán, enda er næsti leikur nýliðanna gegn hinum fornu fjandmönnum þeirra úr Hafnarfirði, sjálfum Íslandsmeisturunum í FH. **- fgg**

# Forskot í samkeppni



Nýjustu upplýsingar eru forsenda réttra ákvarðana.

Lykilupplýsingar sem veita heildarsýn yfir reksturinn tryggja viðskiptavinum samkeppnisforskot.

MARITECH SÉRHÆFIR SIG Í VIÐSKIPTAHUGBÚNAÐI FYRIR ALLAR GERÐIR FYRIRTÆKJA.

Vert markaðsstofa

Maritech | Borgartúni 26 | Reykjavík | Sími: 545 3200

maritech

www.maritech.is

- tryggir þér samkeppnisforskot

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



RÓMEÓ OG JÚLÍA
Vesturport
Takmarkaður sýningafjöldi
Miðasala er hafin!
Borgarleikhúsið


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Stóri bróðir á bekknum

Poppstjarnan **Ingólfur Þórarinsson**, Ingó veðurguð, spilaði fyrsta úrvalsdeildarleikinn sinn með Selfossi á þriðjudag. Hann kom reyndar ekki inn á fyrr en á 87. mínútu, en litli bróðir hans, hinn stórefnilegi Guðmundur Þórarinsson, spilaði allan leikinn. Eins og stóri bróðir hefur Guðmundur lagt sönginn fyrir sig samhliða fótboltanum og sigraði t.d í söngkeppni Fjölbrautaskóla Suðurlands fyrir tveimur árum og hann kemur reglulega fram á Selfossi ...-afb



### Með stjörnum í Los Angeles

**Gísli Örn Garðarsson** hefur ákveðið að vera viðstaddur sérstaka hátíðarsýningu kvikmyndarinnar Prince of Persia: Sands of Time í Los Angeles á mánudagskvöld. Það eru AFI, bandarísku kvikmyndasamtökin, sem standa að sýningunni en henni er ætlað að heiðra framleiðandann Jerry Bruckheimer fyrir vel unnin störf. Gísli fer sem kunnugt er með stórt hlutverk í myndinni og var hann viðstaddur frumsýninguna í London um síðustu helgi. Ekki hafði verið ráðgert að Gísli færi til LA og hefur þessi för hans riðlað sýningarplani á Rómeó og Júlíu í Borgarleikhúsinu. Magnús Geir Þórðarson og hans fólk í Borgarleikhúsinu brugðust skjótt við þessum tíðindum og fluttu sýningu sem átti að vera 18. maí til 1. júní. Því getur Gísli skemmt sér í rólegheitum með stórkanónum á borð við Bruce Willis, Eddie Murphy og Orlando Bloom. - fgg



## Mest lesið VÍSIR.IS

1. Sigurður á lista yfir eftirlýsta glæpamenn
2. Sumarhús Björgólfs í Portúgal til sölu
3. Rússar telja sjóræningja réttdræpa - skildu tíu eftir...
4. Kemur ekki ótilneyddur
5. „Kærðu mig líka, Ásta"


Vesturport
RÓMEÓ OG JÚLÍA
Tryggðu þér miða á eina af rómuðustu sýningum Vesturports
Takmarkaður sýningafjöldi
Miðasala er hafin!
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið

Íslenskir tómatar í nýjum umbúðum

Nú hafa íslenskir tómatbændur pakkað afurðum sínum í nýjar, endurvinnanlegar umbúðir sem hafa að geyma upplýsingar um tegund og ræktendur ásamt uppskriftum og ýmsum fróðleik. Með þessu vilja íslenskir tómatbændur tryggja að neytendur séu fróðari um tómata, hollustu þeirra og uppruna.






**Konfekttómatar**
eru mjög bragðgóðir, sætir og mildir. Þeir eru minni en hefðbundnir tómatar en stærri og kjötmeiri en kirsuberjatómatar. Konfekttómatar sem og aðrir tómatar eru einnig holt og gott snakk.

**Kirsuberjatómatar**
eru smávaxnir, bragðmiklir og sætir. Þeir henta mjög vel til að bragðbæta og skerpa salöt. Upphaflega voru tómatarnir mun minni en þeir eru í dag eða á stærð við kirsuber og þaðan er nafnið komið.

**Heilsutómatar**
innihalda þrefalt meira magn af lýkópeni sem er í flokki karótínóíða. Það gefur tómötum rauða litinn og er einnig öflugt andoxunarefni. Heilsutómatar eru ræktaðir bæði stórir og smáir.

**Plómutómatar**
einkennast af góðu, kröftugu bragði. Þeir eru kjötmiklir og henta því vel í salöt, sem álegg og í hvers konar matreiðslu. Lögun plómutómata gerir þá ennfremur frábrugðna öðrum tómötum í útliti.

**Íslenskir tómatar**
eru einstaklega bragðgóðir og spila stórt og mikilvægt hlutverk í hvers konar matargerð. Bragðgæði allra íslenskra tómata eru m.a. tilkomin af því að þeir fá að fullþroskast á plöntunni.




Endurvinnanlegar umbúðir
LÍFRÆNAR VARNIR VIÐ RÆKTUN
VISTVÆN LANDBÚNAÐARAFURÐ
íslenskt grænmeti